



Starfsfólk Reykjavíkurborgar stóð sig frábærlega við vorverkin í Hljómskólagarðinum í gær. Búast má við veðurblíðu um allt land í dag og næstu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Spari tugi milljóna á færri ferðum

Mikil notkun á fjarfundabúnaði mun fækka viðskiptaferðum. Fjarfundir koma ekki í stað funda þar sem fólk hittist eða vörusýninga.

helgivyfill@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki horfir til þess að spara um 30 til 60 milljónir á ári með því að fækka viðskiptaferðum til útlanda eftir að Covid-19 er að baki. Þetta segir Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka.

Birna segist sjá fram á verulega breytingu á fundarhöldum og ráðstefnusókn í ljósi þess hve mikið fyrirtæki hafi aðlagð sig fundum á netinu vegna Covid-19. Hún nefnir þó að fjarfundir komi ekki í stað tengslamyndunar.

Andri Þór Guðmundsson, for-

stjóri Ölgerðarinnar, segir að fyrirtækið stefni á að fækka utanlandsferðum talsvert á þessu ári miðað við fyrir farsóttina. „Auðvitað er langt í frá að fjarfundir komi í stað funda og þaðan af síður vörusýninga. Það má líka reikna með því að uppsöfnuð þörf sé á að hitta erlenda viðskiptavinum og birgja augliti til auglitis. Stundum vegna manna-breytinga og stundum vegna viðkvæmra samninga þar sem betra er að vera á staðnum,“ segir hann.

Sveinn Sölvason, fjármálastjóri Össurar, segir að reynsla starfsmanna af því að nota fjarfundabúnað hafi verið góð undanfarið ár. „Við teljum að við getum fækkað ferðalögum sem tengjast ekki viðskiptavinum okkar talsvert og munum nota fjarfundi meira en áður fyrir fundi innanhúss,“ segir hann.



Við sem erum í alþjóðaviðskiptum munum áfram ferðast mikið, jafnvel þótt eðli ferðanna breytist að einhverju marki.



Bjarni Ármannsson, forstjóri Iceland Seafood International.

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, telur að vinnutengdar ferðir í atvinnulífinu verði almennt færri en fyrir farsóttina. „Sérstaklega held ég að styttri ferðum til að sækja aðeins einn eða tvo fundi eigi eftir að fækka. Atvinnulíf um heim allan hefur vanist fjarfundum og upplifað gagnsemi þeirra og skilvirkni og því mun fjölga þeim tilfellum þar sem ferðalögin eru talin óþörf.“

Bjarni Ármannsson, forstjóri Iceland Seafood International, telur að þörf fólks í viðskiptum til að hittast á nýjan leik þegar Covid-19 sé að baki verði mikil fyrst um sinn. „Við sem erum í alþjóðaviðskiptum munum áfram ferðast mikið jafnvel þótt eðli ferðanna breytist að einhverju marki,“ segir hann. ■

SJÁ MARKAÐINN

## Verð á eldislaxi fer hækkandi


thg@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Verð á eldislaxi hefur hækkað skarpt á öðrum ársfjórðungi, að sögn Kjartans Ólafssonar, stjórnarformanns Arnarlax. Eftir að hafa nálgast 15 ára lágmark í upphafi þessa árs í kringum 40 norskar krónur á kíló hefur markaðurinn hjarnað við. Stendur verðið nú í 60 til 70 norskum krónum. Það samsvavar um 1.000 íslenskum krónum. Til samanburðar er það um tvöfalt hærra verð en fæst nú fyrir eitt kíló af slægðum þorski – sem er þó hátt um þessar mundir. Rekja mátti lágt verð á eldislaxi til heimsfaraldursins, að sögn Kjartans. Eftirspurn er nú byrjuð að taka við sér, en að sama skapi er talið að framboð muni haldast stöðugt út árið. ■ SJÁ MARKAÐINN

TM

Það besta í lífinu er byggt á öryggi

Hugsum í framtíð



Hitaspáin klukkan fjögur í dag.

## Hlýnandi veður á öllu landinu í dag

birnadrofn@frettabladid.is

**VEÐUR** Spáð er allt að 18 stiga hita á landinu í dag. Hlýjast á Norðurlandi. Búast má við suðaustan kalda eða strekkingi á suðaustanverðu landinu í dag en bjart veður með köflum á suðvestanverðu landinu. Hægari vindur og víða léttskýjað annars staðar.

Líkur eru á þokulofti við norðvesturströndina þegar líður á daginn. Það hlýnar heldur, en hitinn skriður líklega yfir 15 stig í flestum landshlutum.

Í tilkynningu frá almannavörnum segir að enn sé hættustig vegna gróðurelda á höfuðborgarsvæðinu. „Þrátt fyrir nokkra úrkomu um helgina sem var kafaskipt var hún því miður ekki alls staðar og er til dæmis enn þá mikill þurrkur í Heiðmörk,“ segir í tilkynningunni.

Þá er einnig áframhaldandi hættustig á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og í Austur-Skaftafellssýslu. Áfram er óvissustig vegna gróðurelda á Suðurnesjum. Árnassýsla og Rangárvallasýsla fara einnig á óvissustig. ■

## Grimuskyldunni aflétt



Í gær var fyrsti grimulausi dagurinn í langan tíma. Meðal þeirra sem mega nú fella grimuna er starfsfólk Landspítalans, starfsfólk verslana og viðskiptavinir. Það var létt yfir viðskiptavinum Krónunnar á Granda í gær. Fyrir miðri mynd eru feðginin Halldór Svavar Sigurðsson og Katrín Eva Halldórsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Aðeins má brenna látna frá sjö til þrjú

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Bálstofa Kirkjugarða Reykjavíkur, sú eina hér á landi, má aðeins framkvæma að hámarki 1.100 bálfarir á ári af umhverfis-ástandum, árið 2020 voru framkvæmdar hartær 1.000 slíkar.

Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkur, segir að heilbrigðiseftirlitið sé aðeins að vinna vinnuna sína samkvæmt starfsleyfinu sem gildir til 2033.

Samkvæmt nýju starfsleyfi má nú aðeins brenna látna frá klukkan 7 á morgnana til klukkan 15 virka daga.

Bálstofan var opnuð 1948 og er hlutfall bálfara af heildartölu látinna, sem voru með búsetu á Íslandi, komið í um 43 prósent á landsvísi og um 54 prósent af jarðsetningum hjá höfuðborgarþéttum. „Þetta er svolítill skerðing á því



Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkur.

hvenær við getum brennt en við höfum ekki brennt alla daga. Ef í harðbakkann slær verður að rýmka því eftirlitið gerir sér væntanlega grein fyrir eins og allir aðrir að það er ekki hægt að stöðva bálfarir – það er útilokað mál,“ segir Þórsteinn.

Í fyrra létust 2.303 einstaklingar hér á Íslandi.

„Önnur hver útför er bálfor þannig að þú getur rétt ímyndað þér ef það ætti að stoppa það af. Það stendur held ég ekki til hjá heilbrigðiseftirlitinu.“ ■

# Kastljós fjölmiðla um allan heim beindist að Íslandi

Um hvítasunnuhelgina var Ísland svo sannarlega til umfjöllunar um allan heim. Eldgosið var sýnt í 60 mínútur, League of Legends mótinu lauk og Daði og Gagnamagnið slógu í gegn í Eurovision.

benediktboas@frettabladid.is

**LANDKYNNING** Um hvítasunnuhelgina beindist kastljós fjölmiðla um allan heim að litla Íslandi svo um munaði. Bandaríkin fengu eldgosíð beint í æð frá 60 mínútum, Eurovision fór mjúkum höndum um land og keppendur. Asía fylgdist spennu með rafíþróttamóti í Laugardalshöll og Rúrik Gíslason og Natan Dagur Benediktsson juku hróður landsins í raunveruleikasjónvarpi í Þýskalandi annars vegar og Noregi hins vegar.

Athyglina sem landið fékk um helgina er varla hægt að meta í krónum að sögn Hildar Bæringsdóttur, verkefnastjóra hjá Íslandsstofu, sem hefur haft rafíþróttamótið á sinni könnu undanfarna mánuði.

Fréttaskýringaþátturinn 60 mínútur fjallaði um eldsumbrotin í Geldingadöllum á sunnudag sem um 10 milljónir manna horfðu á samkvæmt fyrstu mælingum. Fréttamaðurinn Bill Whitaker gerði gosinu góð skil og vildi edlilega helst ekki fara frá sjónarspilinu.

Þá vakti frammistaða Daða og Gagnamagnsins í Eurovision eftirtekt enda var brotið blað í sögu keppinnar þar sem Daði tók í rauninni varla þátt enda í sóttkví á hótellherbergi sínu. Fjölmiðlar um alla Evrópu fjölluðu um Gagnamagnið og landið af miklum myndarskap. Um 180 til 200 milljónir manna hafa horft á Eurovision undanfarin ár.

Rúrik Gíslason komst í úrslit á Lets Dance í Þýskalandi með



Team Royal Never Give Up með bikarinn eftir sigur í League of Legends Mid-Season Invitational sem lauk á sunnudag. Um 100 milljónir manna fylgdust með keppinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Í áætlun Riot Games var búist við að í það minnsta 100 milljónir horfi á það efni sem framleitt var hér á landi í tengslum við mótið í League of Legends og Valorant.

mjödumunum og Natan Dagur Benediktsson hefur sungið sig inn í úrslitin í The Voice í Noregi.

Fyrir utan alla samfélagsmiðlana þar sem eldgosamyndbönd frá tédum Geldingadöllum hafa tröllriðið Instagram, Twitter og Facebook undanfarnar vikur. Þá

komu Íslandsvinirnir, kvikmyndastjarnan Orlando Bloom og framleiðandinn Mark Burnett, sem á hugmyndina að Survivor, The Shark Tank og The Apprentice, í ferð sem þeir hafa gert góð skil á samfélagsmiðlum. Þeir skíðuðu niður brekkur á Norðurlandi og skelltu sér í hella-sköðun í Lofthelli í Mývatnssveit.

Þó að League of Legends sé lokið eru augu þeirra sem fylgjast með rafíþróttum ekki farin af Íslandi því um leið og mótið kláraðist hófst nýtt mót sem kallast Valorant. „Fyrir utan ásýndina sem við fengum með að halda mótið hér á landi vorum við með tvær auglýsingar í úrslitaleiknum í League of Legends. Annars vegar Work in Iceland í ensku útsendingunni en einnig Visit Iceland í þeirri ásísku. Ég vil meina að þetta sé eins og að vera með Justin Bieber-tónleika á hverjum degi í fimm vikur – en þó án áhorfenda,“ segir Hildur. ■

## Allt fyrir veisluna á einum stað

Skraut, borðbúnaður, búningar og tækjaleiga



**PARTYBUDIN**

FAXAFEN 11, 108 REYKJAVÍK, S: 534-0534

**WWW.PARTYBUDIN.IS**

LAND ROVER DISCOVERY SPORT

# UPPGÖTVAÐU HRÍFANDI NÝJUNGAR



ABOVE & BEYOND

landrover.is



Bill á mynd er Discovery Sport HSE

## NÝTT ÚTLIT, NÝ INNRÉTTING OG NÚ LÍKA PLUG-IN HYBRID

Land Rover Discovery Sport er einn glæsilegasti millistærðarjeppi sem völ er á. Nýtt útlit minnir á stóra bróður, sjálfan Discovery, og innréttingin er öll með glæsilegasta móti. Verið velkomin í reynsluakstur því sjón er sögu ríkari.

### LAND ROVER DISCOVERY SPORT

S DÍSil 163 hestöfl, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn. Verð: 9.290.000 kr.  
S PHEV 309 hestöfl, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn. Verð: 9.990.000 kr.

### LAND ROVER

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK  
SÍMI: 525 6500



ENNEMM / SIA / NMOO6031

# Óánægjudeildin tvístraðist í atkvæðagreiðslunni

kristinnhaukur@frettabladid.is

**STJÓRN MÁL** Fjölmiðlafrumvarp Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra var samþykkt í gær með 34 atkvæðum gegn 11. Þá sátu 12 þingmenn hjá við atkvæðagreiðsluna. Með frumvarpinu fá einkareknir fjölmiðlar beina ríkisstyrki fyrir tvö rekstrarár.

Flestir þingmenn ríkisstjórnarflokkanna og Samfylkingar kusu með frumvarpinu, þingmenn Miðflokks og Flokks fólksins á móti en

þingmenn Viðreisnar og Pírata sátu hjá.

Óánægjudeild Sjálfstæðisflokksins tvístraðist í atkvæðagreiðslunni. Páll Magnússon og Ásmundur Friðriksson kusu með, Sigríður Andersen á móti en Óli Björn Kárasón, Brynjar Nielsson og Jón Gunnarsson skiludu auðu.

„Ég ætlaði nú ekki að stoppa stjórnarfrumvarpið. Ég hélt ræðu og vildi að frumvarp okkar Óla Björns um RÚV yrði tekið með inn í heildstæða umræðu um fjöl-



Óli Björn og Brynjar sátu hjá.

miðlaumhverfið,“ segir Brynjar. En frumvarp þeirra laut að því að taka RÚV af auglýsingamarkaði í tveimur skrefum.

Brynjar segist geta sætt sig við þessa lausn til skamms tíma. Einnig að ekki verði hjá því komist að fara í endurskoðun á hlutverki RÚV til að búa til eðlilegt rekstrarumhverfi fyrir einkarekna fjölmiðla.

Í ræðu fyrir atkvæðagreiðsluna sagði Lilja Alfreðsdóttir löggin vera söguleg og langþráð. „Það er fagnadarefni að þessum áfanga sé náð,

jafnvel þótt hann kunni að vera sá fyrsti af mörgum til að efla íslenska fjölmiðla. Fyrirmyndin er norræn. Í Finnlandi, Noregi og Danmörku eru veittir beinir ríkisstyrkir til fjölmiðla,“ sagði hún.

„Um leið og menn samþykkja svona frumvarp er alltaf hætt á að þessi leið beinna ríkisstyrkja festist í sessi,“ segir Brynjar. „Svo kemur að því að framlögin duga ekki lengur til að halda lífinu í fjölmiðlum og þá kemur krafan um hærri styrki.“ ■

## Íslenskir karlar með lengstar lífslíkur í Evrópu

thorgrimur@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Lífslíkur Íslendinga eru með þeim lengstu í Evrópu. Þetta kemur fram í mælingum Hagstofu sem birtar voru í gær. Í mælingunum sést að meðalævilengd íslenskra karla hafi verið 81,2 ár árið 2020 og meðalævilengd kvenna 84,3 ár. Hjá körlum er þetta rúmlega sex ára aukning frá árinu 1988 en fjögurra ára hjá konum.

Ísland er í fyrsta sæti ásamt Sviss í mælingum á lífslíkum evrópskra karla á árunum 2011 til 2020. Konur í sex Evrópuríkjum, á Spáni, Frakklandi, Sviss, Ítalíu, Liechtenstein og Lúxemborg, mælast þó lífseigari en hinar íslensku.

Ísland er í 6. sæti á lista þeirra landa sem best hafa komið út úr kórónaveirufaraldrinum á eftir Noregi, Finnlandi, Danmörku, Lettlandi og Kýpur. ■

## Ferðagjöf aftur í boði í sumar

thorvaldur@frettabladid.is

**STJÓRN MÁL** Frumvarp um endurnýjun ferðagjafarinnar var samþykkt á Alþingi í gær. Um er að ræða sama fyrirkomulag og í fyrra og munu einstaklingar geta sótt andvirði 5.000 króna og notað til að greiða fyrir ýmsa þjónustu viðs vegar um landið. Hægt verður að nota ferðagjöfina frá 1. júní 2021 til 31. ágúst 2021.

Ferðagjöf ársins 2020 var framlengd til og með maí 2021 en fellur niður 1. júní. ■

# Kynntu vindorkuver við strendur Íslands með sæstreng til Bretlands

Breskt orkufyrirtæki hefur kynnt áætlanir um að reisa vindmyllur við strendur Íslands. Þær yrðu tengdar við breska raforkukerfið með sæstrengjum. Fyrirtækið hefur ekki leitað til Orkustofnunar.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**UTANRÍKISMÁL** Breska fyrirtækið Hectate Independent Power, eða HIP, tilkynnti um helgina áætlanir um að reisa 10 gígavatta vindorkuver sunnan og austan við strendur Íslands. Vindmyllurnar yrðu tengdar við breska raforkukerfið með sæstreng.

Samkvæmt Jónasi Ketilssyni, staðgengli orkumálastjóra, hefur fyrirtækið ekki haft samband við Orkustofnun. „Það er ekki alveg ljóst hvaða reglur myndu gilda um vindorkuver úti á hafi. Þeir mættu allavega ekki setja þetta upp án okkar leyfis,“ segir hann. Gildir það hvort sem væri um vindmyllur í landhelgi eða efnahagslögsögu Íslands að ræða en nákvæm staðsetning kemur ekki fram hjá HIP.

HIP er dótturfélag bandaríska félagsins Hectate Holdings sem hefur unnið að ýmsum verkefnum í endurnýjanlegri orku viðs vegar um Bandaríkin síðan árið 2012, bæði vindorku og sólarorku. Dótturfélagið er nú þegar með fjögur verkefni í Bretlandi og stjórnarformaður þess er Sir Tony Baldry, fyrrverandi landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra.

Breska raforkukerfið er þegar tengt við vindmyllugarða á Írlandshafi og í Norðursjó. Hugmyndin með garðinum við strendur Íslands er að dreifa orkuöfluninni á mis-



Vindmyllur á vegum Breta í Írlandshafi. Þær eru festar við sjávarbotninn á allt að 80 metra dýpi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Þeir mættu allavega ekki setja þetta upp án okkar leyfis.



Jónas Ketilsson, staðgengill orkumálastjóra.

munandi vindakerfi. Það er, þegar blæs ekki á Írlandshafi eða Norðursjó gæti blásið við Ísland og öfugt.

Heildarkostnaður verkefnisins er sagður vera 30 milljarðar dollara, þar af fari tæplega 300 milljónir í að byggja upp nýja sæstrengsverksmiðju í norðausturhluta Englands. Myndi verkefnið í heildina því skapa 15 þúsund ný störf í Bretlandi. Kemur fram að vindorkugarðurinn verði aðeins tengdur við breska dreifikerfi raforku en ekki hið íslenska. Einnig að fyrstu myllurnar muni rísa árið 2025.

Engin fordæmi eru fyrir því að erlend ríki vinni orku í íslenskri efnahagslögsögu og tengi það við eigin raforkukerfi. Samkvæmt Jónasi hefur einnig aðeins eitt fyrirtæki

sótt um rannsóknarleyfi til þess að vinna raforku á hafi úti, hið íslenska North Tech Energy árið 2017, og er það leyfi nú runnið út.

„Í stjórnsýslunni kemur allt til greina og við skoðum málin eins og þau berast,“ segir Jónas aðspurður hversu fýsilegt þetta væri fyrir Ísland. „En við höfum aldrei tekið á sambærilegri beiðni. Það væri því margt sem þyrfti að skoða.“

Sjálfur segist Jónas hafa efasemdir um hagkvæmni þess sem HIP hefur kynnt. Sérstaklega í ljósi fjarlægðarinnar. „Vindorkuver á hafi úti hafa falinn kostnað því flutningskostnaðurinn upp á land er látinn berast af raforkukerfinu en ekki framleiðandanum,“ segir hann. ■



FRÉTTA VAKTIN

Fréttuumfjöllun fyrir alla

kl. 18.30 á virkum dögum

Fréttavaktin er fjölbreytt fréttuumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalsið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og [frettabladid.is](http://frettabladid.is)



HRINGBRAUT

# FERÐASUMARIÐ MIKLA

FRAMÚRSKARANDI  
ÞJÓNUSTA  
VIÐ BÍLAEIGENDUR OG  
BIFREIÐAVERKSTÆÐI

## FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÍLANAUST



FARANGURSBOX



PVERBOGAR



REIÐHJÓLAFESTINGAR



HLIÐARSPEGLAR



TRAPPA



DÚKUR Í FORTJALD



KÆLIBOX



BÓNVÖRUR



NEYSLUGEYMAR



HLEDSLUTÆKI



STRAUMBREYTI



DRÁTTARBEISLI

Allt fyrir bílinn á einum stað!



Á FULLRI FERÐ



RAFMAGNSVÖRUR



LOFTPRESSUR 12V

STÓRVERSLUN  
DVERGSHÖFDA 2  
110 REYKJAVÍK  
S. 535 9000

Vatnagarðar 12  
104 Reykjavík  
S. 535 9000

Dalshrauni 17  
220 Hafnarfirði  
S. 555 4800

Hafnargata 52  
260 Reykjanesbæ  
S. 421 7510

Hrísmýri 7  
800 Selfossi  
S. 482 4200

Furuvöllum 15  
600 Akureyri  
S. 535 9085

Sólvangi 5  
700 Egilsstöðum  
S. 471 1244

[www.bilanaust.is](http://www.bilanaust.is)

## Friðrik kjörinn formaður BHM

arib@frettabladid.is

**KJARAMÁL** Friðrik Jónsson var kjörinn formaður Bandalags háskólanna til tveggja ára í rafrænni kosningu sem lauk á hádegi í gær.

Friðrik, sem er formaður Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, tekur við sem formaður BHM á aðalfundi bandalagsins á morgun. Hann hlaut tæp 70 prósent atkvæða í kosningunni en Marianna H. Helgadóttir, formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga, hlaut rúm 30 prósent atkvæða.

Friðrik hefur starfað innan utarríkisþjónustu Íslands undanfarin 25 ár. ■

## Lést úr Covid-19

odduraevar@frettabladid.is

**COVID-19** Sjúklingur á sextugsaldri lést á Landspítala 22. maí síðastliðinn af völdum Covid-19. Samkvæmt Þórólfi Guðnasyni sóttvarnalækni hafði sjúklingurinn dvalið á Landspítalanum í rúman mánuð.

Alls hafa nú 30 manns látist af völdum kórónaveirunnar hér á landi. Einn er á sjúkrahúsi vegna Covid-19. Einn greindist með smit innanlands í fyrradag. Fækkað hefur verulega í einangrun og sóttkví síðustu daga. ■



Ásamt verslunum rekur ÁTVR vefverslun. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Nítján ára gat keypt vegna galla

arib@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Galli í forritun á vef Vínbúðarinnar varð til þess að einstaklingur undir 20 ára aldri gat keypt sér áfengi í gegnum vefverslunina. Fram kemur í tilkynningu frá ÁTVR að bedist sé afsökunar á mistökunum en viðkomandi hafi ekki verið búinn að fá áfengið afhent.

Arnar Sigurðsson vínkaupmaður lagði í útvarpsþættinum Sprengisandi á sunnudag fram kvittun sem sýndi fram á að nítján ára einstaklingur hefði keypt áfengi í vefverslun ÁTVR. Áfengisaldur er 20 ára. ■



Allra augu hafa beinst að Samherja og forstjóranum Þorsteini Má Baldvinsyni eftir fréttáflutning um meinta mútustarfsemi í Namibíu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Framgangan óboðleg og ólíðandi

Forsætisráðherra segir framgöngu Samherja óboðlega, óeðlilega og eiga ekki að líðast í lýðræðissamfélagi. Lögmaður segir fordæmi fyrir því að birta gögn sem kunni að hafa verið aflað með ólöglegum hætti.

thorgrimur@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** „Svona gera menn einfaldlega ekki,“ sagði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, í óundirbúnum fyrirspurnum á Alþingi, um framgöngu sjávarútvegsfyrirtækisins Samherja gegn fjölmiðlamönnum auk afskipta þess af prófkjöri Sjálfstæðisflokksins og formannskjöri í Blaðamannafélagi Íslands.

Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, vísaði í fréttáflutning Stundarinnar og Kjarnans þar sem birt er samskipti svokallaðar „skæruliðasveitar“ Samherja. Í sveitinni eru þau Þorbjörn Þórðarson, almannatengill og lögmaður, Arna Bryndís Baldvins McClure, lögmaður Samherja, og Páll Steingrímsson, skipstjóri hjá Samherja.

Aðspurð hvort hún telji lýðræðinu ógnað af vinnubrögðum Samherja sagði Katrín að framganga fyrirtækisins væri óboðleg, óeðlileg



**Svona gera menn einfaldlega ekki.**

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra.

og ætti ekki að líðast í lýðræðissamfélagi. „Þannig er það. Við þurfum að átta okkur á því að aðilar sem eru í forystu fyrir jafn stórt fyrirtæki og þarna er um að ræða bera ábyrgð gagnvart samfélagi sínu og þetta er ekki að bera ábyrgð gagnvart samfélaginu,“ sagði Katrín.

Samherji hefur ekki viljað tjá sig um málið á grundvelli þess að gögnunum hafi verið stolið úr tölvu Páls og það verið tilkynnt til lögreglu. Garðar Gíslason, lögmaður Samherja, staðfesti að síma Páls hefði verið stolið þegar Páll var fluttur á sjúkrahús, fyrst á Akureyri og síðar í Reykjavík. Óvíst sé hvar símanum var stolið.

Hvernig sem gagnanna var aflað

taldi lögmaður sem Fréttablaðið ræddi við ekki að Stundinni eða Kjarnanum yrði gerð nein refsing fyrir birtingu fréttanna upp úr þeim. Benti hann á fordæmi úr hæstaréttardómi þar sem ekki var dæmd refsing fyrir fréttáflutning upp úr gögnum sem aflað var með ólöglegum hætti. Var þar talið að birtingu fréttanna væri réttlætanleg þar sem um væri að ræða „efni, sem ætti erindi til almennings og varðaði mál, sem miklar deilur hefðu staðið um í þjóðfélaginu“.

Aðspurður taldi lögmaðurinn að áform Samherja um að koma í veg fyrir að Jóhannes Stefánsson bæri vitni gegn fyrirtækinu í Namibíu kynni að brjóta gegn íslenskum lögum. Samkvæmt samskiptum sem Stundin birti voru áform uppi um að kæra Jóhannes fyrir þjófnað í Namibíu til að koma í veg fyrir að hann mætti bera vitni í mútumáli gegn fyrirtækinu. Benti hann á að samkvæmt almennum hegningarlögum er refsivert að beita annan mann „ólöglegri nauðung eða hótun“ vegna skýrslugjafar hans hjá lögreglu eða fyrir dómi. Jafnframt kynnu áformin að brjóta gegn alþjóðlegri og íslenski stjórnskipunarreglu sem gerir ráð fyrir rétti til réttlátrar málsmeðferðar.

Stundin greindi frá því í gær að Páll hefði tvívegis leitað til Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Annars vegar til að spyrja ráða um tölvupóst sem hann fékk fyrir mistök frá eiginni Helgu Völu Helgadóttur, þingmanns Samfylkingarinnar, og hins vegar þegar Páll hugðist beita sér gegn því að Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, yrði kjörinn í 1. sæti í prófkjöri flokksins í Norðausturkjördæmi.

Kristján Þór gaf ekki kost á viðtali í gær.

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata, spurði Kristján Þór út í Samherja í óundirbúnum fyrirspurnum í gær. Kristján Þór sagði að sér þætti eðlilegt að Samherji gerði hreint fyrir sínum dyrum. Hann sagðist hafa áhyggjur af því hvernig fyrirtæki blönduðu sér í stjórnmálaláttu einstakra stjórnmálaflokka og verkalyðsfélaga. „Einstaklingum er þetta að sjálfsögðu fullkomlega heimilt hvar og hvenær sem þeir kjósa og vilja. En ef fyrirtæki taka með einbeittum hætti ákvörðun um að fara að beita sér með slíkum hætti er það að allra mati ekki ásættanlegt,“ sagði Kristján Þór. ■

# Lægstu byrjendalaun flugmanna hjá Play 309 þúsund krónur

gar@frettabladid.is

**KJARAMÁL** Samkvæmt kjarasamningi milli Íslenska flugstéttafélagsins og Play varðandi flugmenn sem Fréttablaðið hefur undir höndum nema byrjarlaun flugmanna hjá flugfélaginu 309 þúsund krónum.

Umræddur kjarasamningur gildir frá 1. september 2019 til 1. september 2025. Lægstu byrjarlaun flugmanna á reynslu átta þegar samningurinn tók gildi að nema 300 þúsund krónum en síðan að hækka um 3 prósent í mars síðastliðnum og nema þá 309 þúsund krónum – sem er ríflega 1.500 krónum meira en fullar atvinnuleysisbætur eru í dag.

Laun flugmannanna fara hækkað eftir því sem þeir hækka í tign.



**Samningarnir voru gerðir í góðri trú af löglega kosinni stjórn og fulltrúum þeirra.**

Stjórn Íslenska flugstéttafélagsins

Þannig eiga mánaðarlaun flugmanns að nema 412 þúsund krónum, flugmanns með lengri starfsreynslu 515 þúsund krónum, og laun flugstjóra frá 780 þúsund krónum til 1.185 þúsund króna eftir starfsreynslu.

Til samanburðar má nefna að samkvæmt samningi ÍFF við WOW air átta lægstu grunnlaun flugmanna á fyrsta ári að vera 556 þúsund krónur frá 1. september 2020. Gert var ráð fyrir að byrjarlaunin yrðu 740 þúsund krónur með 33 prósent álagi.

Enginn þriggja manna sem sitja í stjórn Íslenska flugstéttafélagsins – og eru reyndar skráðir í fyrirtækjaskrá sem eigendur þess hver með sinn þriðjungshlut – svöruðu í símann í gær. Þetta eru flugmennirnir



Vignir Örn Guðnason, formaður Íslenska flugstéttafélagsins.

Vignir Örn Guðnason stjórnarformaður, Friðrik Már Ottesen varaformaður og Margeir Stefánsson meðstjórnandi.

Í yfirlýsingu sem stjórnarmennirnir þrír í ÍFF sendu frá sér í gær eftir ákall Birgis Jónssonar, forstjóra Play, um að stíga fram, segjast þeir harma að nöfn þeirra „skulu vera

dregin inn í umræðuna um lögmæti kjarasamninga félagsins við flugfélagið Play“, eins og það er orðað. Haft hefur verið eftir Birgi að lægstu mánaðarlaun hjá Play nemi 350 þúsund krónum.

„Samningarnir voru gerðir í góðri trú af löglega kosinni stjórn og fulltrúum þeirra á þeim tíma er fá störf voru við okkar fög á Íslandi. Ríkissáttasemjara hefur verið afhent skjöl þar sem nöfn þeirra sem skrifuðu undir samningana koma fram. Ekki eru allir þeir sem skrifuðu undir samningana í vinnu hjá Play,“ segir í yfirlýsingu stjórnar ÍFF. Í þessu felst að samningarnir hafa ekki verið bornir undir félagsmenn ÍFF enda þeim vart til að dreifa þegar samningarnir voru gerðir. ■

# DÝNUDAGAR

Sérstíðum dýnur í öllum stærðum og gerðum fyrir hjónarúmið, bústaðinn, hjólhýsið, húsbílinn, fellihýsið og barnarúmið

**20% afsláttur af öllum dýnum.**

**Komdu og gerðu frábær kaup**

**Vogue**  
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | HOFSBÓT4 | AKUREYRI | 462 3504 | VOGUE.IS

# Óska fjármagns fyrir nýstofnaðan styrktarsjóð geðheilbrigðis

birnadrofn@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Styrktarsjóður geðheilbrigðis hefur verið stofnaður með hundrad milljóna króna framlagi frá Geðhjálp. Félagið hefur jafnframt óskað eftir því að ríkið verði stofnaðili með sama framlagi ásamt því að leitað hefur verið eftir stuðningi atvinnulífsins.

Héðinn Unnsteinsson, formaður Geðhjálp, segir að fundað hafi

verið með ráðuneytisstjórum þriggja ráðuneyta en ríkisstjórnin eigi enn eftir að taka afstöðu til erindisins. „Við vonumst eftir því að fá bæði ríkið og einkaaðila með okkur í lið og búa þannig til 3-400 milljóna króna sjóð sem nýtist til nýsköpunar í geðheilbrigðisþjónustu.“

Héðinn segir þörf fyrir geðheilbrigðisþjónustu aldrei hafa verið meiri, ástæðan sé til að mynda



Héðinn Unnsteinsson, formaður Geðhjálp.

kórónaveirufaraldurinn. Hann segir erfitt að mæla liðan og geðheilsu fólks, en að sjálfsvígstölur séu hlutlægur mælikvarði sem notast megi við.

„Á síðasta ári voru 47 sjálfsvíg héraðs miðað við 39 árið á undan, 32 karlar og 15 konur. Svo er ýmislegt sem bendir til þess að ekki bara hér heldur víðar sé geðheilsa ungs fólks ekki góð, það sýna tölur um sjálfsskaðandi hegðun hér, í Danmörku

og í Bretlandi,“ segir Héðinn.

Markmiðið með styrktarsjóðnum er að stuðla að aukinni nýsköpun og framþróun í geðheilbrigðismálum og aukinni vitundarvakningu meðal almennings. Fagrát óháð Geðhjálp mun móta stefnu sjóðsins, meta umsóknir og leggja fram tillögur um hverjir hljóti styrk. Opnað verður fyrir umsóknir 1. júní næstkomandi og er umsóknarfrestur til 1. september. ■

## Mál tíu sakborninga í morðmáli felld niður

Lögregla hafði felld niður mál hluta þeirra 14 sem höfðu réttarstöðu sakborninga í Rauðagerðismálinu. Mál um það bil helming þeirra voru send héraðssaksóknara sem ákærði fjóra og felldi mál gegn öðrum niður. Angjelin Mark Sterkaj hefur einn játað í málinu og hann er sá eini sem sætir enn gæsluvarðhaldi.

adalheidur@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Angjelin Mark Sterkaj játaði einn að hafa myrt Armando Beqirai í Rauðagerði 13. febrúar síðastliðinn, við þingfestingu Rauðagerðismálsins í gær.

Fjögur eru ákærð í málinu fyrir brot gegn 211. grein almennra hegningarlaga sem fjallar um manndráp. Í ákæru er byggt á því að um samverknað hafi verið að ræða.

Er Murat Selivrada ákærður fyrir að hafa sýnt meðákærðu Claudiu Sofiu Coelho Carvalho tvo bíla sem tilheyrðu Armando og gefa henni fyrirsmáli um að fylgjast með þeim þar sem þeir stóðu við Rauðarárstíg og senda skilaboð til annars meðákærða þegar hreyfing yrði á annarri hvorri þeirra.

Claudiu Sofiu er gefið að sök að hafa, að beiðni Murat, fylgst með fyrrnefndum bílum og sent umbeðin skilaboð gegnum Messenger þegar Armando ók öðrum bílum frá Rauðarárstíg.

Shpetim Qerimi er gefið að sök að hafa ekið með Angjelin að Rauðagerði í Reykjavík rétt fyrir miðnætti nóttina sem Armando var drepinn og aftur af vettvangi eftir morðið. Er atburðarásinni í Rauðagerði lýst þannig í ákæru að Shpetim og Arngjelin hafi stöðvað sinn bíl nálægt horni Rauðagerðis og Borgargerðis. Þegar bíl Arman-



Af ákærðu var Murat Selivrada einn mættur í dómali í gær. Tveir voru á fjárfundi en verjandi Claudiu Sofiu gerði grein fyrir afstöðu hennar að henni fjarstaddri.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

dos var ekið að heimili hans að Rauðagerði 28 hafi Shpetim ekið á eftir honum, hleypt Angjelin út úr bílnum við hús númer 28 og ekið svo áfram nokkrar húsalengdir, snúið bílnum við þar og beðið eftir merki frá Angjelin um að sækja sig. Hann hafi þá ekið austur Rauðagerði, tekið Angjelin upp í bílinn við Borgargerði og þeir ekið út úr bænum og alla leið í Varmahlíð í Skagafirði með viðkomu í Kollafirði þar sem Angjelin er sagður hafa hent skotvopni í sjóinn.

Í ákæru er Angjelin gefið að sök að hafa ekið með Shpetim að Rauðagerði eins og fyrr segir. Hann hafi farið úr bifreiðinni við hús númer 28 og falið sig við bílskúr. Armando hafi ekið að húsinu og lagt bíl sínum



**Angjelin Sterkaj er sá eini sem enn sætir gæsluvarðhaldi vegna málsins þótt öll fjögur séu ákærð fyrir manndráp.**

inni í bílskúrnum. Þegar hann hafi komið út úr bílskúrnum hafi Angjelin skotið hann níu skotum í líkama og höfuð með 22 kalíbera Sig Sauer skammbyssu. Armando hafi látist af þeim skotáverkum sem hann

hlaut á heila og brjóst. Í kjölfarið hafi Angjelin hlaupið út Rauðagerði, gefið Shpetim merki og farið aftur upp í bíl hans við Borgargerði.

Murat, Claudia og Shpetim neitðu öll sök við þingfestinguna í gær. Angjelin einn játaði sök og sagðist hafa verið einn að verki. Í viðtali við Fréttablaðið í apríl sagði Angjelin ástæðuna fyrir morðinu persónulega. Málið varðaði hann einan og gengi sem hinn látni hefði tilheyrt.

Um tíma höfðu fjórtán einstaklingar stöðu sakborninga í málinu. Mál nokkurra þeirra voru felld niður á síðari stigum rannsóknar hjá lögreglu en mál um það bil helming sakborninga send héraðssaksóknara. Þeirra á meðal mál eins Íslendinga sem sætti bæði

gæsluvarðhaldi og farbanni meðan á rannsókn málsins stóð. Héraðssaksóknari ákvað að ákæra aðeins þá fjóra sem getið er um í ákæru og fella niður mál annarra.

Angjelin er sá eini sem sætir enn gæsluvarðhaldi í málinu. Shpetim er í afplánun og bæði Claudia og Murat eru í farbanni.

Ádalmeðferð málsins hefst 13. september. Dómarinn Guðjón St. Marteinson gerir ráð fyrir að hún geti staðið í heila viku en ætla má að sönnunarfærslan verði nokkuð flókin. Fjöldi vitna mun gefa skýrslu og gera þarf grein fyrir miklu magni gagna sem aflað hefur verið í málinu. Þá þarf að túlka allt sem fram fer, en sakborningarnir eru allir ættadír frá Albaníu. ■

 **vodafone**



+



+





Forstjóri Ryanair hefur kallað atvikið „ríkisstyrkt hryðjuverk“.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Segir augljóst að Protasevich hafi verið pyntaður

Leiðtogar heims hafa fordæmt aðgerðir Hvíta-Rússlands á sunnudaginn þar sem blaðamaður var handtekinn. Í kjölfar myndskaiðs sem stjórnvöld gáfu út er óttast að blaðamaðurinn hafi verið pyntaður í haldi.



Protasevich í myndbandinu.

arnartomas@frettabladid.is

**HVÍTA-RÚSSLAND** Evrópusambandið hefur bannað flugfélögum frá Hvíta-Rússlandi að fljúga innan lofthelgi Hvíta-Rússlands og önnur flugfélög hafa endurskipulagt flugleiðir sínar til að forðast landið. Þetta kemur í kjölfar fordæmingar ríkja Evrópusambandsins og fleiri ríkja, þar á meðal Íslands, á aðgerðum stjórnvalda í Hvíta-Rússlandi í tengslum við að blaðamaðurinn Roman Protasevich var handtekinn.

Hinn 26 ára gamli Protasevich, sem hefur verið gagnrýninn á stjórnvöld í Hvíta-Rússlandi, var í flugvél írska flugfélagsins Ryanair á leið til Litháen frá Grikklandi þegar flugstjóranum barst tilkynning um sprengjuhótun tengda vélinni. Eftir að vélinni hafði verið snúið við og lent í Minsk komu lögreglumenn um borð og handtóku Protasevich og unnustu hans. Enga sprengju var að finna í flugvélinni.

Ríkisfjölmiðlar í Hvíta-Rússlandi segja að Alexander Lúkasjenko forsætisráðherra hafi persónulega skipað fyrir um að vélinni yrði lent. Að sögn yfirvalda í Hvíta-Rússlandi höfðu Hamas-samtökin sent tölvuþóst til flugvallarins í Minsk þar sem hótað var að sprengja í vélinni

yrði sprengd ef Ísraelar létu ekki af hernaðaraðgerðum gegn Gasa.

Talsmenn Hamas hafa neitað að samtökin tengist málinu og Angela Merkel Þýskalandskanslari hefur kallað fullyrðingar Hvíta-Rússlands „með öllu ótrúverðugar“. Joe Biden Bandaríkjaforseti kallaði aðgerðirnar „svívirðingu við alþjóðleg viðmið“ og fagnaði viðskiptaþvingunum Evrópusambandsins gegn Hvíta-Rússlandi.

„Ef við leyfum þessu fram að ganga mun Alexander Lúkasjenko ganga enn lengra á morgun og gera eitthvað enn grimmara,“ sagði Dmytro Kuleba, utanríkisráðherra Úkraínu, í yfirlýsingu.

Í kjölfar handtökunnar birtist myndskaið þar sem Protasevich gengst við þeim glæpum sem hann er sakaður um í Hvíta-Rússlandi og segist vera við góða heilsu. Sviatlana Tsikhanouskaya, sem bauð sig fram gegn Lúkasjenko í síðustu kosningum, segir augljóst að Protasevich hafi verið pyntaður.

„Hann sagðist hafa verið meðhöndlaður innan ramma laganna en hann hefur greinilega verið barinn og tilneyddur,“ sagði Sviatlana á blaðamannafundi í Litháen. ■

# Á YSTU NÖF

## Málþing um greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila

Fjármagn ríkisvaldsins til reksturs hjúkrunarheimila fyrir aldraða hefur um margra ára skeið verið skorið við nögl. Taprekstur flestra þeirra hefur verið viðvarandi og langt er í frá að unnt sé að mæta markmiðum stjórnvalda um þjónustustig og mönnum. Nýlegar launahækkanir og stytting vinnuvikunnar hefur endanlega sett reksturinn þannig úr skorðum að engin leið er til þess að halda honum áfram að óbreyttu. Hann er kominn á ystu nöf og verður ekki hrakinn lengra án þess að tjón hljóti af.

Heilbrigðisráðuneytið fól á síðasta ári sérstakri verkefnisstjórn undir forystu Gylfa Magnússonar að greina rekstrarkostnað hjúkrunarheimila. Niðurstöðurnar hafa nú verið gerðar opinberar og hafa vakið mikla athygli — enda núturlegar.

Til þess að ræða efni skýrslu verkefnastjórnarinnar efna Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu til málþings í Laugarásbíói fimmtudaginn 27. maí næstkomandi kl. 13:30-15:30.



**Gísli Páll Pálsson**  
formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu:  
Setning málþingsins



**Helga Vala Helgadóttir**  
þingmaður og formaður velferðarnefndar:  
Fjölbreytt líf eldra fólks



**Svandís Svavarsdóttir**  
Heilbrigðisráðherra:  
Ávarp



**Haraldur Benediktsson**  
þingmaður og varaformaður fjárlaganefndar:  
Vinna við stefnumótun í ríkisfjármálum og fjárlagagerð



**Gylfi Magnússon**  
formaður verkefnisstjórnar og prófessor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands:  
Rekstrarkostnaður og afkoma hjúkrunarheimila



**Aldís Hafsteinsdóttir**  
formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga:  
Frá sjónarhóli sveitarfélaganna



**Ingibjörg Hjaltadóttir**  
prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og sérfræðingur í öldrunarhjúkrun:  
Þróun heilsufars og færni þeirra sem dvelja á hjúkrunarheimilum



Að erindum loknum sitja framsögumenn í pallborði hjá **Sigmundi Erni Rúnarssyni** sjónvarpsstjóra og rithöfundu sem stýrir málþinginu.

Málþingið er öllum opið án endurgjalds á meðan húsrúm og sóttvarnarreglur leyfa.

Af sóttvarnarástæðum eru gestir beðnir um að skrá sig til fundarins á netfanginu samtök@samtok.is. Þinginu verður einnig streymt á: <http://www.samtok.is>



SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING  
á Hringbraut



+



= 19.990 kr.

ALLT ÓTAKMARKAÐ

# Hötuð stétt



Aðalheiður  
Ámundadóttir  
adalheidur  
@frettabladid.is

Það hefur lengi verið tíska á Íslandi að hata blaðamenn. Það hefur ekki þótt neitt til-tökumál að tala illa um þá, gera þeim upp annarlegar hvatir, uppnefna þá, klaga eða stefna þeim fyrir dómstóla fyrir litlar eða engar sakir.

Þetta er landlæg íþrótt. Stjórnmalámennt saka blaðamenn um að gera upp á milli stjórnmála-flokka eða pólitískra andstæðinga í sama flokki. Atvinnurekendur og áhrifafólk hótar lögsóknum. Almennir borgarar hæðast að blaðamönnum á sam-félagsmiðlum, kalla þá leigupenna og gera þeim upp annarleg sjónarmið. Ungt og upprennandi fólk sem er að stíga sín fyrstu skref í faginu er kallað blaða-börn í háðungarskyni. Embættismenn og starfs-menn hins opinbera eru ekki undanþegnir því að líta niður á blaðamenn, telja fyrirspurnir þeirra til hnýsni og starf þeirra almennt til óþurftar. Svör við fyrirspurnum og almenn lidlegheit eru eftir því.

Auðvitað þurfum við að þola gagnrýni. Við förum með vald og getum haft mikil áhrif á líf fólks og fyrirtækja. Það er hins vegar ekki í okkar náttúru að verjast gagnrýni opinberlega. Okkur sem tilheyrum þessari stétt er ekki tamt að gera okkur sjálf að aðal-persónum í fréttum. Við störfum ekki við að verja okkur sjálf eða koma okkar eigin sjónarmiðum á framfæri. Okkur er kennt að bíta á jaxlinn og halda áfram að vinna þótt högginn dynji á okkur. Okkur reynist það mislétt. Sérhver blaðamaður á allt sitt undir því að njóta trausts og trúverðuleika meðal lesenda sinna. Þess vegna tökum við gagnrýni alvarlega. Við reynum að læra af henni þegar tilefni er til og hjálpum hvert öðru að yfirstiga ómálefna-lega gagnrýni. Það gerum við ekki á sjónvarps-skjánum eða á síðum blaðanna. Við gerum það með starfsfélögum okkar eða ein í hljóði.

Þótt sú aðför að fjölmiðlum landsins sem nú stendur yfir sé án fordæma og ótengd almennu hatri landsmanna á blaðamönnum, þá hittir hún okkur sjálf fyrir ofan á það sem fyrir er, erfiðar starfs-aðstæður og linnulausar árásir úr öllum áttum.

Hún beinist ekki aðeins að Helga Seljan og félögum hans á RÚV. Hún beinist að sameiginlegu fagfélagi okkar, að formanni þess og að Heimi Má Péturssyni, sem var nánast gerður að umboðsmanni Samherja í umfjöllun Kjarnans um svívirðileg áform skæruliðadeildar Samherja. Hún beinist að starfsfólki þeirra fjölmiðla sem skæruliðar Samherja töldu sig geta haft ótilhlýðileg áhrif á. Hún beinist að okkur öllum.

Það verður hlutverk nýrrar forystu í Blaðamanna-félagi Íslands að styrkja sjálfsmynd stéttarinnar og samstöðu blaðamanna. Því þótt við séum í sam-keppni þurfum við að standa saman sem stétt. Það stendur enginn annar með okkur. Við þurfum að taka velferð fréttamennsku í okkar eigin hendur og loka þeim leiðum sem stórfyrirtæki og spillt öfl kunna að hafa til að ráðast að okkur. Við getum byrjað á að útrýma síðanefndum skipuðum fólki sem kemur okkur ekkert við. ■

”  
Okkur er kennt að bíta á jaxlinn og halda áfram að vinna þótt högginn dynji á okkur.

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

### À la carte

Eftir að Kjarninn og Stundin veittu innsýn í hugarheim og aðferðafræði skæruliða Samherja hefur fyrirtækið verið á allra vörum þannig að þingmenn og ráðherrar VG fá drjúga munnfylli ef marka má Illuga Jökulsson á Facebook. Þar vísar hann í fleyg orð Drífu Snædal um að í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum myndi VG þurfa að éta skít daglega. „Nú stendur yfir slíkt skítát,“ skrifar Illugi og hvetur fólk til að fylgjast spennit með þingliði VG „þegja sem fastast“ á meðan Samherji í „nánu trúnaðarsambandi við Sjálfstæðisflokkinn“ heldur úti „sérstakri skítmokaradeild“.

### Svarta naðran

Stundin hefur meðal margs annars upplýst að Arna Bryndís Baldvins McClure, lögfræðingur Samherja, hafi slegið um sig með frasnum „I have a cunning plan“ í einu ráðabruggi skæruliðanna. Henni er því greinilega ekki alls varnað og gæti verið með húmorinn í lagi þar sem frasinn er sá þekktasti úr hinum sigildu, bresku gamanþáttum Blackadder, eða Svarta naðran. Þar kepptust Edmund Blackadder og skósveinn hans Baldrick við að kokka upp lævisar áætlanir sem gengu að visu aldrei upp. Ekki einu sinni sú sem var svo klók að það hefði mátt setja á hana skott og kalla hreysikött. ■

## Fleiri traustar undirstöður



Diljá Mist  
Einarsdóttir  
hæstaréttar-  
lögmaður og  
framþjóðandi til  
3. sætis í prófkjöri  
Sjálfstæðisflokks-  
ins í Reykjavík.

Yfirstandandi umbrotatímar minna okkur rækilega á að það getur reynst varhugavert að treysta á lukkuna í atvinnu- og efnahagsmálum. Þótt ytri aðstæður geti sannarlega fært okkur skyndilega búbot, eins og hvalrekar forðum – þá er ótækt fyrir samfélag að eiga allt undir slíkrí gæfu. Í samfélagi eins og okkar, sem nýtur blessunar mikilla náttúruauðlinda, er sérlega mikilvægt að hafa þetta í huga. Á síðustu árum hefur Ísland einmitt notið góðs af miklum tækifærum sem tengjast náttúrunni beint, fiskgengd og fjölgun ferðamanna.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur enda nýlega bent á að of rík áhersla á ferðapjónustu hafi verið veikleiki í íslenska hagkerfinu áður en ósköpin dundu yfir og að brýnt sé að auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Þetta eru orð að sönnu. Mikilvægt er að við nýtum tækifærið nú til þess að endurhugsa uppbyggingu íslenska hagkerfisins. Við þurfum að nýta samkeppnisforskot okkar til að byggja upp framtíðarstörf og verðmæti á grundvelli nýsköpunar og frumkvöðlastarfs. Óháð því hvernig utanaðkomandi aðstæður þróast, þá mun hagar landsmanna ætíð mótast fyrst og fremst af getu og möguleikum landsmanna sjálfra til þess að skapa ný verðmæti úr þeim tækifærum sem gefast.

Fjórða stöðin í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins, hugverkaíðnaður, hefur þegar fest sig í sessi en hann skapaði um 16% af gjaldeyristekjum Íslands árið 2020. Aukin fjárfesting í nýsköpun gefur fyrirheit um að hugverksdrifin starfsemi muni halda áfram að stækka. Þessi starfsemi er tiltölulega óbundin af landfræðilegri staðsetningu og felur ekki í sér umhverfisspjöll eða mengun. Umhverfi hugvitsdrifinnar nýsköpunar þarf að standast alþjóðlegan samanburð. Við þurfum að gera fyrirtækjum á Íslandi auðveldara að ráða til sín erlenda sérfræðinga og tryggja að alþjóðlegt fjármagn og þekking eigi greiðan aðgang að íslenskrí nýsköpun.

Nýsköpun er ekki afmörkuð atvinnugrein heldur byggingarefni alvöru verðmætasköpunar á öllum sviðum atvinnulífs. Möguleikar okkar til nýsköpunar eru einna mestir þegar löng reynsla af hefðbundnari atvinnugreinum nýtist með frumkvæði og hugvitssemi til þess að búa til eitthvað alveg nýtt, fleiri traustar undirstöður. ■

”  
Nýsköpun er ekki afmörkuð atvinnugrein heldur byggingarefni alvöru verðmætasköpunar á öllum sviðum atvinnulífs.

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is  
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

# Menn sem óttast almannahagsmunni



Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar

Sólin hækkar enn á lofti og við hlökkum til sumarsins. Ef fram heldur sem horfir kemst lífið hér á landi í eðlilegra horf. Við getum klappað fyrir þrjú þinginu og öllu framlinufólki faraldursins, sem getur nú aftur horfið til annarra mikilvægra starfa fyrir samfélagið.

Það eru fjórir mánuðir til mikilvægra alþingiskosninga og ef ekki verður bakslag í baráttunni við veiruna, munu þær ekki snúast fyrst og fremst um sóttvarnaaðgerðir heldur hvers konar framtíð við kjósum okkur. Á hún að byggjast á aðferðum fortíðarinnar eða eigum við að nota tækifærið til að læra af mistökum fyrri tíma? Brýnna er en nokkru sinni að takast á við mikilvægustu verkefni sem síðasta öld skildi eftir handa okkur að leysa: loftslagsógnina og misskiptingu. Ekki síst munu þær snúast um nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja lýðræði umfram ofurvald sérhagsmuna.

Farsæl framtíð okkar er komin undir því að almannahagsmunir ráði ferðinni en ekki sérhagsmunir. Næstu kosningar munu því í ríkari mæli en oft áður snúast um grundvallarafstöðu í stórum málum. Ríkisstjórn of ólíkra flokka sem kallar

á miklar málamiðlanir, og leiðir til kyrrstöðu í lykilmálum, er því alls ekki svarið sem við þurfum nú.

## Almannahagur í stað sérhagsmuna

Við í Samfylkingunni viljum að almannahagur sé alls staðar hafður að leiðarljósi. Við viljum byggja samfélag þar sem börn geta vaxið áhyggjulaus úr grasi, þar sem jafnvægi ríkir milli vinnu og einkalífs og þar sem allur almenningur hefur aðgang að öruggu húsnæði og gjaldfrjálsri heilbrigðisþjónustu. Við viljum stokka upp í flóknum kerfum og gera þau gagnsærri og mannlegri, svo þau þjóni þörfum fólks.

Við viljum auka verðmætasköpun, fjölga stöðum undir efnahagslífið til að draga úr sveiflum. Það heyrir oft talað um þetta og virkar stundum eins og orðin tóm en þetta er raunverulega hægt. Þá verður hins vegar að styrkja markvisst nýsköpun og hugvitsiðnað, og tryggja fólki jafnan aðgang að fjölbreyttri menntun og þjálfun sem kallast á við þá stefnu. Samhlíða þessu er það risastórt verkefni að mæta óhjákvæmilegum breytingum á vinnumarkaði sem fylgja tæknibyltingu, aukinni alþjóðavæðingu og loftslagsvá. Í tengslum við allt þetta viljum við stíga miklu stærri og markvissari skref í loftslagsmálum.

## Réttlátari skiptingu gæða

Við viljum tryggja réttlátari skiptingu gæða, m.a. með skattkerfi sem styður við lág- og millitekjuhópa en hyglir ekki auðmönnum og mikil-

vægum breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Við viljum nýja stjórnarskrá og festa í sessi þjóðaræign auðlinda og tímabindingu afnota af þeim svo að eðlileg endurnýjun eigi sér stað og réttlátur arður renni til þjóðarinnar af sameiginlegum auðlindum.

Við viljum horfa opnari augum til umheimsins, gefa þjóðinni val um enduruppþöku aðildarviðræðna við Evrópusambandið og setja okkur metnaðarfulla græna utanríkisstefnu, þar sem við nýtum rödd okkar á alþjóðavettvangi til að stuðla að friði, jöfnuði og sjálfbærni.

## Græn félagshyggjustjórn er svarið

Samfylkingin hefur verið heidarleg í afstöðu sinni til mögulegrar setu í ríkisstjórn og gert kjósendum það ljóst hvað það mun tákna að loknum kosningum að kjósa hana, ólíkt þeim flokkum sem „ganga óbundnir til kosninga“. Við teljum nauðsynlegt að mynda græna félagshyggjustjórn, frá miðju til vinstri. Við teljum líka að við séum það afl sem geti leitt saman þessa flokka, eins og dæmin sanna víða um land í sveitarstjórn.

Það að hafna samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn og Miðflokkinn eftir kosningar er ekki af tilefnislausu. Við erum sannfærð um að stefna jafnaðarmanna verði að ráða för við að takast á við mikilvæg verkefni og nauðsynlega uppstokkun úreltra kerfa. Það krefst samhentrar og framsýnnar ríkisstjórnar sem er reiðubúin til að

ráðast gegn ríkjandi ójöfnuði og er jafnframt nægilega djörf og skapandi til að ganga keik til móts við spennandi en flókna framtíð; með hag allra að leiðarljósi.

Þetta óttast sérhagsmunaöflin skiljanlega. Við höfum séð að undanfögnu hvernig sterkir hagsmunahópar og einstök fyrirtæki hafa grimulaust beitt einstaklega óvönduðum meðölum m.a. í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Þá hafa auðugir einstaklingar jafnvel keypt dýru

verði óskammfeilnar útvarpsauglýsingar gegn Samfylkingunni, með rangfærslum og árásum.

Þetta sýnir þá ógn sem sérhagsmunaöflin telja sér stafa frá Samfylkingunni. Þessir menn munu ekki linna látum í þessari baráttu, enda er þeim ljóst að að gott gengi Samfylkingarinnar er tryggasta leiðin til að koma í veg fyrir að hörðustu iðhaldsöflin hafi stöðugt tögl og hagldir við stjórn landsins og stýri áfram í þágu sérhagsmuna. ■

# Kom þetta allt af sjálfu sér?



Ole Anton Bieltvedt, alþjóðlegur kaupsyslumaður og stjórn-málaráðgjafi

Á hverjum einasta degi, og oft á dag, erum við með hluti – alls kyns varning; matvöru, fatnað, heimilisbúnað, áhöld og verkfæri, líka öll rafmagnstæki, vélar, farartæki og bílinn okkar – í höndunum, þar sem einmitt ESB hefur tryggt okkur mestu mögulega þægindi, umhverfisvænar lausnir og umfram allt öryggi og gæði í notkun.

Allt, sem við erum með og notum, sem er CE-merkt, hefur þurft að uppfylla stífar kröfur ESB og prófanir um vænar lausnir fyrir neytendur og aðra notendur, lágmarks orkunotkun og minnsta mögulega umhverfisspillingu og, eins og áður segir, hámarks öryggi og endingu.

Þessi starfsþáttur ESB er einn af lykilþáttum sambandsins, hvað varðar okkar daglega líf; trygging hagsmuna og velfarnaðar þegna þess. En ESB kemur víða annars staðar við sögu, og hefur jákvæð áhrif á líf okkar, umhverfi, athafnafrælsi og öryggi.

Baráttan fyrir „virðingu mannsins“ og sameiginleg mannréttindi okkar – frælsi til orðs og æðis – standa efst á blaði hjá ESB. Erú 1. einkunnarorðin. Næst má telja jafnréttisbaráttuna; baráttuna fyrir jafnrétti kynjanna, hörundsökkrá, hinseginfólks, fatlaðra og allra annarra, sem minna mega sín, gagnvart þeim, sem meira mega sín, en líka baráttuna fyrir sérstökum réttindum kvenna.

ESB leggur líka mikla áherzlu á sameiginlega heilbrigðisvelferð okkar, ekki síst á sviði hollustu, heilnæms lífs, forvarna og fyrirbyggjandi aðgerða.

Förystuhlutverk ESB í því að

útvega öllum aðildarríkjunum 27, svo og Íslandi og Noregi, bóluferni gegn COVID er auðvitað skýrt dæmi um það, og, þó að sú útvegum hafi farið dræmt af stað, vegna framleiðslu- og afhendingarvanda bólufernaframleiðenda, er þessi útvegum nú komin á fulla ferð.

Við getum í raun þakkað ráðstöfunum ESB þá staðreynd, að við verðum flest hér bólusetti og COVID-varin um mitt árið. Ekki verður séð, að ríkisstjórnin hefði getað útvegað þetta bóluferni á sama tíma, nema þá helzt frá Rússlandi eða Kína. Þakka má ríkisstjórn skipulegar varnir og bóluasetningar, en ekki útvegum bólufernisins. Hluti af sömu vitleitni ESB er samstilling sjúkratrygginga í Evrópu, sem leiddi til útgáfu hins evrópska sjúkratryggingarkorts, sem veitir Íslendingum aðgang að sjúkraþjónustu og sjúkratryggingu í 28 öðrum evrópskum löndum.

ESB vinnur líka hratt og skipulega að því að tryggja okkar sameiginlega neytendarétt og neytendavernd (það hefur knúði fram sanngjörn síma-kjör fyrir alla ESB- og EES-símanotendur, þar sem menn geta hringt á eigin heimagjaldi um alla álfuna, styrkt réttindi ferðamanna gagnvart flugfélögum og annarri ferðaþjónustu, tryggt neytendum sanngjörn þjónustugjöld banka o.s.frv.).

Það óskoraða ferðafrelsi, dvalarfrælsi, námsfrælsi og starfsfrælsi, sem við njótum um mest alla Evrópu, er líka ESB að þakka.

Það sama gildir, þegar kemur að baráttunni gegn verðsamráði, einokun og markaðsmisnotkun stórfyrirtækja og alþjóðlegra auðhringa. Þar vakir ESB yfir hagsmunum okkar og velferð og bregst hart við, þegar neytendur eða almenningur eru beittir órétti eða yfirgangi.

ESB leggur mikla áherzlu á okkar sameiginlegu, evrópsku menningararfleifið svo og á viðvarandi menntun og menningu íbúa álfunnar og fjármögnun hennar. ESB er leiðandi afl, á sviði sameiginlegrar tæknilegrar

framþróunar okkar, innleiðingu stafrænna lausna og gervigreindar og fjármögnun slíkrar framtíðartækni. Úthlutanir og styrkir, líka til íslenskra einstaklinga og fyrirtækja, eru riflegar og fjölmargar.

Þegar kemur að umhverfisvernd og minnkun mengunar og eiturefna og baráttunni gegn spillingu loftsláðs og lagar, eyðingu dýra, náttúru og skóglendis, ekki bara í Evrópu, heldur um allan heim, gegnir ESB óumdeildu forystuhlutverki. ESB er líka sá aðili, sem annast og tryggir sameiginleg ytri landamæri Evrópu.

Loks er uppbygging og trygging réttinda okkar og möguleika til ferðalaga, athafna og viðskipta, meðal þjóða og bandalaga utan Evrópu, í höndum ESB.

Það er því sannarlega mikilvæg og margvísleg þjónusta, sem ESB veitir bandalagsþjóðum sínum, svo og okkur tengdum EFTA-þjóðum, fyrir utan alls kyns viðskipta- og efnahagsmál, en á því sviði tryggir sambandið okkur öllum frjálsan og jafnan markaðsaðgang og athafnafrælsi. Stundum hefur maður það á tilfinningunni, að sumir hér haldi, að þetta hafi allt komið af sjálfu sér eða sé okkur sjálfum að þakka.

Þá eru gjaldmiðlamálin ótalín, en evran hefur nú verið helzti gjaldmiðill heims í 20 ár, og hefur hún nær allan þann tíma haft meiri styrk og stöðugleika en Bandaríkjadalur, en upphafleg gengisskráning evru gagnvart Bandaríkjadalur var 1,07, en núna er þetta gengi 1,22. Hefur styrkur evru gagnvart Bandaríkjadalur þannig aukizt um 14%.

Með þessum yfirburða styrk og stöðugleika hefur evran tryggt 25 þjóðum og þegnum þeirra hámarksstöðugleika í efnahags- og fjármálum sínum auk lágmarksvaxta fyrir lántakendur og skuldara, sem jafnframt hefur stuðlað að auknum jöfnuði milli þeirra sem fjármagnid eiga og þeirra sem taka það að láni og nota, lántakenda, og gefið þeim aukid afl. ■

# DORMA

Láttu drauminn rætast



SUMAR  
TILBOÐ  
15%  
AFSLÁTTUR

**CANNES**  
hægindastóll  
með skemli

Vandaður, glæsilegur og þægilegur hægindastóll með þykku leðri á slitflötum á sterkum snúningsfæti. Bakhæð: 73 cm. Sethæð: 47 cm. Stærð: 87x75 H: 104 cm.

Fullt verð: 159.900 kr.

Aðeins **135.992 kr.**

ÞÚ FINNUR SUMARTILBOÐ  
DORMA OG NÝJAN  
BÆKLING Á DORMA.IS



www.dorma.is

VEFVERSLUN  
ALLTAF  
OPIN

Holtagörðum, Reykjavík  
Smáratorgi, Kópavogi  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafirði

**DORMA**  
Láttu drauminn rætast

## Gefur okkur vonandi mikið fyrir lokasprettinn

Ómar Ingi Magnússon kórónaði frábært fyrsta tímabil hjá Magdeburg með Evrópu-meistararitli um helgina. Þýska liðið átti frábært ár í keppninni og vann fimmtán leiki af sextán í vetur. Sigur í keppninni var eitt af markmiðum tímabilsins.

kristinnpall@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Ómar Ingi Magnússon, Gísli Þorgeir Kristjánsson og félagar í Magdeburg urðu um helgina fyrsta félagið til að vinna Evrópu-deild EHF eftir að nafni keppinnar var breytt úr EHF-bikarnum í Evrópu-deildina. Ómar Ingi var meðal bestu leikmanna vallarins í 28-25 sigri á Füsche Berlin en Gísli Þorgeir er frá vegna meiðsla og þurfti því að fylgjast með af hliðarlínunni. Þetta var fyrsti alþjóðlegi titill Magdeburg í fjórtán ár en um aldamótin vann Magdeburg þrjá Evrópu-deildartitla og einn Meistaradeildartitil á fjórum árum.

„Tilfinningin er bara nokkuð góð,“ sagði Ómar Ingi, aðspurður hvernig tilfinningin væri að vera Evrópumeistari þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær eftir hátíðarmóttöku í Magdeburg. „Þetta var eitt af markmiðum tímabilsins og ég er ánægður að það hafðist. Við spilðum frábærlega um helgina og höfum gert það allt þetta ár í Evrópu-deildinni,“ sagði Ómar um úrslitahelgina þar sem Magdeburg vann fyrst Wisla Plock í undanúrslitunum og Berlínarrefina í úrslitaleiknum sjálfum. „Maður finnur fyrir miklu þakklæti frá stuðningsmönnum og við fengum hátíðlegar móttökur í gær.“

Magdeburg vann níu leiki af tíu í riðlakeppninni, alla sex leikina í útsláttarkeppninni og vann allt í allt tólfta leikinn í röð í Evrópu-



Ómar var markahæstur í úrslitaleiknum með sjö mörk.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Við spilðum frábærlega um helgina og höfum gert það allt þetta ár í Evrópu-deildinni.**

mánuði. Félagið er í harðri baráttu um þriðja sætið en það er talsvert bil á milli Kiel og Flensburg sem berjast um titilinn í ár og annarra liða. „Þetta gefur okkur vonandi heilmikið fyrir komandi verkefni því við viljum klára þetta tímabil af krafti. Við erum líklega ekki að fara að ná Flensburg og Kiel úr þessu en markmiðið núna er að klára þetta með sæmd og reyna að tryggja okkur allavega þriðja sætið.“

Selfyssingurinn er í harðri baráttu um markakóngstitilinn í Þýskalandi og var þremur mörkum frá því að taka þá nafnbót í Evrópu-deildinni. Sjö mörk í úrslitaleiknum dugðu ekki til en Ómar segir það ekki hafa skipt máli.

„Ég vissi hvað þyrfti til en það skipti engu máli í stóra samhenginu. Markmiðið er ekki að fara í leiki og skora fullt af mörkum heldur ræðst það af leikjum og stöðum sem maður lendir í hverju sinni,“ sagði Ómar, aðspurður hvort hann hefði haft annað augað á markakóngstitlinum. ■

deildinni um helgina. Með öflugri byrjun náðu Ómar Ingi og félagar góðu taki á leiknum og leiddu með sjö mörkum í hálfleik. „Við spilðum frábæra vörn og Yannick var frábær þar fyrir aftan.“

Það gefst lítil tími til fagnaðarláta enda á Magdeburg níu leiki eftir af deildarkeppninni á rúmum

## Góð kveðjustund ef það fer þannig

hjoarvar@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Hjörtur Hermannsson, landsliðsmaður í fótbolta, varð um síðustu helgi danskur meistari með liði sínu Brøndby. Hjörtur hefur verið í herbúðum Brøndby frá því árið 2016 en þetta er fyrsti meistararitillinn sem hann vinnur með liðinu. Áður hafði Hjörtur orðið danskur bikarmeistari með Brøndby árið 2018.

Hjörtur spilaði 25 deildarleiki með Brøndby á nýlokinni leiktíð en miðvörðurinn átti ekki fast sæti í byrjunarliði meistaraliðsins framan af leiktíðinni. Á seinni hluta tímabilsins vann Hjörtur sér hins vegar sæti í byrjunarliðinu.

Þessi 26 ára landsliðsmaður verður samningslaus í sumar en hann hefur verið orðaður við þýsku efstudeildarliðin Union Berlin og Augsburg í dönskum fjölmiðlum undanfarið.

„Þetta tímabil hefur verið eins og svart og hvítt. Þetta var erfitt framan af leiktíðinni á meðan ég var lítið að spila. Ég vann mig svo inn í liðið og var í byrjunarliðinu eftir áramót nema í þeim leikjum þar sem liðinu var róterað þegar það voru þrjú leikir í sömu viku,“ segir Hjörtur um tímabilið.

„Mér finnst það persónulegur sigur að hafa náð að vinna mér sæti í byrjunarliðinu í ljósi þess að ég er



Hjörtur Hermannsson fagnar meistararitlinum með félögum sínum í Brøndby.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

að renna út á samningi og mögulega á leið frá félaginu. Ef þetta var kveðjuleikur minn þá var þetta frábær leið til þess að kveðja,“ segir varnarmaðurinn enn fremur.

„Brøndby hefur beðið eftir danska meistararitlinum í 16 ár og þetta var því afar langþráð. Brøndby er lið sem ætlar að berjast um danska meistararitilinn á hverju ári. Þá erum við með stærsta og besta stuðningsmannahópinn sem sást berlega í leiknum á mánudagskvöldið,“ segir Hjörtur.

„Það var setið í einum þriðja sætanna á meðan á leiknum stóð og þegar lokaflautið gall komst hópur stuðningsmanna inn á leikvanginn eftir að hafa brotið niður hlið. Það

var geggjað að fagna þessu innilega með þessum mögnuðu stuðningsmönnum okkar,“ segir hann um kvöldið eftirminnilega.

„Mér finnst líklegra en hitt að ég yfirgefi herbúðir Brøndby í sumar en ég held bara öllu opnu. Yfirmaður knattspyrnumála hjá Brøndby starfaði áður hjá Nord-sjælland og það er stefna félagsins að spila ungum leikmönnum sem koma upp úr akademíunni og selja þá svo.

Það gæti breyst í ljósi þess að við erum á leið í Evrópukeppni. Ég hef fundið fyrir áhuga hér og þar en fer bara gláður inn í sumarið og framtíðin kemur svo í ljós,“ segir landsliðsmaðurinn um framhaldið. ■

Orka

EPL

Santa Maria

RIP PED




UEFA  
EUROPA  
LEAGUE



V



Í KVÖLD  
18:50



GDAŃSK  
FINAL 2021



SPORT

# ALLT

KYNNINGABLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 26. maí 2021



Við verðum aldrei of gömul til að njóta lífsins lystisemda og ævintýra.

## Lifa lengur sem finnst þeir ungir

thordisg@frettabladid.is

Því yngra sem eldra fólk upplifir sig, því lengur lifir það og við betri heilsu. Þetta sýna niðurstöður rannsóknar á vegum þýskrar miðstöðvar í öldrunarfræðum (e. German Centre of Gerontology). Fylgst var með 5.039 einstaklingum yfir fertugt og voru þátttakendur spurðir um almennt heilsufar og áhrif streitu á líðan þeirra. Niðurstöður sýndu að huglægur aldur fólks, eða hversu gamalt því fannst það vera, veitti nokkurs konar vernd gegn streitu. Þeir sem greindu frá mikilli streitu í lífi sínu upplifðu meiri heilsufarslega hnignun á þeim þremur árum sem rannsóknin tók, ekki síst þeir í elsta aldurshópnum.

### Hlátur, leikgleði og ævintýri

Þegar kemur að góðri heilsu og langlífi gæti aldurinn sem þú upplifir þig á verið mikilvægari en raunverulegur lífaldur. Að finnst maður vera yngri felur í sér afstöðu til tilfinningalegs sveigjanlega og leikgleði. Slíkt dregur úr streitu sem hefur mikil áhrif á sálarlífið en kvíði og áföll grafa undan hæfni til að vera skapandi, leikfús, ævintýragjörn og forvitin um tilveruna.

Hægt er að upplifa sig yngri með því að hlæja meira, stunda ihugun og læra eitthvað nýtt. Að spyrja sig hversu gamall maður finnst maður vera og í framhaldinu tileinka sér lífsstílsbreytingar sem smám saman breyta lífinu til hins betra. Þetta snýst jú allt um hugarfar. ■

### D4000iu vítamín – munnúði

Miklu betra verð  
– Meira magn!



Fæst í völdum apótekum,  
Hagkaup og Fjarðarkaup



Aðalheiður Jensen segir áriðandi að huga að hreyfipörf barna og unglunga í skólum þar sem hreyfing auki einbeitingu og bæti líðan.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Hreyfing, hugleiðsla og öndun ekki síður mikilvæg en bóknám

Aðalheiður Jensen er menntaður leikskóla- og jógakennari sem starfar sem þjálfari og heilsuráðgjafi í líkamsræktarstöðinni Primal Iceland. Aðalheiður er afar þakklát fyrir starf sitt sem gerir henni kleift að hafa jákvæð áhrif en hún hefur unnið hörðum höndum að því að finna leiðir til að innleiða jóga, hreyfiflæði og hugrækt í daglegt starf leik- og grunnskóla. **2**

hjordiserna@frettabladid.is

Aðalheiður er 45 ára þriggja barna móðir og hundamma sem býr í Hafnarfirði. Auk leikskóla- og jóga-kennaramenntunar er hún með diplóma á mastersstigi í jákvæðri sálfræði og leggur stund á lífsráðgjafarnám hjá Rope Yoga setrinu.

Áhugi Aðalheiðar á hreyfingu kviknaði snemma. „Ég ólst upp úti á landi og er óttaleg sveitastelpa inn við beinið. Ég elska að vera úti í náttúrunni, hreyfa mig og flatmaga í sundi við hvert tækifæri.

Þabbi minn dró mig út að hlaupa með sér þegar ég var krakki, hann var sjálfur ávallt spriklandi og hafði víst trú á því að ég gæti náð langt í hlaupum. Út frá því fór ég í frjálsar íþróttir og keppti í þeim fram eftir unglingsaldri. Þegar ég fór í framhaldsskóla fékk ég áhuga á lyftingum og sótti líkamsræktarsalinn grimmt.“

### Mætti og hefur ekki farið síðan

Í kjölfarið fór Aðalheiður að keppa í fitness og vaxtarrækt sem hún segir hafa verið afar lærdómsríkt. „Ég lærði líka til jógakennarans hjá Guðna Gunnars og stundaði Rope Yoga og annars konar jóga í mörg ár og stunda enn. Ég hef prófað alls konar líkamsrækt í gegnum tíðina en hefur aldrei liðið eins vel af neinni hreyfingu og þeirri sem ég kynntist í Primal,“ segir Aðalheiður.

„Þar er ég bæði að kenna hóp-tíma í svokölluðu hreyfiflæði eða „movement“, ásamt því að taka á móti fólki í einkatíma í stoðkerfisgreiningu og almennri heilsuráðgjöf.“

Aðalheiður er ein af mörgum



Aðalheiður er að eigin sögn óttaleg sveitastelpa sem veit fátt betra en útivist, hreyfingu og sund. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

sem lofa aðferðafræði Primal Iceland en hún heyrði fyrst af stöðinni í gegnum samfélagsmiðla.

„Ég heyrði fyrst talað um Primal, sem þá hét Movement Improvement, þegar ég sá DJ Margeir pósta á netinu mynd af sér sem bar heitið „Marri í splitt 2015“ og var þar með mynd af sér þar sem hann var í aktívu splitti. Þetta þótti mér áhugavert þar sem ég var ansi stíf og stírd. Ég sendi honum línu og fékk nánari upplýsingar. Ég var svo mætt á svæðið nokkrum dögum

seinna og hef ekki farið þaðan síðan.“

*Hvað var það sem heillaði þig svona við Primal?*

„Nálgunin í æfingakerfinu er það sem heillaði mig og auðvitað stemningin og andinn þarna inni. Það meikar líka bara sens að manneskjan eigi að geta hreyft sig á alla mögulega vegu án þess að finna verki, fá óeðlilegar harðsperrur eða hreinlega þurfa að taka frí frá æfingum til að jafna sig. Primal gengur út á mýkt, hreyfan-

leika, liðleika og styrk og þegar þetta er í jafnvægi þá er líkaminn í jafnvægi og hugurinn fylgir með. Því þetta er jú allt samtengt!

Einkunnarorð Primal eru „frelsi í eigin líkama“ og það er akkúrat það sem ég er að upplifa. Það er ekkert sem líkaminn minn getur ekki gert, sumt krefst bara aðeins meiri vinnu en annað.“

*Hvernig kom það til að þú fórst að vinna þar?*

„Ég stóð á tímamótum í mínu lífi árið 2018 þar sem ég fór í gegnum skilnað við barnsföður minn. Ég var ekki í fastri vinnu þá og langaði ekki að fara í 9–5 vinnu því ég vissi að það hentaði mér ekki. Þá var ég búin að æfa í Primal í þrjú ár og einfaldlega spurði Einar Carl hvort þá vantaði ekki þjálfara og það var slegið og selt á staðnum. Síðan þá hef ég bara blómstrað, lært mikið af þjálfarateymi Primal og held áfram að þroskast og dafna sem samstarfsfélagi þeirra. Þetta er það skemmtilegasta sem ég geri og þarna er ég að vinna með það sem ég trú á og veit að getur bætt heilsu landans,“ segir Aðalheiður.

„Síðan þá hef ég fengið að setja minn lit á starfseminu. Ég setti af stað námskeiðið Mjúkt movement (hreyfiflæði) sem eru tímar sér-sniðnir fyrir fólk sem þarf að fara hægar af stað og eru því ögn mýkri en hefðbundnir tímar. Ég hef líka boðið upp á fjölskyldutíma, námskeið fyrir konur, námskeið fyrir börn í handstöðu og liðleikaþjálfun svo eitthvað sé nefnt.“

### Hreyfing á ekki að vera kvöð

Aðalheiður leggur sérstaka áherslu á að ná til barna og unglunga.

„Ég hef verið að kenna jóga, hreyfiflæði og hugrækt í leik- og grunnskólum og fór af stað með tilraunaverkefni í vetur í grunnskóla í Garðabæ þar sem ég var að innleiða hugmyndafræði Primal í íþrótt- og hreyfistundir nemenda. Það vakti mikla lukku og það er á teikniborðinu að taka það skrefinu lengra og fara inn í fleiri skóla á vegum bæjarfélagsins en það er okkar trú að fleiri bæjarfélög stökkvi um borð og stigi þetta skref með okkar hjálp.“

Hún fer ýmsar leiðir til að kenna börnum og unglungum. „Ég kenni þeim æfingar sem auka hreyfingetu, kenni þeim teygjur til að

opna og liðka líkamann ásamt styrktaræfingum. Allt er þetta gert með gleðina að leiðarljósi því það á að vera gaman að hreyfa sig, ekki satt? Hreyfing á ekki að vera kvöð, hvort sem um börn eða fullorðna er að ræða,“ segir hún.

„Ég nota mikið af hreyfileikjum og stöðvaþjálfun en umfram allt legg ég áherslu á rétta beitingu og fræðslu um af hverju við viljum hreyfa okkur á þennan hátt. Gleymum því ekki að börn eru opin og tilbúin að taka á móti upplýsingum og þegar þau fá fræðslu með líkamlegri tengingu eru þau mun tilbúnari að taka á móti og læra heldur en ella.“

Það er samt sem áður ekki nóg að fá bara einn til tvo íþróttatíma á viku heldur er nauðsynlegt að hreyfing, hugleiðsla og öndun sé jafn mikilvæg og að læra ensku, stærðfræði eða annað akademískt nám. Þegar börn fá hreyfipörf sinni fullnægt gengur þeim betur að ná einbeitingu, þetta eru engin geimvísindi. Við erum gerð til að hreyfa okkur, ekki bara sitja við borð í kassa og taka á móti upplýsingum.“

Aðalheiður er spurð að því hvað felist í hugrækt fyrir börn. „Það sama og hjá fullorðnum. Að þau fái verkfæri til þess að róa huga og líkama. Að þau kunni að tengja við andardráttinn og viti að hugsanir koma og hugsanir fara og það er undir okkur komið í hvaða hugsunum við viljum dvelja.“

*Hvernig telurðu að hægt væri að innleiða þessa hluti í skólakerfið?*

„Við erum með ákveðnar hugmyndir að innleiðingarferli sem við erum til dæmis að víðra við Garðabæ. Það þarf að gera þetta vel þannig að þetta festist í sessi og beri árangur. Það þarf að mæla árangurinn til þess að sjá hvað virkar og hvað ekki. Það þurfa allir hlutadeigandi að vera með í innleiðingunni. Þetta á ekki bara að ná til íþróttakennara og íþróttatíma heldur þarf þetta að vera partur af daglegu starfi skólans. Að kennarar, foreldrar sem og nemendur séu meðvituð um af hverju við viljum fara þessar leiðir. Ég á satt best að segja erfitt með að skilja af hverju svona lítil en framsækinn þjóð eins og við erum ekki komin lengra í þessum málum.“

### Vandræðalegir munkar

Aðalheiður hefur farið utan í kennsluferðir á vegum ferðaskrifstofunnar Mundo. „Ég hef farið með kennarahópa þar sem ég kenni leiðir til þess að innleiða jóga, hreyfingu og hugrækt í skólana þannig að það verði partur af daglegu starfi nemenda. Þessar ferðir hafa verið farnar í munkaklaustur í Madrid sem og til Gdansk og Búdapest. Þær hafa verið frá þremur dögum upp í viku og hafa algjörlega slegið í gegn. Mér skilst samt að við fáum ekki að heimsækja munkaklaustrið aftur í bráð þar sem þeir áttu víst erfitt með að sjá 30 léttklæddar konur í sólinni,“ segir hún létt í bragði.

Aðalheiður segir stefnuna næst setta á Ítalíu, þegar aðstæður leyfi, auk þess sem fleiri viðburðir eru á dagskrá.

*Hvernig litur framtíðin út?*

„Framtíðin er falleg – eða við skulum segja eins falleg og ég vil að hún sé. Ég sé fullt af tækifærum. Ég sé vitundarvakningu í skólakerfinu, lýðheilsuálagnum, forvörnum og hjá fólki almennt. Ég held áfram að vinna að mínum hugmyndum og njóta lífsins með fólkinu mínu.“ ■

## NÝ SENDING FRÁ TRIPPEN Í BÓEL

Handgerðir þýskir leðurskór sem mæta ítrustu kröfum um vistvernd



Viðkvæmir fætur elska Trippen skó.



KÍKTU VIÐ HJÁ OKKUR Á ÓÐINSGÖTU 1, 101 REYKJAVÍK

Sími 8341809 | BOEL | boel.island

Opið virka daga 12-18 laugardaga 12-16

www.boel.is

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördis Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf

Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 26. maí 2021

21. tölublað | 15. árgangur

FYLGRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

Upplifðu faglega og persónulega þjónustu

**MICHELSEN**  
1909

Hafnartorg · 511 1900 · michelsen.is

## Fyrirtæki draga úr ferðalögum eftir COVID

**2** Mikil notkun á fjarfundabúnaði þýðir að fyrirtæki geta dregið úr viðskiptaferðum eftir faraldurinn. Íslandsbanki áætlað að spara 30–60 milljónir á ári.

## Koma á fót 10 milljarða sjóði

**2** Sjóðastýringarfyrirtækið VEX, sem þeir Benedikt Ólafsson og Trausti Jónsson stýra, hefur lokið fjármögnun á tíu milljarða framtakssjóði. Áformar að fjárfesta í 4–8 félögum.

## Nýjar leiðir opnast út í heim

**6** Kjörastæður eru til þess að hleypa af stokkunum samstarfi Íslandsstofu og Business Sweden til þess að styðja við fyrirtæki til að auka sölu á erlendum mörkuðum, segir framkvæmdastjóri Íslandsstofu.

## Hrávöruverð á fleygiferð

**7** Verð á hrávörum hefur hækkað hratt. Undirfjárfesting í vinnslu margra mikilvægra hrávara auk stóraukinnar eftirspurnar vegna orkuskipta mun styðja við hrávöruverð á næstu árum.

## Krónan styrkist og íbúðaverð hækkar enn

**7** Samkvæmt spá Íslandsbanka verður hagvöxtur 2,7% í ár. Vextir hækka í 3,25% í árslok 2023 samhliða efnahagsbata þar sem krónan styrkist um 10% og íbúðaverð hækkar um 11% á árinu.

## Mátti koma í veg fyrir lóðaskort

Árni Stefánsson, forstjóri Húsasmíðjunnar, segir að það hefði hæglega verið hægt að koma í veg fyrir lóðaskort og þær hækkanir á fasteignaverði sem af hlutust. „Þessar markaðsaðstæður hleypa upp fasteignaverðinu og gera það að verkum að ungt fólk á erfiðara með að festa kaup á sinni fyrstu fasteign,“ segir hann. – **Sjá síðu 4**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Optical Studio

SMÁRALIND · HAFNARTORG · LEIFSSTÖÐ · KEFLAVÍK

### SÓLGLERAUGU - TILVALIN ÚTSKRIFTARGJÖF

OPTICAL STUDIO, öll helstu merkin í sólgleraugum.

Opticalstudio.is Sími : 511 - 5800



\*RAY BAN

## Lítt vaxandi framboð á laxi en stöðug aukning eftirspurnar það sem af er ári

thg@frettabladid.is

Eftir að hafa náð 15 ára lágmarki á fyrsta fjórðungi ársins hefur verð á eldislaxi hækkað skarpt frá apríllokum, að sögn Kjartans Ólafssonar, stjórnarformanns Arnarlax. „Verðin í gegnum faraldurinn hafa verið í kringum 40 norskar krónur á kílóíð, sem er nálægt 15 ára lágmarki. Frá lokum apríl hafa þau hins vegar hækkað skarpt og standa nú á bilinu 60 til 70 norskar krónur fyrir kílóíð,“ segir Kjartan.

Tekjur Arnarlax á fyrsta fjórðungi ársins drógust saman um ríflega þriðjung milli ára og námu 178 milljónum norskra króna. Lægri tekjur má að öllu leyti rekja til verðlækkaða á mörkuðum, en framleiðsla fyrirtækisins hélst í horfinu milli ára.

Jákvæð teikn eru á lofti fyrir laxaframleiðendur það sem eftir lifir árs að sögn Kjartans: „Á fyrsta ársfjórðungi áætluðu þeir sem greina þennan markað að framboð á eldislaxi hefði aukist um á bilinu 10 til 12 prósent. Áætlanir sömu greinenda næstu þrjú ársfjórðunga gera ráð fyrir að nettó framboðsáukning út árið verði í kringum núllíð, svo að það ætti að styðja við verðið. Sérstaklega í ljósi þess að eftirspurnaraukning á eldislaxi til lengri tíma er áætluð á bilinu sex til átta prósent á ári hverju,“ segir hann.

Arnarlax er skráður í kauphöllina í Osló, en markaðsvirði fyrirtækisins er nú ríflega 52 milljarðar íslenskra króna. Sé það borið saman við félög í íslensku kauphöllinni má sjá að Arnarlax er meðal miðlungsstórra félaga hér á landi. Markaðsvirði Icelandair liggur í kringum 46 milljarða sem stendur og tryggingafélagsins Sjóvar um 44 milljarða.

„Ég hygg að framleiðslugeta Arnarlax, möguleikar til aukningar framleiðslu og horfur á hækkingu

”

**Eftirspurnaraukning á eldislaxi til lengri tíma er áætluð á bilinu sex til átta prósent á ári hverju.**



Kjartan Ólafsson, stjórnarformaður Arnarlax.

verði á laxi búi til þennan verðmiða á fyrirtækinu. Norskir bankar sem greina þennan markað áætla langtímavæðing á eldislaxi á bilinu 55 til 65 norskar krónur á kílóíð. Okkar langtímavæðing er um kostnað eru um 40 norskar á kílóíð. Það er því mikil framlegð í þessum rekstri ef vel er haldið á spöðunum og dæmin frá Noregi hafa sýnt það í gegnum tíðina,“ segir Kjartan.

Sem áður sagði er Arnarlax skráður í norsku kauphöllina í gegnum norskt móðurfélag sitt, Icelandic Salmon S/A. Komid hefur til umræðu að skrá félagið samhliða á íslenska hlutabréfamarkaðinn, en Kjartan segir þó engar ákvarðanir hafa verið teknar um það sem stendur. „Mér finnst hins vegar mikilvægt að tryggja gagnsæi og að Íslendingar hafi góðan aðgang að félaginu svo að breiðari sátt náist um greinina. Einn af okkar stærstu hluthöfum er Gildi lífeyrissjóður og Stefni heldur líka á stórum hlut. Ég vona að Íslendingar komi í auknum mæli inn í þessa grein sem fjárfestar,“ segir hann. ■

# Draga úr ferðalögum en fundir áfram mikilvægir

Mikil notkun á fjarfundabúnaði í COVID-19 hefur gert það að verkum að fyrirtæki geta fækkað viðskiptaferðum. Fjarfundir koma þó ekki í stað fundar þar sem fólk hittist eða vörusýninga.

helgivifill@frettabladid.is

Íslandsbanki horfir til þess að spara um 30 til 60 milljónir á ári með því að fækka viðskiptaferðum til útlanda. Þetta segir Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka.

Markaðurinn leitaði til stjórnenda fyrirtækja sem eiga í alþjóðlegum viðskiptum í því skyni að draga upp mynd af viðskiptaferðalögum þegar COVID-19 heimsfaraldurinn er að baki í ljósi aukinnar notkunar á fjarfundabúnaði.

Birna segist sjá fram á verulega breytingu á fundarhöldum og ráðstefnusókn í ljósi þess hve mikið fyrirtæki hafi aðlagð sig fundum á netinu vegna COVID-19. Hún nefnir þó að fjarfundir komi ekki í stað tengslamyndunar sem sé nauðsynleg í ákveðnum tilvikum þar sem bankinn eigi í samstarfi við erlenda aðila.

Bjarni Ármannsson, forstjóri Iceland Seafood International, nefnir að þörf fólks í viðskiptum til að hittast á nýjan leik þegar COVID-19 sé að baki verði mikil fyrst um sinn. „Við sem erum í alþjóðviðskiptum munum áfram ferðast mikið, jafnvel þótt eðli ferðanna breytist að einhverju marki,“ segir hann.

Sveinn Sölvason, fjármálastjóri Össurar, segir að reynsla starfsmanna af því að nota fjarfundabúnað hafi verið góð undanfarið ár. „Við teljum að við getum fækkað ferðalögum sem tengjast ekki viðskiptavinum okkar talsvert og munum nota fjarfundi meira en áður fyrir fundi innanhúss, kolefnisspor okkar vegna ferðalaga verður minna og sparnaður í þessum kostnaðarlið töluverður,“ segir hann.

Sveinn segir að liður í því að Össur verði kolefnishlutlaus á þessu ári sé að draga úr flugferðum óháð afleiðingum heimsfaraldursins. Félagið verði eftir sem áður með talsverðan ferðakostnað á mörkuðum þar sem fólk noti aðra ferðamáta en flug. „Starfsmenn félagsins víða um heim munu áfram heimsækja viðskiptavinum eftir því sem aðstæður leyfa.“

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, segir að fyrirtækið stefni á að fækka utanlandsferðum talsvert á þessu ári „og vonandi til frambúðar“. Hann segir að öllum sé ljóst að COVID-19 hafi kennt önnur vinnubrögð hvað varðar fjarfundi. „Auðvitað er langt í frá að fjarfundir komi í stað fundar og þaðan af síður vörusýninga. Það má líka reikna með því að upp-



Fólk í viðskiptalifinu mun áfram þramma um ganga Leifsstöðvar þótt ferðalögin verði að líkindum færri en áður var.

FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

### Dregur úr styttri ferðum

„Ég sé fyrir mér að þegar dregur úr takmörkunum og lífið færast í eðlilegra horf muni vinnutengd ferðalög, almennt hjá fyrirtækjum, ekki ná alveg sömu hæðum og fyrir heimsfaraldurinn,“ segir Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka. „Sérstaklega held ég að styttri ferðum til að sækja aðeins einn eða tvo fundi eigi eftir að fækka. Atvinnulíf um heim allan hefur vanist fjarfundum og upplifað gagnsemi þeirra og skilvirkni og því mun fjölgja þeim tilfellum þar sem ferðalögin eru talin óþörf. Auðvitað felst einhver sparnaður í því en það sem skiptir jafnvel meira máli er að færri flugferðir fela í sér minni kolefnislosun,“ segir hann. ■

söfnuð þörf sé á að hitta erlenda viðskiptavinum og birgja augliti til auglitis. Stundum vegna manna-breytinga og stundum vegna viðkvæmra samninga þar sem betra er að vera á staðnum,“ segir hann.

Bjarni Ármannsson segir að Iceland Seafood International muni fækka ferðalögum þar sem hægt verði að koma því við. „Sérstaklega rútinufundum þar sem breytt samskiptamynstur gerir okkur kleift að vera í góðum samskiptum en spara um leið bæði tíma og þann kostnað sem fylgir ferðalögum fólks öllum til góða. Má nefna reglulega stjórnarfundir þar sem verið er að fara yfir staðlaðar upplýsingar og þess háttar,“ segir hann og nefnir að fundir solumanna félagsins til að skerpa á samþættingu og réttum upplýsingum, söluáherslum og svo framvegis, séu að færast á netið.

Ferðalög á vegum Iceland Seafood International eru margvísleg. Sjávarútvegsfyrirtækið tekur þátt í fjölda sýninga á hverju ári. Þær eru, að sögn Bjarna, nauðsynlegar rekstri fyrirtækisins. „Þar sjáum við ekki fram á fækkun. Stór hluti af þeim sýningum snýst um að vera á staðnum, hitta viðskiptavinum og samstarfsaðila og stunda þau mannlegu samskipti sem eru okkur svo mikilvæg. Sýna vörur og leiða saman framleiðendur og kaupendur.

Við erum að höndla með matvæli og því er það lyklatríði að traust sé til staðar,“ segir hann og nefnir að traust myndist að miklu leyti í samskiptum manna á milli.

Bjarni segir að ferðalög vegna innkaupa, heimsóknna til birgja og dótturfyrirtækja erlendis séu einnig ríkur þáttur í starfsemi og búast megi við að þau fari í svipað horf eftir að COVID-19 sé að baki. Þó megi búast við að þeim fækki eitthvað vegna breytts samskiptamáta. „Þarna koma til skodanir, vörupróun og annað þannig úr garði gert að heimsókn gefur mun meira af sér en fjarfundir og oft er erfitt að koma hlutum áfram án heimsóknanna. Við þurfum líka oft að ganga úr skugga um að hlutir í framleiðslu og vinnslu séu raunverulega eins og þeim er lýst. Þetta eru því oftast bráðnauðsynleg ferðalög,“ segir Bjarni.

Magnús Óli Ólafsson, forstjóri Innness, segir að ef mynda eigi góð tengsl eða ganga frá mikilvægum samningi sé betra að hitta viðkomandi augliti til auglitis. „Við munum þróa nýtt verklag sem verður í bland við það sem áður hefur tíðkast og það sem nú er, hvert hlutfallið verður er erfitt að sjá fyrir. Þetta ræðst líka af þeim óskum sem koma frá birgjum okkar, má vera að þeir verði með nýtt verklag sem við lögum okkur að,“ segir hann. ■

### MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

## RAF MÓTORAR



**SCANVER** 588 80 40  
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

## VEX klárar fjármögnun á 10 milljarða framtakssjóði

hordur@frettabladid.is

Sjóðastýringarfyrirtækið VEX, sem var stofnað í fyrra og er stýrt af þeim Benedikt Ólafssyni og Trausta Jónssyni, hefur lokið fjármögnun á tíu milljarða króna framtakssjóði.

Talsverð um framtírspurn reyndist vera frá fjárfestum en hluthafar sjóðsins, sem ber heitið VEX I, eru stærri stofnanafjárfestar, meðal annars tryggingafélagið VÍS og helstu lífeyrissjóðir landsins, og ýmsir einkafjárfestar, eins og Bjarni Ármannsson.

VEX mun fjárfesta í óskráðum fyrirtækjum, sem eru að sækja nýtt hlutafé til vaxtar, auk stöndugra



Trausti og Benedikt hjá VEX.

félaga þar sem tækifæri eru til umbóta og aukinnar virðisbætur. Sjóðurinn áformar að fjárfesta í 4 til 8 fyrirtækjum og að eignarhaldstími í hverju félagi verði á bilinu 3 til 7 ár.

Benedikt og Trausti störfuðu áður saman að sérhæfðum fjárfestingum hjá sjóðastýringarfyrirtækinu Stefni.

Benedikt starfaði síðast sem fjármálastjóri Skeljungu 2016 til 2019 en Trausti hætti hjá Stefni í fyrra.

„Við höfum í gegnum tíðina átt gott samstarf með flestum þeim fjárfestum sem nú koma að sjóðnum. Á grundvelli þess samstarfs stofnum við VEX I, þar sem markmiðið er að koma fjármagni í vinnu með ábyrgum og árangursríkum hætti,“ segir Benedikt.


Að mati Trausta er mikið af áhugaferðum tækifærum innan þess fjárfestamengis sem VEX I horfir til. „Við sjáum sérstaklega vöntun í að fjármagna vegferð vaxtarfyrirtækja, t.d. vörupróun, bættum innviðum, skólun á rekstri og sókn á ný markaðsvæði.“ ■



# GEFÐU UPPLIFUN Í ÚTSKRIFTARGJÖF



Með Óskaskríninni gefurðu upplifanir í stað hluta og það sem meira er, þú gefur viðtakandanum færi á að velja sína uppáhalds upplifun úr fjölda freistandi möguleika sem leynast í hverju boxi. Óskaskrínin eru á mismunandi verði og höfða til fjölbreytilegs smekks og ólíkra áhugasviða viðtakenda.



Óskaskrín

577 5600 | [info@oskaskrin.is](mailto:info@oskaskrin.is) | [oskaskrin.is](http://oskaskrin.is)



„Samanlagt er [Bygma] að kaupa fyrir milljarða frá birgjum sem við værum annars að kaupa af fyrir tugi, mögulega nokkur hundruð milljónir,“ segir Árni um eigandann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

## Methagnaður þrátt fyrir erfiða byrjun



Helgi Vífill  
Júlíusson  
helgivifill  
@frettabladid.is

Sala Húsasmiðjunnar til einstaklinga jókst um 30 prósent á milli ára í fyrra en sala til verktaka stóð nánast í stað. Færri íbúðir í byggingu núna en á árunum 2020 og 2019.

Afkoma Húsasmiðjunnar hefur aldrei verið betri en árið 2020. Hagnaðurinn nam 900 milljónum króna fyrir skatta og jókst verulega á milli ára. Tekjur jukust um sjö prósent á milli ára og námu rúmum 20 milljörðum króna árið 2020.

„Fyrsti ársfjórðungur ársins 2020 var þungur í skauti. Það má rekja til óhagstæðs veðurfars og að Covid-19 heimsfaraldurinn nam land í mars. Honum fylgdi óvissa í efnahagsmálum og stífar samkomutakmarkanir en við reukum stórar verslanir. Salan var róleg framan af í apríl en frá miðjum apríl í fyrra hefur salan gengið vel,“ segir Árni Stefánsson, forstjóri Húsasmiðjunnar.

Hann segir að sala til verktaka hafi nánast staðið í stað á árinu 2020 en sala til einstaklinga hafi aukist um 30 prósent. „Vorið er almennt tími mikillar sölu til einstaklinga þegar vorverkin hefst. Fólk hafði ekki tók á að ferðast erlendis í fyrra og fyrir vikið hafði það mun meira fé á milli handanna og tíma til að sinna viðhaldi og framkvæmdum en áður. Það varð til dæmis sprenging í sölu á pallaefti og málningu. Aðgerðir stjórnvalda, eins og endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu við nýbyggingar og viðhaldi, hvöttu heimilin sömuleiðis til þess að láta hendur standa fram úr ermum. Sá stuðningur verður að minnsta kosti út þetta ár.“

Árni segist búast við góðu sumri í ár í sölu til einstaklinga. „Við yrðum afar ánægð ef salan verður álika og í fyrra. Vöxturinn var þó það mikill á milli ára að við búumst ekki við mikilli magnaukningu,“ segir hann. Árni segir að áður en Covid-19 far-

sóttin breiddist út hafi verið farið að hægjast um hjá verktökum því hagkerfið hafi þegar verið tekið að kólna. Bankarnir hafi til að mynda verið farnir að draga úr lánveitingum til nýrra byggingarframkvæmda sem hafi óhjákvæmilega dregið úr umsvifum.

„Heimsfaraldurinn gerði það að verkum að ákveðið var að bíða með fjölmörg verkefni í ferðaþjónustu og það hægði á sölu á íbúðum fyrstu mánuðina. Stýrivaxtalækkunar og aukin bjartsýni gerði það að verkum að íbúðamarkaðurinn tók við sér um haustið. Einnig virtist liðkast um bankafjármögnun til byggingarverktaka síðastliðið haust. Margir þeirra áttu þegar öllu er á botninn hvolft gott ár.“

Ekki verður þó fram hjá því lítið að það eru færri íbúðir í byggingu núna en á árunum 2020 og 2019. Á árinu 2020 voru fjögur þúsund íbúðir í byggingu á höfuðborgarsvæðinu en fimm þúsund árið 2019, eða 20 prósent samdráttur, samkvæmt talningu Samtaka iðnaðarins. Þar spila atríði eins og skortur á framboði á nýjum lóðum á hagkvæmu verði klárlega inn í. Eins fækkaði störfum í byggingariðnaði um sjö prósent á milli ára árið 2020 ef marka má gögn Hagstofunnar. Engu að síður stóð sala Húsasmiðjunnar til fagmanna í stað á milli ára,“ segir hann.

*Afhverju heldurðu að það sé?*

„Við náðum að bæta við okkur markaðshlutdeild og auka sölu á ýmsum byggingarvörum til þeirra.“

*Verktakabransinn getur ekki beint hreyft sig hratt, það er langt ferli frá því að hugmynd sprettur og hús er fullbyggt.*

„Algengt er að byggingarverkefni taki þrjú til fjögur ár. Frá því að skipulag hefur verið samþykkt og farið er að teikna þar til húsnæði er risið.“

*Hvernig meturðu stöðu verktaka*

### Danir lagt 1,3 milljarða í hlutafé Húsasmiðjunnar

Bygma, dönsk byggingarvöruverslun með starfsemi á Norðurlöndunum, keypti Húsasmiðjuna við lok árs 2011 af Framtakssjóði Íslands fyrir um 800 milljónir króna og tók við 2,5 milljörðum króna af vaxtaberandi skuldum. Heildarvirði kaupanna, það er hlutafé lagt saman við skuldir, var því 3,3 milljarðar króna. Árið 2014 lagði Bygma íslenska móðurfélaginu til 466 milljónir króna aukalega. Hlutafjárukningin kom í kjölfar þess að fyrstu tvö árin var Húsasmiðjan rekin með 179 og 174 milljónum króna tapi. Miðað við hlutafjárukninguna nemur fjárfesting Bygma í hlutafé Húsasmiðjunnar tæpum 1,3 milljörðum króna.

Eins og fyrr var getið nam hagnaður Húsasmiðjunnar 900 milljónum króna fyrir skatta á árinu 2020. Á árunum 2016 til 2018 var hagnaðurinn fyrir skatta á bilinu 282 til 347 milljónir króna.

Arðsemi eiginfjár af rekstrinum á árunum 2014 til 2019 var sjö prósent að meðaltali eftir skatta.

Húsasmiðjan á einnig Blómaval, sem selur blóm og árstíðabundnar vörur eins og fyrir jól og sumar, og Ískraft sem þjónustar rafiðnaðarmarkaðinn. ■



**Margir verktakar standa traustum fótum. Þeir öfluðu útboðsverkefna í fyrra og hófu eigin framkvæmdir í bland.**

*í ár?*

„Margir verktakar standa traustum fótum. Þeir öfluðu útboðsverkefna í fyrra og hófu eigin framkvæmdir í bland. Þannig að verkefnastaða er góð að minnsta kosti vel fram á næsta ár. Aðrir verktakar standa vissulega veikari en heilt yfir stendur atvinnugreinin vel að vígi. Fasteignaverð hefur hækkað hratt sem kemur þeim vel því launakostnaður hefur hækkað um tíu prósent á milli ára. Hækkunar á fasteignaverði koma því til móts við aukinn framleiðslukostnað. Miðað við eftirspurnina nú er ég

nokkuð bjartsýnn á markaðinn. En vissulega hef ég áhyggjur af því hvað verður þegar stýrivextir taka að hækka. Þá gæti markaðurinn kólnað hratt.“

Árni segir að það verði ekki fram hjá því lítið að þéttingarstefna Reykjavíkurborgar hafi stuðlað að lóðaskorti og þess vegna hafi lóðaverð rokið upp. Lítið framboð sé af lóðum fyrir sérbylí og komi lóðir á frjálsa sölu seljist þær stundum á tugi milljónum. Að sama skapi séu lóðagjöld á höfuðborgarsvæðinu orðin afar há þegar tekið er tillit til líða eins og innviðagjalda.

„Þessar markaðsaðstæður hleypa upp fasteignaverðinu og gera það að verkum að ungt fólk á erfiðara með að festa kaup á sinni fyrstu fasteign. Það hefði hæglega verið hægt að koma í veg fyrir lóðaskort og þær hækkunar á fasteignaverði sem af hlutust.“

Skýrt dæmi um lóðaskort er þegar Árborg auglýsti fyrir skemmstu 52 lóðir til sölu og hátt í níu þúsund umsóknir bárust. Ljóst er að það ríkir ekki jafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar í augnablikinu.“

# Nýsköpunarvikan

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 26. maí 2021

Kynningar: Rannís, Algalíf, WomenTechIceland, Háskóli Íslands, Advel, VÍS, Eyrir Venture Management, Hugverkastofa, Alvotech, Advania



Í teymi Tækniþróunarsjóðs Rannís eru, frá vinstri: Sóley Ólafsdóttir, Ágúst Hjörtur Ingþórsson, Sigríður Heimisdóttir, Svandís Unnur Sigurðardóttir og Lýður Skúli Erlendsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Stærsta ár Tækniþróunarsjóðs

Tækniþróunarsjóður Rannís veitir sprotafyrirtækjum mikilvægan stuðning og hafa umsóknir aldrei verið fleiri en í ár. Tilkynnt verður um vorúthlutanir í lok maí og verður 3,7 milljörðum króna veitt til nýsköpunarverkefna í ár. **2**



Starfsfólk Tækniþróunarsjóðs tekur öllum umsóknum fagnandi enda gleðilegt að veita íslenskum sprotafyrirtækjum og nýsköpunarverkefnum gott brautargengi. Teymið skiptir með sér verkum og í ár bætast við kærkomnar nýjungar eins og skattfrádráttur til að ýta undir þróunarstarf innan fyrirtækja. Frá vinstri eru Lýður Skúli, Sigríður, Svandís Unnur, Ágúst Hjörtur og Sóley. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Árið 2021 verður stærsta ár Tækniþróunarsjóðs frá upphafi. Hann hefur tæpa 3,7 milljarða króna til ráðstöfunar til nýsköpunarverkefna í ár,“ segir Ágúst Hjörtur Ingþórsson, sviðsstjóri rannsókn- og nýsköpunarsviðs Rannís.

Tækniþróunarsjóður er stærsti opinberi samkeppnissjóðurinn sem veitir styrki til nýsköpunarverkefna. Hann er opinn verkefnum úr öllum atvinnugreinum og ýtir jafnframt undir alþjóðlegt samstarf í nýsköpun.

„Nýsköpun er lykilatriði í því að styrkja stöðir efnahagslífsins,“ segir Ágúst Hjörtur. „Mikilvægi sjóðsins í uppbyggingu nýsköpunarfyrirtækja hefur sýnt sig undanfarin ár, enda hefur stuðningur hans hjálpað fjölda fyrirtækja að komast á legg.“

Ágúst Hjörtur nefnir Nox Medical, sem þróað hefur svefngræiningarbúnað, sem gott dæmi um fyrirtæki sem skapað hefur sér sess á alþjóðlegum markaði.

„Pétur Már Halldórsson, forstjóri Nox Medical, fullyrðir að án sjóðsins hefði atburðarásin í vegferð þeirra orðið önnur og fyrirtækið mögulega ekki orðið að veruleika. Hann telur Tækniþróunarsjóð því gífurlega mikilvægan stuðning fyrir sprotafyrirtæki sem eru enn á hugmyndastigi,“ segir Ágúst Hjörtur.

„Önnur fyrirtæki sem náð hafa brautargengi með aðstoð Tækniþróunarsjóðs eru meðal annars ORF líftækni, sem þróað hefur Bioeffect-húðvörur, og leikjafyrirtækin Solid Clouds og Parity, en listinn yfir öflug nýsköpunarfyrirtæki sem sjóðurinn hefur styrkt í gegnum árin er langur.“

**Nú er tími til að sækja um** Tækniþróunarsjóður er með tvo stóra umsóknarfresti í fyrirtækjastyrkjum, að vori og hausti.

## Forstjóri Nox Medical fullyrðir að án sjóðsins hefði atburðarásin í vegferð þeirra orðið önnur og fyrirtækið mögulega ekki orðið að veruleika.

Ágúst Hjörtur Ingþórsson

„Fyrirtækjastyrkir eru fyrir nýsköpunarfyrirtæki og í sumum tilfellum einstaklinga sem hyggjast stofna fyrirtæki utan um hugmyndir sínar. Í boði eru fjórar tegundir styrkja: Fræ, Sproti, Vöxtur og Markaðsstyrkir, en eins og nöfnin gefa til kynna styðja þeir við verkefni sem komin eru mislangt, allt frá hugmyndastigi til undirbúnings vöru á markað,“ upplýsir Sóley Ólafsdóttir, sérfræðingur hjá Tækniþróunarsjóði.

Auk þess býður sjóðurinn upp á styrki til hagnýtra rannsóknarverkefna og einkaleyfisstyrkja.

„Alþjóðleg samvinna er líka mikilvæg í þessu samhengi og áhugavert að horfa til árangurs íslenskra fyrirtækja í sókn í styrki á vegum Evrópusambandsins og norræna styrki. Þegar horft er til erlendra samstarfsverkefna er ljóst að íslenskir aðilar hafa mikið fram að færa, til dæmis í verkefnum sem tengjast hafinu, orku og efnis-tækni,“ segir Sóley.

### Breytingar fram undan

Á þessu ári mun Tækniþróunarsjóður taka upp þá nýbreytni að aðstoða styrkþega í Sproti í fyrstu skrefunum.

„Í samstarfi við Icelandic Start-

ups mun sjóðurinn halda vinnu-smíðju með styrkþegum, þar sem fengnir verða öflugir aðilar úr atvinnulífinu til að leiðbeina frumkvöðlunum og veita þeim mikilvæga innsýn í ferðalagið sem fram undan er þegar verkefni er á frumstigi,“ segir Lýður Skúli Erlendsson, sérfræðingur í teymi Tækniþróunarsjóðs.

Önnur breyting sem gerð verður á árinu er að umsóknarferli í Sproti verður gert að tveggja þrepa kerfi.

„Umsækjendur munu í upphafi senda inn einfaldari útgáfu af umsókn en verið hefur og eftir að umsóknir hafa verið metnar mun hluta af umsækjendum verða boðið að senda inn stærri umsókn til sjóðsins og fara í lokamat hjá sjóðnum. Markmiðið er að straumlínulaga ferlið sem vonandi verður umsækjendum til góðs,“ segir Lýður Skúli.

Jafnframt, til að styðja enn betur við verkefni sem eru snemma í nýsköpunarferlinu, hefur sjóðurinn ákveðið að hafa alltaf opið fyrir umsóknir í styrktarflokknum Fræ, í stað einu sinni á ári eins og verið hefur undanfarin ár.

„Fræ er fyrir verkefni á hugmyndastigi og það er mjög einfalt að sækja um styrk í þessum flokki. Skila þarf inn einföldu skráningarblaði ásamt stuttu myndbandi eða glærुकynningu,“ útskýrir Lýður Skúli.

### Mikil gróska í nýsköpun

Nýsköpunarsamfélagið á Íslandi er mjög sterkt og á góðri siglingu.

„Tækniþróunarsjóður er bara hluti af þeim innviðum sem eru að byggjast upp. Undanfarin ár hafa mörg öflug frumkvöðlasetur orðið til og fjárfesting í nýsköpun er að aukast. Aðilar sem náð hafa árangri með nýsköpunarfyrirtæki sín styrkja og styðja upprennandi frumkvöðlafyrirtæki í gegnum

## Skattfrádráttur til rannsókna- og þróunarverkefna er hvatakerfi til að ýta undir þróunarstarf innan fyrirtækja. Má reikna með að endurgreiðsla vegna síðasta árs fari hátt í 10 milljarða.

Svandís Unnur Sigurðardóttir

fjárfestingu og ráðgjöf, og allt býr þetta til betri umgjörð um nýsköpun í landinu,“ segir Sigríður Heimisdóttir, sérfræðingur hjá Tækniþróunarsjóði Rannís.

Sigríður segir þessa miklu grósku skila sér í enn fleiri umsóknum til sjóðsins.

„Það er ánægjulegt að sjá hversu mörg góð verkefni eru að berast. Það sækja í raun mun fleiri sterk verkefni um en sjóðurinn nær að styrkja, þrátt fyrir að sjóðurinn hafi stækkað verulega á undanföllum árum. Síðasta ár var óhefðbundið þar sem sjóðurinn fékk auka innspýtingu upp á 700 milljónir króna vegna faraldursins en stjórn sjóðsins brást við með því að flyta haustumsóknarfresti fram í júní í þeim tilgangi að koma fjármagni sjóðsins í vinnslu snemma á árinu. Viðbrögðin voru mjög mikil og aldrei hafa borist eins margar umsóknir til sjóðsins á einum umsóknarfresti.“

### Skattfrádráttur hvatning til nýsköpunar

Annar mikilvægur opinber stuðningur til nýsköpunar er skattfrádráttur til rannsókna- og þróunarverkefna sem orðið hefur sífellt öflugri síðastliðin tíu ár.

„Þetta er hvatakerfi til að ýta undir þróunarstarf innan fyrirtækja. Stuðningurinn felur í sér endurgreiðslu á rannsókna- og þróunarkostnaði sem fyrirtæki verja til nýsköpunarverkefna. Á þessu ári getur endurgreiðsla numið allt að 35 prósentum af kostnaði hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum og allt að 25 prósentum hjá stórum fyrirtækjum,“ upplýsir Svandís Unnur Sigurðardóttir, sérfræðingur í teymi Tækniþróunarsjóðs.

Reikna má með að endurgreiðsla vegna síðasta árs fari hátt í 10 milljarða króna.

„Það er gríðarlega mikilvægt framlag til nýsköpunar í landinu,“ segir Svandís Unnur. „Tækniþróunarsjóður styður við þróunarstarf fyrirtækja, allt frá hugmyndastigi til fyrstu skrefa á markaði, og fjölmörg fyrirtæki sem farið hafa í gegnum styrkja-kerfi Tækniþróunarsjóðs eru nú orðin nógu burðug til að nýta sér skattfrádráttinn til að auka enn á þróunarstarf sem svo mun skila sér í enn öflugri fyrirtækjum.“

### Vorfundur sjóðsins

Tækniþróunarsjóður heldur sinn árlega vorfund 24. júní.

„A fundinum munum við fagna vorúthlutun sjóðsins og þeim björtu tímum sem eru fram undan í nýsköpun í landinu. Fundurinn verður í streymi til að allir geti notið hans,“ segir Sigríður.

Í tilefni Nýsköpunarvikunnar kynnir Tækniþróunarsjóður tækifæri sem bjóðast í húsnæði Grósku og beinu streymi á milli klukkan 12.30 og 13.30 á föstudag, 28. maí. Öllum er velkomið að fylgjast með. ■

Tækniþróunarsjóður Rannís er í Borgartúni 30. Sími 515 5800. Allar nánari upplýsingar á rannis.is.

# Frumkvöðlakraftur á Reykjanesi skapar eitt öflugasta líftæknifyrirtæki landsins

Líftæknifyrirtækið Algalif er byggt á nýsköpun en það sérhæfir sig í framleiðslu á astaxanthíni, sem er vinsælt í fæðubótarefni og húðvörur. Orri Björnsson forstjóri segir þróun á nýju efni langt komna og stutt í að hún fari í framleiðslu.

Algalif er eitt athyglisverðasta nýsköpunar fyrirtæki landsins en það framleiðir andoxunarefnið astaxanthín úr örþörungum, sem þykir eitt það áhrifaríkasta á markaðnum. „Astaxanthín er mjög eftirsótt í fæðubótarefni og húðvörur og Algalif selur það til fyrirtækja víða um Evrópu, Asíu og Ameríku. Við erum kominn langt með að þróa annað efni og það stýttist í að við förum að framleiða það líka af fullum krafti, samhliða astaxanthíni. Um er að ræða fucoxanthín, sem er fæðubótarefni og nýttist einnig í húðvörur,“ segir Orri Björnsson, forstjóri Algalif.

## Alþjóðleg líftækniverðlaun 2021

Fyrr á þessu ári hlaut Algalif Alþjóðlegu líftækniverðlaunin 2021 sem besti framleiðandi á afurðum úr náttúrulegu astaxanthíni. Verðlaunin veitir tímaritið Global Health and Pharma, sem er eitt virtasta fag-tímaritið á sviði heilsuvísinda. Þetta er í sjötta sinn sem verðlaunin eru veitt og Algalif er fyrsta íslenska fyrirtækið til að hljóta þau.


„Astaxanthín er sterkasta andoxunarefni sem finnst í náttúrunni en Algalif vinnur það úr örþörungum sem heita Haemato-coccus pluvialis. Framleiðslan er hátæknileg og að mestu sjálfvirk. Sérstök LED-ljós og tölvustýrð ljósa- og hitakerfi eru notuð við ræktun örþörunganna, sem eru í lokuðum rörakerfum, sem þýðir að notkun á vatni, raforku og landi er í lágmarki. Örþörungarnir fá sérstaka áburðarblöndu en þeir vaxa með ljóstíllifun og eftir um 21 dag eru þeir tilbúnir fyrir uppskeru. Þá eru örþörungarnir þurrkaðir og við tekur sérstakt ferli þar sem astaxanthín er unnið úr þeim,“ útskýrir Orri.

## Hátækni á Reykjanesi

Algalif er staðsett uppi á gamla varnarliðssvæðinu á Reykjanesi, þar sem öll framleiðslan fer fram. Þótt í grunninn sé um að ræða einfalda framleiðslu þá er tæknilega flókið að ná jafn góðum árangri og raunin er. Góður árangur Algalifs byggir á ýmsum snjóllum lausnum, hátækni, vísindapækkingu og hugviti. „Tæplega fjórtíu manns vinna hjá fyrirtækinu eins og staðan er núna. Þar af er stór hluti hámenntaðir vísindamenn og sérfræðingar. Verksmiðjan er í 5.000 fermetra húsnæði en það stendur til að stækka það og þá bætast við 7.000 fermetrar. Starfsmenn fara þá í 80. Reksturinn hefur verið fjárhagslega sjálfbær síðustu þrjú árin, sem þýðir að við höfum selt nógu mikið til að geta borgað alla reikninga. Veltan var 1.250 milljónir í fyrra og verður nálægt 1.600 milljónum á þessu ári. Fyrirtækið hefur vaxið mikið undanfarin ár og við sjáum fram á áframhaldandi vöxt,“ segir Orri, en Algalif hefur getið sér gott orð á alþjóðavettvangi fyrir sjálfbærni, gæði og öryggi varðandi afhendingar, auk þess sem framleiðslan er umhverfisvæn.

## Grænt fyrirtæki í öllum skilningi

Algalif notar einvörðungu græna orku úr jarðvarma. Ekkert jarð-



Orri Björnsson segir Algalif hafa vaxið mikið undanfarin ár og hann sér fram á áframhaldandi vöxt. Algalif hefur getið sér gott orð á alþjóðavettvangi fyrir sjálfbærni, gæði og öryggi varðandi afhendingar, auk þess sem framleiðslan er umhverfisvæn.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK



Um 40 manns vinna hjá Algalifi, þar af stór hluti hámenntaðir vísindamenn og sérfræðingar.



Þörungarnir eru ræktaðir í lokuðum rörakerfum hjá Algalifi.

**Astaxanthín er sterkasta andoxunarefni sem finnst í náttúrunni en Algalif vinnur það úr örþörungum. Framleiðslan er hátæknileg og að mestu sjálfvirk.**

efnaeldsneyti er notað við framleiðsluna og allir bílar og vinnutæki fyrirtækisins eru rafknúin. Nú eru framleidd um 30 tonn af lífmassa hjá Algalif á ári. Við framleiðsluna eru bundin um 75 tonn af koltvísýringi en um 60 tonn af súrefni eru losuð út í andrúmsloftið. Kolefnisfótsporid er því neikvætt sem því nemur. Eftir stækkun verður lífmassaframleiðslan um 100 tonn á ári og kolefnisbindingin því um 250 tonn á ári. Losað súrefni út í andrúmsloftið verður þá um 190 tonn á ári. Í nýlegri umfjöllun

hjá viðlesnu alþjóðlegu vefriti var Algalif kallað fyrirtækið þar sem sjálfbærni er lífsstíll.

„Í okkar huga eru umhverfismálin mjög mikilvæg. Við erum með tólf hleðslustöðvar og bjóðum starfsfólki upp á að hlaða sína rafmagnsbíla á meðan það er í vinnunni, en meirihluti þess er á rafmagnsbílum. Við flokkum allt sopp mjög nákvæmlega, erum með virka umhverfisstefnu, viljum hafa hreint í kringum okkur og ekki skilja neitt eftir í umhverfinu,“ segir Orri.

**Persónuleg tengsl eru mikilvæg** Algalif var stofnað árið 2012 í Norgegi. „Hugmyndin að fyrirtækinu kviknaði hjá manni sem framleiddi gróðurhúsalampa, sem voru meðal annars notaðir við ræktun á þörungum.

Nýir eigendur tóku við fyrirtækinu tæpum tveimur árum síðar og það var flutt til Íslands haustið 2013. Við förum hægt af stað og vorum dugleg að sækja sýningar og mynda tengsl. Þótt það kosti sitt hefur það margborgað sig.

Við fengum örþörungana sem við notum við framleiðsluna í svokölluðum þörungabanka. Háskólar og rannsóknastofnanir víða um heim safna sýnum af örþörungum, greina þau og geyma í sínum geymslum árum saman. Þegar við vorum að byrja fengum við örþörungana frá fjórum bönkum en einn kom áberandi best út. Við keyptum okkar fyrsta glas á 150 evrum og erum enn að nota þá gerð af örþörungum.

Þetta eru einfrumungar þannig að við getum sagt að við séum að búa til 80 störf úr úr einni frumu,“ segir Orri og brosir.

## Höfðu trú á fyrirtækinu

Þegar Orri er spurður hvort fólk hafi trú að fyrirtækið strax í upphafi segist hann efast um það. „Fáir Íslendingar hefðu viljað setja peninga í þetta. Eigendurnir norsku þekkja betur framleiðslu á örþörungum og höfðu því trú á þessu verkefni. Við höfum verið heppin með að hitta á réttu fjárfestana. Persónuleg tengsl og gott samstarf skiptir sköpum.“

## Frumkvöðlakraftur verður að miklum verðmætum

Nú er hins vegar öldin önnur og Orri og Algalifi hefur verið talsvert hampað í erlendum miðlum sem fjalla um líftækni og frumkvöðla.

„Fólk hefur trú á því sem við erum að gera. Öll sú stækkun sem er í kortunum er fullfjármögnuð. Reksturinn á felaginu er góður og við búum við gott sjóðsstreymi,“ segir Orri.

Spurður hvaða ráð hann eigi fyrir fólk sem hefur hug á að fara út í nýsköpunar- og frumkvöðla-starfsemi segir Orri mikilvægt að læra af mistökum og gefast ekki upp. „Stór hluti af þessari vinnu er að gera mistök, fást við vandamál, laga þau og halda áfram. Peningar eru drifkrafturinn til að geta látið hugmyndir verða að veruleika. Það skiptir máli að finna réttu fjárfestana og gera þeim ljóst strax að það mun ekki allt fara eftir áætlun. Það er líka nauðsynlegt að halda fólki niðri á jörðinni. En það er einnig þýðingarmikið að þrjúskast ekki áfram með hugmynd sem er ekki nógu góð,“ segir hann. ■

# Prjónar úr úrgangi frá gerjuðu tei



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is

Textílneminn Þórlaug Sæmundsdóttir hefur undanfarið verið að prófa sig áfram við að búa til lísta- verk og spennandi nýjungar úr scoby, lífrænu efni sem verður til þegar te er gerjað.

Þórlaug er að ljúka fyrra árinu af tveimur í textílnámi í Myndlistarskóla Reykjavíkur. Hún hefur nýtt námið til að gera ýmsar tilraunir með efnið.

„Ég er á byrjunarstigi í þessu öllu. Ég vissi af því að fólk hafði verið að búa til eitthvað úr scoby í gegnum vinkonu mína sem á Kombucha Iceland. En svo fór ég að skoða möguleikana betur þegar ég fór að skoða óhefðbundna efni- víði í textílnáminu mínu,“ segir Þórlaug.

Scoby er lífræn aukaferð sem myndast á yfirborðinu þegar Kombucha er búið til en Kombucha er gerjaður tedrykkur sem er talinn hafa ýmis heilsuáhrif. Hægt er að rækta scoby í heima- húsi og leiðbeiningar um hvernig það er gert má finna á netinu. En Þórlaug lætur nægja í bili að fá scoby gefins frá vinkonu sinni.

„Námið gefur manni nægan tíma og tækifæri til að skoða ýmis- legt. Það er hægt að taka námið svolitíð í þá átt sem áhugi manns liggur. Ég er ekki beint þessi hefð- bundna handavinnumanneskja en ég er mjög tilraunagjörn og þetta efni er alveg geggjáð í slíkar til- raunir,“ útskýrir Þórlaug.

„Ég hef prófað að þurrka scoby- inn í mismunandi mótum. Ég hef líka prófað að slétta hann til að



Þórlaug hefur verið að gera alls kyns til- raunir með scoby.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

nota sem einhvers konar leður, en fólk er byrjað að gera það með ágætum árangri úti í heimi. Það er eitthvað um að fólk sé að gera föt úr honum, skó og veski.“

## Efni með marga möguleika

„Scoby er lífrænt efni sem brotnar niður í náttúrunni og það er enn verið að reyna að finna út úr ýmsum tækniatriðum til að hægt sé að auka framleiðslu á efninu og nýta það betur. Þetta er ótrúlega sterkt efni með spennandi möguleika sem hægt er að nota sem staðgengil fyrir leður í ýmsar vörur. Það er verið að skoða náttúruvænni möguleika en að úða vatnsheldnispreyi á það til að láta það endast lengur,“ útskýrir Þórlaug.

„En svo er spurning hvort efnið

þurfi endilega alltaf að vera vatns- held. Ég er komin svolitíð inn á það að velja því fyrir mér hvort ein- hverjir nytjahlutir megi ekki alveg breyta um form ef það kemur óvart vatn inn á þá. Ég er hvergi nærri hætt að skoða þetta. Ég á ár eftir af náminu og hver veit nema ég fari í meira nám á eftir þar sem hægt er að skoða þetta betur.“

Auk þess að prófa að lita efnið með bæði jurtalitum og kemískum litum, vatnsverja það og fletja það út hefur Þórlaug líka gert tilraunir með að prjóna úr því.

„Ég hef ekki enn fundið neinn á netinu sem hefur prófað að prjóna úr scoby, en útkoman var mjög skemmtileg. Ég hef líka prófað að bleyta upp í scoby-num aftur. Það finnst mér extra spennandi. Það er þrívíddarmöguleiki í efninu.

”

Ég hef ekki enn fundið neinn á netinu sem hefur prófað að prjóna úr scoby, en útkoman var mjög skemmtileg.



Prjónaður þurrkaður scoby.



Scoby er sterkur og hægt að nota hann í margt. Hér er hann blautur og prjónaður. MYNDIR/ÆSENDAR

Það er til dæmis hægt að brugga kombucha í formi sem er í laginu eins og formið sem þú vilt hafa scoby-inn sjálfan í. Þá er hægt að gera svipað og Valdís Steinarsdóttir gerði á HönnunarMars. Hún próaði form sem hún setur lífrænt plast í, úr forminu koma tilbúin föt og svo er hægt að bræða þau aftur í annað form. Það er í raun hægt að láta scoby vaxa í það form sem þú vilt. Hvort sem það er veski eða fatnaður. Mér finnst spennandi að skoða þann vinkil,“ segir Þórlaug. ■

## Mótum græna framtíð

Ný hugsun – Ný nálgun – Ný sköpun

Streymi Landsvirkjunar í Nýsköpunarviku 28. maí kl. 9-10

Heimurinn þarf að stórauka endurnýjanlega orkuvinnslu. Ísland á þar frábært tækifæri.

Sveinbjörn Finnsson og Vordís Eiríksdóttir, Landsvirkjun

Græn framtíð felst í því að minnka kolefnisspor með nýsköpun og bættu nýtingu að leiðarljósi.

Íris Ösp Bergþórsdóttir Elkem, Steinunn Dögg Steinsen Norðurál og Dr. Ólafur Haraldsson Wallevik, Rannsóknastofu byggingariðnaðarinnar


Föngum og nýtum eða förgum kolefnislosun.

Jóhanna Hlín Auðunsdóttir og Daði Þorsteinn Sveinbjörnsson, Landsvirkjun

Panelumræður:

- Ríkarður Ríkarðsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaþróunar og nýsköpunar, Landsvirkjun
- Sigurður H. Markússon, forstöðumaður nýsköpunardeildar, Landsvirkjun
- Benedikt Stefánsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Carbon Recycling International (CRI)
- Íris Baldursdóttir, ráðgjafi ENTSOE, samtaka dreifenda raforku í Evrópu
- Ingunn Agnes Kro, stjórnarmaður í HS Orku
- Umræðum stýrir Lovísa Árnadóttir, upplýsingafulltrúi Samorku

 Landsvirkjun



# WomanTechIceland hefur samstarf við Huawei

Samtökin WomenTechIceland tilkynntu nýlega samstarf sitt við Huawei og Women in Technology Huawei. Samstarfið snýst um röð viðburða á Íslandi sem miða að því að efla tækifæri og þátttöku kvenna í tækniiðnaði.

Samtökin WomenTechIceland hafa það markmið að efla þátttöku kvenna í tækniiðnaði, styðja við nýjungar, nýjar raddir og forystu-hæfileika í íslensku tæknisamfélagi og auka samskipti við alþjóðlegt tæknisamfélag. Nýja samstarfið við Huawei mun skapa vettvang fyrir konur til aukinnar þátttöku í tækni og aðstoða þær við að koma hugmyndum og markmiðum sínum á framfæri.

„WomenTechIceland-samtökin spruttu út frá samkomu hóps kvenna úr tæknigeiranum á Íslandi árið 2017. Þar sögðust margar þeirra sakna annarra samtaka kvenna í tæknisamfélaginu sem ég og Armina Illea höfðum skapað,“ segir Paula Gould, meðstofnandi og formaður WomenTechIceland. „Við settum því strax upp Facebook-síðu og lokaðan hóp og konur úr samfélaginu sem höfðu áður verið í samstarfi við okkur eða hjálpað okkur að skipuleggja viðburði, eins og Valenttina Griffin, meðstofnandi WomenTechIceland, og þær Armina Illea og Kathryn Gunnarsson, sem eru varamenn í stjórninni, slógust strax í hópinn.“

Síðan þá höfum við unnið með sendiráðum, háskólum, samtökum tæknifyrirtækja og tækniráðstefnum til að setja upp fyrirlestra og aðra starfsemi sem dýpkar alþjóðlegt tengslanet okkar og styður við meðlimi samfélagsins okkar,“ segir Paula. „Fyrir á þessu ári stofnuðum við Valenttina svo WomenTechIceland formlega sem samtök sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Það gladdi okkur mikið að fá Evu Dögg Steingrimsdóttur í stjórnina og að fá upphaflega skipuleggjendurna inn sem varamenn í stjórn.“

## Tvö meginmarkmið

„Women in Technology er alþjóðlegleg atak sem snýst um að stuðla að jafnari þátttöku kynjanna í upplýsinga- og fjarskiptatækni og styðja og valdefla konur sem starfa þegar innan tækniiðnaðar,“ segir Beatriz Garcia Martinez, samskiptastjóri á Íslandssviði Huawei Technologies í Svíþjóð. „Átakið hefur tvö meginmarkmið. Annars vegar að bæta skilning á upplýsinga- og fjarskiptatækniiðnaði og hvetja fleiri konur til að taka þátt í verkefnum sem snúa að almennum tækniiðnaði, vísindum, tækni, verkfræði, listum og stærðfræði. Það reynum við að gera með þekkingarmiðlun í þjálfun fyrir háskólanema eins og Fræ til framtíðar, þar sem þriðjungur þátttakenda verður kvenkyns.“

Seinna markmiðið er að kynna og efla konur sem vinna þegar í tækniiðnaði. Við teljum best að gera það í samstarfi við önnur samtök, eins og WomenTechIceland, sem vinna gott starf á þessu sviði,“ segir Beatriz. „Þetta samstarf getur haft ýmsar birtingarmyndir, eins og að varpa ljósi á þær mörgu konur sem ungar konur og stúlkur geta tekið sér til fyrirmyndar eða þróa verkefni eins og hakaþon eða annað sem getur gefið konum leiðsögn og tólin sem þarf til að þróa áfram viðskiptahugmyndir sem byggjast á tækni.“

## Einstakt samstarf

„Samstarfið gerir okkur kleift að breikka út vettvang tækni á Íslandi og varpa ljósi á konurnar í



Beatriz Garcia Martinez, samskiptastjóri á Íslandssviði Huawei Technologies í Svíþjóð, Paula Gould, meðstofnandi og formaður WomenTechIceland og Valenttina Griffin, meðstofnandi WomenTechIceland. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

tæknisamfélaginu á Íslandi,“ segir Valenttina. „Huawei er leiðandi á heimsvísu hvað varðar innviði og snjalltæki fyrir upplýsinga- og fjarskiptatækni og ef mér skjátlast ekki er þetta í fyrsta sinn sem íslensk tæknisamtök sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni hefja samstarf við alþjóðlegan tæknirisa, en það mun veita tæknisamfélagi landsins aukna athygli og fleiri úrræði.“

„Samtökin WomenTechIceland eru sífellt að leita leiða til að magna upp hæfileikana á samfélagi okkar, meðal annars með því að finna ný tengslanet, verkfæri og tækifæri fyrir meðlimi okkar,“ segir Paula. „Samstarf við Huawei og Huawei Women in Technology skilar þessu með því að gera hið víðtæka samfélag Huawei meðvitað um kvenkyns frumkvöðla og hæfileikafólk á Íslandi og gefur konum í samfélagi okkar um leið aðgang að nýjum tækifærum.“

## Fjölbreytni er lykilatriði

„Heimurinn er fjölbreyttur og konur eru helmingur jarðarbúa. Ef iðnaður endurspeglar ekki heiminn og samfélagið í kringum hann er hann ekki að fara að skila upplýstum vörum og þjónustu,“ segir Paula. „Tækni tapar þegar hún nær ekki til allra og er ekki í virkri leit að fjölbreytni þegar kemur að vitsmunum, hæfni, sjónarhorni, menningu og hæfileikum til að endurspeglar fólk um allan heim.“

„Fjölbreytni gefur okkur ólík sjónarhorn á hvernig er hægt að ná sameiginlegum markmiðum, bætir gagnrýna hugsun og hjálpar teyminum, sérstaklega þeim sem hafa unnið saman í langan tíma, að hugsa út fyrir kassann, sem auðveldar þeim að leysa vandamál sem koma upp í alls kyns tæknivinnu,“ segir Valenttina.

## Fjölbreyttir viðburðir á dagskrá

„Fyrsti viðburðurinn í samstarfinu verður á Nýsköpunarvikunni, en það verða pallborðsumræður með yfirskriftina „Af hverju eru teymi án aðgreiningar betri fyrir vörur og þjónustu?““ segir Paula. „Aðrir viðburðir koma til með að snúa að málefnum, áhyggjum, viðbótarpjálfun og tækifærum til tengslamyndunar sem skipta máli fyrir okkar samfélag.“

„Viðburðirnir miða að því að auka fjölbreytni í viðburðum fyrir konur í tækniiðnaði á Íslandi og styrkja samfélag þeirra,“ segir Valenttina.

## Hakaþon á næsta ári

Samstarfið nær svo hámarki með

viðburði í hakaþon-stíl árið 2022.

„Við vonumst til að hvetja lið til að þróa tæknilausnir fyrir fjögur meginsvið; umhverfi, heilsu, menntun og þróunarmál. Lausnirnar sem þau leggja fram geta verið viðskiptahugmynd, skammtímaverkefni eða eitthvað þar á milli,“ segir Beatriz. „Hugmyndin eða lausnin þarf ekki að verða til á þessum viðburði, heldur er markmið samstarfsins og viðburðanna sem við ætlum að halda yfir árið að skapa áhuga, ramma inn vandamál og miðla þekkingu reglulega til að leyfa hugmyndum og lausnum að þroskast með tímanum. Dómnefnd velur svo úr innsendum lausnum og veitir einni þeirra milljón króna styrk.“

„Þetta verður ekki hefðbundið hakaþon, heldur meira eins og æfingabúðir sem nýta þverfaglega nálgun. Viðburðirnir sem verða haldnir í aðdraganda hakaþonsins munu auka þekkingu,

hugmyndasamstarf og kynna fjölda verkfæra fyrir WomenTechIceland-samfélaginu,“ segir Paula. „Samfélagið verður þegar byrjað að hugsa um vandamál sem það vill leysa eða hugmyndir sem það vill þróa þegar hakaþonið fer fram og það nýtir svo hakaþonið til að bæta kjöti á beinin.“

„Við vonum að fjölbreytt og þverfagleg lið úr tækniiðnaðinum og utan hans taki þátt og það er mikilvægt að í þeim séu jöfn kynjahlutföll og sterkir kvenleiðtogar,“ segir Beatriz.

## Viðtækt þjálfunarverkefni

Fræ til framtíðar er nýtt verkefni á vegum Huawei sem felur í sér röð námskeiða á netinu sem kynna tækninýjungar og þvermenningarleg samskipti á sviðum eins og 5G, upplýsinga- og fjarskiptatækni, stefnumótun, leiðtogaþjálfun og aðferðafræði í hagræðingu net-reksturs.

„Fræ til framtíðar er þjálfunarverkefni sem snýst um að bæta þekkingarmiðlun, auka skilning og áhuga á upplýsinga- og fjarskiptatækni og hvetja til fjölbreyttari og jafnari þátttöku í stafrænu samfélagi,“ segir Beatriz. „Verkefnið hefur verið unnið í samstarfi við háskóla um allan heim frá 2008 og gagnast yfir 8.700 stúdentum í 130 löndum til þessa. Verkefnið hófst á Íslandi árið 2014 og á hverju ári síðan hafa tveir háskólanemar fengið styrk til að heimsækja Kína og sækja tveggja vikna námskeið til að kynna sér tækni og menningu.“

Námskeiðið fór fram á netinu árið 2020 vegna heimsfaraldursins, sem gerði okkur kleift að bjóða fleiri nemum þetta tækifæri og bjóða upp á fjölbreyttari dagskrá, svo sem fyrirlestra, leiðtogaþjálfun og námskeið fyrir lengra komna í 5G, upplýsinga- og fjarskiptatækni, skýjalausnum og gervigreind,“ útskýrir Beatriz. ■



## Why Inclusive Teams Make Better Products and Services



27. maí kl. 14 @ Gróska and online

# Þarf að skoða betur skrýtnu hugmyndirnar

Frumkvöðla- og nýsköpunarumhverfið er iðulega tengt við yngri fólk en nýta þarf eldri kynslóðir miklu betur. Jóhann Pétur Malmquist verður 72 ára síðar á árinu og tekur fullan þátt með góðum árangri.

Nýsköpun og frumkvöðlastarf hefur lengi fylgt Jóhanni Pétur Malmquist, prófessor emeritus við Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands. Jóhann lét af störfum árið 2019, þá sjötugur að aldri, en heldur þó áfram að kenna uppáhaldsnámskeiðið sitt, „Frá hugmynd að veruleika“, auk þess sem hann tekur þátt í mörgum spennandi verkefnum tengt frumkvöðlum og nýsköpun. Hann verður 72 ára síðar á árinu og finnst sjálfum nauðsynlegt að nýta betur menntun, þekkingu og reynslu eldra fólks hér á landi. „Það á alls ekki bara að horfa á aldur fólks heldur líka getu, þekkingu, reynslu og kraft einstaklinga þegar kemur að nýsköpun. Menn hætta sannarlega ekki að fá hugmyndir þegar 70 ára aldrinum er náð eins og mörg dæmi sanna.“

Fyrrnefnt uppáhaldsnámskeið Jóhanns skipar eðlilega stóran sess í lífi hans en hann hóf að þróa það um miðjan tíunda áratug síðustu aldar. „Þar hafa nemendur hjálpast að við að þróa hugmyndir sínar en sumar þeirra hafa endað sem fullbúnar vörur og jafnvel á alþjóðlegum mörkuðum. Ég er mjög



„Menn hætta sannarlega ekki að fá hugmyndir þegar 70 ára aldrinum er náð eins og mörg dæmi sanna,“ segir Jóhann Pétur Malmquist, prófessor emeritus.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins heldur fjóra viðburði, í samstarfi við Nýsköpunarvikuna. Viðburðirnir eru:

The dangerous myth of empowerment for women 27. maí kl. 15:00-16:00 – viðburðurinn er haldinn í samstarfi við Nýsköpunarnefnd FKA

Hugverk og nýsköpun 28. maí kl. 12:30-13:30 – viðburðurinn er haldinn í samstarfi við Hugverkastofu

Verðmat sprotafyrirtækja 1. júní kl. 16:00-17:00

Mannauðsmál sprotafyrirtækja 2. júní kl. 16:00-17:00

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er samstarfsaðili Nýsköpunarvinnunnar og vill leggja sitt af mörkun í að þróa og efla sprotafyrirtæki í nýsköpunarumhverfinu. Sjóðurinn tekur virkan þátt í þróun og vexti íslensks atvinnulífs með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

### Á viðburðinum

**The dangerous myth of empowerment for women er fjallað um hina hættulegu mýtu um valdeflingu kvenna**

Erindið á dagskrá er haldið af Lynn Bromely sem fjallar um efnid út frá óútkominni bók sinni

Fundinum verður stýrt af Ágústu Ýr Þorbergsdóttur, stofnanda og eiganda Navigo

### Á viðburðinum Hugverk og Nýsköpun verður fjallað um hvernig er hægt að nota hugverkaréttindi til að ná árangri í nýsköpun

**Eftirfarandi aðilar munu taka til máls:**

Guðbjörg Rist, framkvæmdastjóri Atmonia

Guðmundur Þór Reynaldsson, hugverkastjóri Marel

Hilmar Bragi Janusson, framkvæmdastjóri Iðunnar framtakssjóða

Karl Ægir Karlsson, stofnandi og framkvæmdastjóri 3Z.

Fundinum verður stýrt af Borghildi Erlingsdóttur, forstjóra Hugverkastofu

**Á viðburðinum Verðmat sprotafyrirtækja verður fjallað um þær áskoranir sem felst í því að verðleggja sprotafyrirtækið sitt**

**Erindi á dagskrá:**

Örn Viðar Skúlason, fjárfestingastjóri hjá Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

- Áskoranir við verðmat sprotafyrirtækja

Helga Viðarsdóttir, framkvæmdastjóri Spakur Finance

- Verðmat sprotafyrirtækja Ásgeir Skorri Thoroddsen, verkefnastjóri hjá KPMG

- Verðmat sprotafyrirtækja, lög og skattar

### Pallborð:

Pétur Richter, fjárfestingastjóri hjá Iðunn framtakssjóði  
Stefanía Guðrún Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Eyfir Ventures management  
Friðrik Friðriksson, fjármálastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

Fundinum verður stýrt af Kristínu Jónu Kristjánsdóttur, fjárfestingastjóra hjá Íslandssjóðum

**Á viðburðinum Mannauðsmál sprotafyrirtækja verður fjallað um sérstakar áskoranir í mannauðsmálum sprotafyrirtækja**

**Erindi á dagskrá:**

Vilborg Einarsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri BravoEarth

- Þjónandi leiðtogi, að byggja upp teymi í sprotafyrirtæki

Hilmar Garðar Hjaltason, eigandi og ráðgjafi VinnVinn

- Ráðningar í sprotafyrirtæki

Alda Sigurðardóttir, stofnandi og eigandi Vendum

- Frá frumkvöðli til leiðtoga

Elín Björnsdóttir, director of human resources hjá Controlant

- Árangursrík mannauðs stjórnum á örur vaxartímum

Fundinum verður stýrt af Margréti Sanders, með-eiganda hjá Strategíu

stoltur af þeim árangri sem sumir nemenda minna hafa náð þar.“

### Mörg spennandi verkefni

Hann lætur þó ekki nægja að hjálpa ungu fólki við að þróa hugmyndir sínar heldur tekur hann þátt í mörgum spennandi verkefnum. „Undanfarin þrjú ár hef ég til dæmis unnið með Eidi Möller, fyrrverandi nemanda mínum, að nýstárlegu verkefni sem hann átti hugmyndina að. En eins og ég kenni nemendum í nýsköpun, segið sem minnst um verkefnið fyrir en þið getið sýnt árangurinn. Mér þykir líklegt að við getum sýnt nýjan samfélagsmiðil í tónlist í sýndarveruleika og á öðrum miðlum síðar á árinu. Einnig hef ég unnið með fyrirtækinu Retina Risk sem gengur mjög vel en það er að þróa góða lausn fyrir þá sem þjást af sykursýki.“

World Summit Awards er alþjóðleg stofnun sem tengist Sameinuðu þjóðunum og hefur Jóhann unnið með þeim í um áratug. „Það er mjög áhugavert og fróðlegt að kynna nýsköpunarverkefnum frá mörgum löndum í heiminum. Svo er ég einnig að leiðbeina ýmsum aðilum sem eru með góðar og nýstárlegar hugmyndir.“

### Fékk háan háskólastyrk

Jóhann hefur komið víða við á löngum náms- og starfsferli sínum. Eftir stúdentspróf fékk hann styrk til að stunda háskólanám við elsta háskóla Wisconsin-riks í Bandaríkjunum. „Ég man helst hvað ég var hissa á skólafélögum mínum sem töluðu af mikilli virðingu um fyrirtæki. Á þessum árum var ekki talað af mikilli virðingu um fyrirtæki á Íslandi og ef þeim gekk vel þá var eitthvert svindl eða klíkuskapur í gangi. Um sumarið fékk ég sumarvinnu hjá IBM á Íslandi og eftir að hafa unnið fyrir Jakob Jakobsson fiskifræðing, sem var að reyna að skilja af hverju síldin hvarf, vann ég að ýmsum viðskiptaverkefnum.“

Hann lauk BS-prófi í stærðfræði og eðlisfræði í janúar 1973 og var

fyrsta stóra verkefni hans að hanna og forrita launakerfi fyrir nýja litla tölvu frá IBM. „Enn lék lánið við mér því ég fékk mjög háan styrk frá IBM World Trade til að stunda doktorsnám í tölvunarfræði í Bandaríkjunum. Ég valdi Penn State-háskólann sem var mjög sterkur í stærðfræðilegri tölvunarfræði sem ég hafði mestan áhuga á. Áhugi minn breyttist þegar ég sá hina miklu þróun sem var að eiga sér stað í gagnasafnsfræði og fjölluðu rannsóknir mínar um hvernig best væri að skipuleggja gagnasöfn svo að hægt væri að svara fyrirspurnum notenda á sem skemmst um tíma. Rannsóknir mínar komu sér vel þegar ég fékk vinnu hjá IBM T.J. Watson Research Center í New York við að gera nýtt gagnasafnskerfi Query-By-Example hraðvirkt.“

### Mistök oft verðmæt reynsla

Haustið 1980 hóf Jóhann að kenna gagnasafnsfræði sem stundakennari við Háskóla Íslands og var fljótlega gerður að adjunkt, síðan hlutadósent 1983 og að lokum prófessor 1985. „Auk þess gegndi ég ýmsum stjórnendastörfum við skólann og var meðal annars skorarformaður í tíu ár og deildarforseti 1997–99. Sem deildarforseti sat ég í Háskólaráði þar sem meðal annarra núverandi forsætisráðherra sat á móti mér sem fulltrúi stúdenta.“

Gegnum árin hefur hann síðan tekið þátt í að stofna á annan tug fyrirtækja og hafa sum þeirra þróast út í alþjóðleg fyrirtæki. „Önnur hafa mistekist og þar liggur ekki síður verðmæt reynsla til að segja nemendum frá, svo að þeir geri ekki sömu mistök og ég hef gert.“

Eftir að hafa starfað svo lengi við nýsköpun og frumkvöðlastarf hefur Jóhann góðan skilning á hvað mætti betur fara í ytra umhverfi, til dæmis þegar kemur að þætti hins opinbera. „Mér finnst helst að það mætti efla Tækniþróunarsjóð Rannís og hvetja stjórnendur til að skoða betur skrýtnu hugmyndirnar. Það eru nefnilega skrýtnu og nýstárlegu hugmyndirnar sem geta hugsanlega skapað nýtt alþjóðlegt fyrirtæki á Íslandi.“ ■



# Mikil sóknarfæri fólgin í nýsköpun

Nýsköpun hefur lengi verið hluti af starfsemi Háskóla Íslands. Ný stefna skólans til næstu fimm ára verður kynnt í næsta mánuði þar sem sérstök áhersla verður lögð á aukid þverfræðilegt samstarf um nýsköpun.

Að sögn Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, er nýsköpun í mjög viðum skilningi stór partur af starfi skólans og hefur viðtæk áhrif um allt samfélagið. „Nýsköpun felst ekki bara í þróun á einhvers konar tækjum eða tækni heldur líka nýjum leiðum til að styðja við nám í skólum, í bókum sem auðga andann, nýjum lyfjum sem lina þjáningar fólks eða nýjum og skilvirkari leiðum í opinberri þjónustu. Að þess konar verkefnum er unnið innan Háskóla Íslands auk fjölmargra verkefna sem geta orðið grundvöllur að nýjum útflutnings- og atvinnutækifærum á Íslandi.“

Hann segir að á síðustu árum og áratugum hafi nemendur og kennarar lagt grunn að ótal verkefnum sem nú eru orðin að annaðhvort stöndugum eða vaxandi fyrirtækjum. „Gott dæmi er fyrirtækið Controlant sem hefur verið í lykilhlutverki í vöktun við dreifingu á bóluefni Pfizer gegn COVID-19 um heimsbyggðina. Hugmyndin að fyrirtækinu kviknaði hjá nemum í rafmagns- og tölvuverkfræði við Háskóla Íslands snemma á þessari öld. Oculis, fyrirtæki sem byggist á rannsóknum prófessoranna Einars Stefánssonar og Þorsteins Loftssonar, tryggði sér nýlega veglega fjármögnun fyrir síðustu stig lyfjaþróunar sem getur bylt því hvernig við meðhöndlum augnsjúkdóma. Í stað þess að sprauta lyfjum í augað með tilheyrandi óþægindum verða lyfin í staðinn gefin í gegnum



Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, segir nýja stefnu væntanlega þar sem lögð verður áhersla á nýsköpun.

MYNDIR/KRISTINN INGVARSSON

**Nýsköpun felst ekki bara í þróun á einhvers konar tækjum eða tækni heldur líka nýjum leiðum til að styðja við nám í skólum, í bókum, nýjum lyfjum eða nýjum og skilvirkari leiðum í opinberri þjónustu.**

augndropa. Þannig geta hugmyndir sem kviknað hafa innan Háskólans haft áhrif á alla heimsbyggðina.“

## Nýjar áherslur í nýsköpun

Ný stefna Háskóla Íslands til næstu fimm ára verður kynnt í næsta mánuði og að sögn Jóns Atla verður sérstök áhersla á aukid þverfræðilegt samstarf um nýsköpun, bæði innan skólans, við atvinnulíf og þvert á landamæri. Þannig geti skólinn brugðist með snerpu við þeim áskorunum sem samfélagið

og umheimurinn stendur frammi fyrir. „Við ætlum að efla umhverfi nýsköpunar í skólanum í góðu samstarfi við Vísindagarða skólans sem eru meðal annars að byggja upp glæsilega aðstöðu í Grósku – hugmyndahúsi í Vatnsmýri með öflugum aðilum á sviði nýsköpunar og alþjóðlegum fyrirtækjum eins og CCP.“

Jón Atli segir háskóla vera vöggu grunnrannsókna sem hafa oft en ekki verið forsenda margra þeirra tækni- og samfélagsbreytinga sem

við þekkjum í dag. „Snjalltæknin, lyf við skæðum sjúkdómum eins og COVID-19 og nýjar lausnir til að takast á við loftslagsáskoranir grundvallast í mörgum tilvikum á slíkum rannsóknum og öflugum nýsköpunar- og þróunarsamstarfi háskóla og fyrirtækja. Hlutverk háskólanna er því að skapa vettvang til að ýta nýjum hugmyndum og nýrri hugsun af stað og styðja þannig samfélagið við að takast á við helstu áskoranir heimsins hverju sinni.“ ■

## Góður grunnur lagður í HÍ

Eitt þeirra fjölmörgu fyrirtækja sem hafa sprottið úr nýsköpun innan Háskóla Íslands er **Grein Research** sem vinnur að þróunar- og rannsóknarverkefnum sem oft og tíðum þarfnast mælinga eða framleiðslu á efnum.

Árni Sigurður Ingason er framkvæmdastjóri og segir hann grunninn að starfsemi fyrirtækisins hafa verið lagðan kringum aldamótin en þá hófst mikið uppbyggingarstarf við Háskóla Íslands í efnisvísindum, sérstaklega með áherslu á eðlisfræði þunnra húða en grunnrannsóknir í efnisfræði fara mjög oft fram á þunnum húðum úr þeim efnum sem verið er að rannsaka. „Þarna var lagður góður grunnur að tækniuppbyggingu og rannsóknum en allir stofnendur segir Árni Sigurður Ingason. Grein komu að þessari uppbyggingu og rannsóknunum á þessu sviði, annaðhvort sem framhaldsnemar eða vísindamenn.“


Í framhaldi af þessu fór frekari uppbygging á sviði örtækni af stað og meiri þekking og reynsla fór að byggjast upp að hans sögn. „Upp úr þessu skapaðist því tækifæri fyrir fyrirtæki eins og Grein til að verða til og geta starfað á Íslandi þar sem ekki einungis hátækni búnaður var til staðar til að sinna þróunarvinnu innan efnisvísinda, heldur líka fólk með þekkingu og reynslu á þessu sviði.“

## Gjöfult samstarf

Stofnendur Grein Research eru, auk Árna, þeir Unnar Arnalds, prófessor í eðlisfræði við Háskóla Íslands, Friðrik Magnus, vísindamaður við Raunvísindastofnun Háskólans og Kristinn Gylfason, prófessor við Konunglega Tækniháskólann í Stokkhólmi. Þeir hafa allir starfað að rannsóknum og þróunarvinnu í efnisvísindum í fjöldamörg ár við ýmsa háskóla og fyrirtæki, bæði innanlands og erlendis.

Árni útskýrir betur starfsemi fyrirtækisins. „Mikið af vinnu Grein felst í yfirborðshúðunum með segulspætutækni sem er mikið notuð í iðnaði þar sem þörf er á sérhæfðum yfirborðshúðum á nanóskala, jafnvel oft í mörgum mismunandi lögum. Þessi vinna getur falist í að heyrna í viðskiptavinum um vandamál sem yfirborðshúðun gæti leyst, skoða hvaða lausnir eru þegar til, hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á þessu tiltekna viðfangsefni, koma með tillögum að lausnum og prófa þær. Ef lausnin er ekki til vinnum við að þróun nýrra efna, með þá sérsníðnu eiginleika sem viðskiptavinur þyrfti og notum til þess aðferðir örtækninnar.“

Hann segir það hafa verið mikinn akk fyrir Grein að geta starfað innan háskólaumhverfisins og nýtt meðal annars tækjabúnað Örtækni- og efnisvísindaseturs Háskóla Íslands. „Þetta samstarf hefur svo líka leitt til nýrra þróunarverkefna og einfaldar möguleikana fyrir ný verkefni sem verða til innan háskólans til að þróast frá því að vera rannsóknarverkefni yfir í hagnýtanlegar afurðir.“ ■



Mikið af vinnu Grein felst í yfirborðshúðunum með segulspætutækni, FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Hreinar íslenskar húðvörur

Tilurð sprotafyrirtækisins **TARAMAR** má rekja til áhuga Guðrúnar Marteinsdóttur, prófessors við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands og stjórnanformanns félagsins, á að skapa eiturefnalaugar húðvörur til eigin nota. Fljótlega færðust þó rannsóknirnar á hærra stig og í ljós kom að niðurstöður úr rannsóknunum Kristbergs Kristbergssonar, prófessors í matvælafræði við Háskóla Íslands, og samstarfsmanna hans við háskóla í Bandaríkjunum og Þýskalandi á lífvirkum efnum í matvælum, hentuðu mjög vel í þróunina á húðvörunum. Í dag hafa Guðrún og Kristberg, sem eru hjón, flutt niðurstöður úr efna- og matvælarannsóknunum frá 30 ára tímabili yfir í þróunina á húðvörunum. Háskóli Íslands hefur lagt til húsnæði fyrir rannsóknirnar á bak við TARAMAR og nú eru þær til húsa í Læknagarði, sem er einkar hentugur staður fyrir þessar rannsóknir.

„TARAMAR framleiðir lífvirkar og hreinar húðvörur sem eru lausar við öll ertandi eða eitrandi efni og má tæknilega séð leggja sér til munns,“ segir Guðrún. „Vörurnar okkar hafa meðal annars fengið fimmtán alþjóðleg verðlaun, þar af tvisvar sinnum gull og silfur fyrir „Best Organic Beauty Brand“ hjá Global Makeup Awards. Auk þess fékk fyrirtækið líka verðlaun frá Lux Life Health and Wellness sem „Most Innovative Natural Skincare Company 2021“ sem við erum afar stolt af.“

## Nýjar lausnir fæðast

TARAMAR hefur hafið markaðssetningu á erlendum mörkuðum og leitar nú að fjármagni til að standa að meiri útfærslu á erlendu markaðssetningunni. „Við erum einnig að þróa nýjar einstakar húðvörulínur í samstarfi við aðra sprota á Íslandi, svo sem VAXA Life ehf., sem munu koma á markað innan árs.“

Fullyrða má að TARAMAR sé afar skýrt dæmi um hvernig rannsóknastarf getur fætt af sér nýjar lausnir í íslensku og alþjóðlegu atvinnulífi til hagsbóta fyrir neytendur og lífríki, segir Guðrún. „Rannsóknir sem tengjast atvinnulífinu opna margar nýjar leiðir við að afla fjár til rannsókna og þróunar. TARAMAR stundar bæði grunn- og hagnýtar rannsóknir í samvinnu við Háskóla Íslands og erlendar rannsóknastofnanir sem allar miða að því að leysa þau vandamál sem húðvöruheimurinn stendur frammi fyrir í dag. Um leið ýtir samstarf með þessu undir þróun á nýjum leiðum og uppgötvunum sem eru jafnvel nýjar fyrir vísindin á heimsmælikvarða.“ ■



Guðrún Marteinsdóttir.

# Styðja við nýsköpun

Dóra Sif Tynes er einn sex eigenda ADVEL lögmanna. Hún segir stofuna hafa stutt vel við nýsköpun og frumkvöðlastarf á landinu með ráðgjöf, vinnuframlagi og fyrirlestrum.

ADVEL lögmenn hafa um langt skeið verið einn af bakhjörllum Gulleggsins, frumkvöðlakeppni Icelandic Startups, sem er mikilvægur vettvangur fyrir frumkvöðla- og nýsköpunarstarfsemi hérlandis. „Við höfum átt fulltrúa í dómnefnd Gulleggsins og gefið frjá lögfræðiráðgjöf í verðlaun fyrir þá sem hafa verið í efstu sætunum. Það hefur verið mjög spennandi og áhugavert að fylgjast með frumkvöðlum taka sín fyrstu skref með sínar hugmyndir og geta lagt okkar af mörkum þeim til aðstoðar þegar kemur að lagaumhverfinu,“ segir Dóra Sif.

ADVEL lögmenn hafa auk þess stutt við ýmiss konar nýsköpun með vinnuframlagi, ráðgjöf, fyrirlestrum, dómaraströfum og ráðgjöf fyrir einstaka frumkvöðla. „Við höfum í gegnum tíðina haft mikinn áhuga á að starfa með og styrkja nýsköpunarfyrirtæki. Það fellur vel að bakgrunni okkar og þekkingu. Þegar fyrirtæki á sviði nýsköpunar er sett á laggirnar er strax í upphafi áriðandi að huga að þeim lagaramma og því regluverki sem gildir um starfsemina, eða þær afurðir sem eru í þróun. Það

Dóra Sif Tynes og Ragnar Guðmundsson, hjá ADVEL lögmönnum, þekkja vel til lagaumhverfis nýsköpunarfyrirtækja.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK



getur komið í veg fyrir að fyrirtæki þurfi að sækja sér flókna og yfirgripsmikla ráðgjöf síðar meir,“ segir Dóra Sif. Augljóst dæmi er til að mynda að hugbúnaðarfyrirtæki þurfa að þekkja kröfur persónuverndarlaga áður en veflausn eða app er fullsmíðað.

Dóra nefnir einnig að Ragnar Guðmundsson, sem er einn eigenda ADVEL, sé sérfræðingur í skattarétti. „Ragnar hefur til dæmis starfað mikið með Startup-fyrirtækjum og þekkir vel til skattaumhverfis nýsköpunarfyrirtækja.“

## Styðja við sprotafyrirtæki

Dóra Sif hefur sérhæft sig í Evrópu- og EES-rétti og veitt stjórnvöldum og fyrirtækjum ráðgjöf á því sviði. Hún hefur auk þess unnið hjá Eftirlitsstofnun EFTA og verið forstöðumaður lögfræðiráðgjafar á skrifstofu EFTA. Dóra Sif segir þennan bakgrunn nýtast vel þegar kemur að nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi.

„Markmið ADVEL er að styðja við bakið á sprotafyrirtækjum, en við lítum á það sem mikilvægan þátt í að styrkja fjölbreytt,

íslenskt atvinnulíf sem skapar blómlegt samfélag í landinu. Í mínu starfi fylgist ég vel með framþróun löggjafar innan EES sem og styrkjaáætlunum og nýsköpunaráherslum bæði Evrópusambandsins og Þróunarsjóðs EFTA, sem getur nýst íslenskum fyrirtækjum vel. Íslensk nýsköpunarfyrirtæki eru æ öflugri við að sækja í sameiginlega styrktarsjóði og geta þannig notið góðs af því sem EES-samstarfið hefur upp á að bjóða, en það mætti gera enn betur. Við hjá ADVEL þekkjum lagaumhverfið

Þegar fyrirtæki á sviði nýsköpunar er sett á laggirnar er strax í upphafi áriðandi að huga að þeim lagaramma og því regluverki sem gildir um starfsemina. Það getur komið í veg fyrir að fyrirtæki þurfi að sækja sér flókna og yfirgripsmikla ráðgjöf síðar meir.

vel og getum leiðbeint fyrirtækjum að því leyti,“ nefnir Dóra Sif.

## Erlendar tengingar

ADVEL lögmenn sérhæfa sig í lögfræðiráðgjöf til fyrirtækja, bæði hérlandis og erlendis. „Við höfum starfað fyrir nokkur af helstu fyrirtækjum landsins og vinnum fyrir stór sem smá fyrirtæki. Við erum með góðar tengingar víða um heim, en flest okkar hafa sótt sér menntun eða starfsreynslu erlendis, sem nýtist vel fyrir fyrirtæki sem vilja hasla sér nýjan völl, hvort sem það er hér á landi eða erlendis,“ upplýsir Dóra Sif.

Með haustinu flytja ADVEL lögmenn starfsemi sína í glæsilegt húsnæði á Hafnartorgi. „Okkur finnst afar spennandi að færa okkur á svæði sem er í mikilli uppbyggingu og er líklegt til að verða hringiða nýrra hugmynda,“ segir Dóra Sif. ■

Nánari upplýsingar á [advel.is](http://advel.is)

# Nýsköpun í 100 ára gömlu fyrirtæki

Bylting hefur orðið í rafrænni þjónustu hjá VÍS á undanförmum árum því framtíðarsýn VÍS er að verða stafrænt þjónustufyrirtæki. Mikil aukning hefur verið á mánaðarlegum innskráningum á [vis.is](http://vis.is) frá því stafræna vegferðin hófst, eða um 400%.

Guðný Helga Herbertsdóttir, framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar hjá VÍS, segir að þessi umbylting hafi hafist fyrir alvöru síðla árs 2017. „Á Nýsköpunarvikunni verðum við með fyrirlestur þar sem farið verður yfir þessa stafrænu vegferð hjá okkur. VÍS er gamalgróið tryggingafélag með langa sögu. Það þurfti því róttækar breytingar, bæði á tækniumhverfi okkar, vinnubrögðum og hugarfari, til að geta unnið í átt að framtíðarsýninni. Þess vegna heitir fyrirlestur okkar: Getur risaðla orðið stafræn?“ segir Guðný Helga.

„Þegar fyrirtæki fer í svona stóra vegferð snertir það alla starfsemi fyrirtækisins. Í fyrstu þurftum við að vera tæknilega tilbúin til að taka þátt í þeirri stafrænu þróun sem hefur orðið á síðustu árum og mun halda áfram að umbylta allri þjónustu. Auk þess að vinna að því að innleiða nýja tækni er þetta stór menningarleg breyting í fyrirtækinu. Starfsfólkið þurfti að hugsa alla hluti upp á nýtt og gera hlutina með öðrum hætti.

Leiðin sem við fórum var að móta ákveðna aðferðafræði í stafrænum lausnum. Starfsfólkið tekur þátt og er vel upplýst þegar við erum að vinna að nýjum lausnum. Við leitum líka til starfsmanna með prófanir á nýjum lausnum og treystum mikið á álit þeirra. Ekki síst leitum við svo eftir álit viðskiptavina. Í upphafi hvers verkefnis höldum við svokallaðan



Guðný Helga Herbertsdóttir, framkvæmdastjóri hjá VÍS, segir að mikil stafræn þróun hafi átt sér stað hjá fyrirtækinu á undanförmum árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

hönnunarsprett og í lok fyrstu viku verkefnis prófum við á móti viðskiptavinum. Með því getum við strax séð hvort lausnin sé eitthvað sem viðskiptavinir vilja nota. Þetta form hefur verið lykillinn að því að notkunin á stafrænu lausnunum okkar hefur verið mjög góð,“ segir Guðný Helga.

„Það er alltaf eitthvað nýtt í vinnslu til að mæta þörfum viðskiptavina. Tæknin er alltaf að verða betri og við leitumst við að þróa og bæta þjónustuna auk þess að leita leiða til að verða enn

betri. Við höfum séð mjög miklar breytingar á þjónustunni frá því að þessi vegferð hófst. Til að mynda heyra tjonstilkynningar á pappir nær sögunni til. Þess ber að geta að mörg algeng tjon eru afgreidd nær samstundis í dag,“ segir hún og bætir við að VÍS hafi lagt mikla áherslu á nýsköpun í fyrirtækinu.

„Ökuvísir er gott dæmi um nýsköpun. Nú getur þú greitt lægri iðgjöld fyrir ökutækjatrýggingu ef þú keyrir vel og keyrir minna. Jafnframt skapar Ökuvísir bættu umferðarmenningu á landinu og

stuðlar þannig að fækkun slysa. Þessu hefur verið mjög vel tekið. Þetta er ný og byltingarkennd leið tryggingafélags á Íslandi og það hefur verið gaman að fylgjast með viðtökunum,“ segir Guðný og bendir á að það sé alltaf eitthvað nýtt á döfinni. „Við erum aftur byrjuð að vinna að nýrri stafrænni lausn.“

Nýjasta verkefni VÍS er að umbylta kaupferli

á líf- og sjúkdómatryggingum. „Við erum að stiga skref í að gera þær áhugaverðar, útskýra hversu nauðsynlegar þær eru og auðveldla fólki að ganga frá kaupum á netinu. Ég myndi segja að við værum á góðri siglingu í stafrænni vegferð með mikla áherslu á nýsköpun sem gengur svona ljómandi vel,“ segir Guðný Helga. ■

VÍS er með síðu fyrir stafræn verkefni á Facebook undir heitinu Digital VÍS þar sem áhugasamir geta tekið þátt í að móta þær lausnir sem unnið er að. Einnig má kynna sér starfsemina á síðunni [vis.is](http://vis.is)



Allir geta prófað Ökuvísir án skuldbindingar.

# Best ef sjálfbærni er strax hluti af DNA fyrirtækja

Eyris Venture Management (EVM), rekstraraðili sjóða sem fjárfesta í sprotafyrirtækjum, hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem útskýrir hvernig fyrirtækið horfir til umhverfis-, félags- og stjórnunarpátta (UFS) í öllum fjárfestingarákvörðunum, og hvernig það styður fyrirtæki í eignasafni við að innleiða og efla vinnu á sviði sjálfbærni.

„Fyrirtækið leggur þessa miklu áherslu á sjálfbærni því það er góð áhættustýring sem skilar sjálfbærri ávöxtun til lengri tíma. Auk þess sýnir reynsla síðustu ára að fyrirtæki sem standa sig vel í UFS skila betri árangri og eru betur undirbúin fyrir óvænt áföll,“ segir Marta Björg Hermannsdóttir, sérfræðingur í UFS og áhættustýringu hjá EVM.

Stefanía Guðrún Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri EVM, nefnir að ef við sem samfélag viljum stöðva óæskilega þróun og geta tekist á við áskoranir framtíðar sé mikilvægt að fyrirtæki hugi að sjálfbærni á fyrstu stigum vaxtar.

„Sjálfbærni er ekki lúxus sem fyrirtæki eiga fyrst að leyfa sér að ihuga þegar þau hafa vaxið vissst mikið eða náð vissum árangri, heldur ætti sjálfbærni að vera undirliggjandi þáttur í allri starfsemi þeirra frá upphafi. Að mörgu leyti er einfaldara að gera sjálf-



Marta Hermannsdóttir er sérfræðingur í UFS og áhættustýringu og Stefania Guðrún Halldórsdóttir framkvæmdastjóri EVM.  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

**” Sjálfbærni er ekki lúxus sem fyrirtæki eiga fyrst að leyfa sér þegar þau hafa vaxið vissst mikið. Að mörgu leyti er einfaldara að gera sjálfbærni hluta af DNA fyrirtækis í upphafi.**

Stefanía Guðrún Halldórsdóttir

frumkvöðla sem vilja gera vel á sviði sjálfbærni.“

Marta heldur áfram:

„Takmark EVM með okkar sjálfbærnivinnu er að þekking og reynsla af UFS skapist innan fyrirtækja í eignasafninu. Með það veganesti geta þau haldið áfram í sjálfbærri verðmætasköpun eftir að við göngum út úr fyrirtækjum,“ útskýrir Marta.

Stefanía bætir við:

„Við viljum ekki að fyrirtæki líti á sjálfbærni sem einhvers konar „tikka í boxið“-æfingu sem er á ábyrgð aðeins eins ákveðins starfsmanns. Markmið okkar er að sjálfbærni verði hluti af menningu fyrirtækjanna, undirliggjandi þema í allri þróun þeirra og sameiginleg ábyrgð allra starfsmanna.“ ■

Hægt er að skoða UFS-stefnu Eyris Venture Management og allar nánari upplýsingar um fyrirtækið á [evm.is](http://evm.is)

bærni hluta að DNA fyrirtækis þegar það er að hefja starfsemi,“ segir Stefania.

Marta bætir við: „Við viljum að sjálfbærni verði stórt þema í allri þróun og vexti fyrirtækja sem við fjárfestum í, því markviss vinna á sviði sjálfbærni getur bætt allar hliðar rekstursins og gerir fyrirtækinu kleift að öðlast samkeppnisforskot, hagræða í framleiðslu, draga úr sóun og mengun, halda í gott starfsfólk og laða að nýja viðskiptavinum. En slíkt gerist þó ekki á einni nóttu.“

**Erfitt að vita hvar skuli byrja**  
Marta og Stefania ræða hversu

erfitt getur verið fyrir sprotafyrirtæki að hefja vegferð í átt að aukinni sjálfbærni í rekstri.

„Það er margt sem þarf að læra, mikið af ólíkum leiðbeiningum í boði, og það getur verið dýrt að hefja slíka vinnu. Fæst fyrirtækjanna hafa tök á að ráða inn sérfræðing, vinna eftir flóknum stöðlum eða fylla út langar sjálfbærnisráðgjafar og því höfum við búið til ferli sem gerir okkar fyrirtækjum kleift að taka fyrsta skrefið án þess að það sé of yfirþyrmandi,“ útskýrir Marta.

EVM leggur mikla áherslu á að öll vinna og markmiðasetning á sviði sjálfbærni falli vel að annarri

vinnu og markmiðum fyrirtækjanna um vöxt og þróun. Stefania skýrir hvers vegna:

„Hjá sprotafyrirtækjum er mikilvægast að verið sé að vinna í þáttum sem skipta virkilegu máli í starfsemi fyrirtækjanna og atriðum þar sem fyrirtækin hafa raunveruleg áhrif, bæði jákvæð og neikvæð. Það að fylgja stöðlum sem taka á ofboðslega mörgum ólíkum þáttum eða sækja um vottanir krefst fjármagns, tíma og mannafla sem fæst sprotafyrirtæki hafa. Mikilvægt er að fyrirtækin séu vel undirbúin undir slíkt þegar að því kemur í þeirra starfsemi, en það ætti ekki að vera fyrsta skref



## Vinnuumhverfi framtíðarinnar

Íslandsbanki tekur þátt í Nýsköpunarvikunni 2021 og að því tilefni bjóðum við háskólanemum að taka þátt í hugmyndasamkeppni um vinnuumhverfi framtíðarinnar.

Hver og ein vinningshugmynd hlýtur 150.000 kr. í styrk.

[islandsbanki.is/framtidin](http://islandsbanki.is/framtidin)



# Nordic Wasabi kynnt á Fiskmarkaðinum



Oddur Freyr Þorsteinsson  
oddurfreyr@frettabladid.is

Sprotafyrirtækið Jurt framleiðir Nordic Wasabi á Íslandi. Á Nýsköpunarvikunni verður þetta wasabi kynnt á Fiskmarkaðinum og boðið upp á sérstakan matseðil af því tilefni. Ferskt wasabi er fágæt lúxusvara sem vex eingöngu náttúrulega í árfarvegum í Japan.

Matarboðið er viðburður á Nýsköpunarviku sem snýst um að tengja veitingastaði á Íslandi við sprotafyrirtæki í matvælaframleiðslu. Þá eru vörur fyrirtækisins teknar inn á staði í takmarkaðan tíma til að kynna þær og bjóða um leið upp á eitthvað nýtt á veitingastaðnum. Á Nýsköpunarvikunni verður fyrirtækið Jurt, sem framleiðir wasabi á Íslandi undir vörumerkinu Nordic Wasabi, með samstarf við Fiskmarkaðinn.

## Sérstakur matseðill í boði

„Nordic Wasabi verður kynnt hjá Fiskmarkaðinum alla Nýsköpunarvikuna. Það verður mikið smakk í boði og mikil stemning og svo í kjölfarið verður þetta alltaf á boðstólum hjá Fiskmarkaðnum,“ segir Óli Hall, yfirmaður markaðsmála hjá Jurt. „Á Fiskmarkaðnum verður boðið upp á Nordic Wasabi með nýjum og eldri réttum á matseðlinum. Það verður líka sérstakur Nordic Wasabi matseðill í boði, en á honum er wasabi mule, hörpuskel og sushi plús steik.“

Þetta samstarf er góð kynning fyrir vöruna okkar og um leið gerir þetta Fiskmarkaðinum kleift að bjóða upp á nýja leið til að njóta wasabi með matnum þeirra,“ segir Óli. „Það er boðið upp á wasabi með nokkrum réttum á Fiskmarkaðinum en núna verður hægt að kaupa rótina og ef þú notar hana ekki alla færðu afganginn með þér heim í gjafaöskju ásamt uppskriftum að kokteilum og öðru sem hægt er að nota rótina í.“

## Lúxusvara til útflutnings

„Eitt af því sem við erum alltaf að reyna að fræða bæði Íslendinga og erlenda ferðamenn um er að flest af því wasabi sem þeir borða er bara eitthvert grænt mauk úr piparrót, sinnepi og matarlit, en ekki alvöru wasabi-rót,“ útskýrir



Óli Hall og Ragnar Atli Tómasson starfa hjá sprotafyrirtækinu Jurt, sem framleiðir Nordic Wasabi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Óli. „Við viljum ekki að fólk sé að njóta frábærs matar eins og á Fiskmarkaðinum með wasabi sem er ekki hið eina rétta og fái þess í stað að njóta einnar viðkvæmstu og verðmætustu plöntu sem er fánleg.“

Ástæðan fyrir því að við ákváðum að fara að rækta wasabi var sú að við vildum rækta eitthvað sem myndi borga sig að flytja út. Wasabi-plantan er svo krefjandi í ræktun og fágæt að hún hefur svo hátt markaðsverð að það er hægt að hagnast á því að flytja hana út í litlu magni,“ segir Óli. „Þetta er úrvals lúxusvara og höfum við stundum talað um hana sem grænu truffluna.“

Við höfum fengið mjög góðar viðtökur hér á landi og höfum líka farið með þetta wasabi utan til fremstu kokka í Bandaríkjunum og Bretlandi og fengið þvilíkt góðar viðtökur,“ segir Óli. „Það er ótrúlega gaman að vinna í svona nýsköpunarstarfsemi þar

**” Nordic Wasabi verður kynnt hjá Fiskmarkaðnum alla Nýsköpunarvikuna. Það verður mikið smakk í boði og mikil stemning og svo í kjölfarið verður þetta alltaf á boðstólum hjá Fiskmarkaðnum.**

Óli Hall

sem er verið að gera eitthvað nýtt og öðruvísi og nýta sjálfbæru orkuna og heita og kalda vatnið í þessa matvælaræktun. Það hefur ekki tekist almennilega að rækta wasabi neins staðar í Evrópu nema á einum stað á Bretlandi.“

## Veisla á skrifstofunni

„Þetta er fyrsta árið sem Matarboðið kemur inn í veitingageirann og það er gaman að fá eitthvað aðeins öðruvísi inn í veitingastaðaflöruna á Íslandi,“ segir Óli. „Það verður gaman að fylgjast með þróuninni, hvort þetta stækki og fleiri veitingastaðir verði til í að vinna með íslenskum smáframleiðendum á næsta ári, en þetta ýtir undir nýsköpun í matvælabransanum.“

Nýsköpunarvikan er líka ofboðslega flott framtak og það er gaman að vera hluti af henni. Við verðum líka með okkar eigin viðburð á skrifstofunni okkar á Skólavörðustíg 40 þar sem boðið verður upp á wasabi mule og wasabi bruggaðan bjór,“ segir Óli. „Siggi Laufdal og Siggi Hall verða með smakk og það verður smá húllumhæ, enda eru allir farnir að sakna þess að fara í veislu. Þetta er auglýst á Facebook hjá okkur og á vef Nýsköpunarvikuna.“ ■

# Verndun hugverka lykilatriði í nýsköpun

Hugverkastofan tekur þátt í Nýsköpunarvikunni með viðburði undir heitinu „Hugverk og nýsköpun“. Verndun og meðvituð hagnýting hugverka er mikilvægur hluti af því að ná árangri í nýsköpun í samstarfi við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

„Við höfum fengið nokkra aðila úr nýsköpunarumhverfinu á Íslandi til liðs við okkur í Nýsköpunarvikunni til að varpa ljósi á hvernig árangur í nýsköpun getur verið undir hugverkum og hugverkaréttindum kominn. Hugverk eru oft mikilvægustu verðmæti fyrirtækja sem skapa grundvöll fyrir fjárfestingu og samstarfi á sviði rannsókna og þróunar,“ segir Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Hugverkastofunnar.

Auk þess að veita einkaleyfum, vörumerkjum og hönnun vernd hér á landi gegnir stofnunin mikilvægu hlutverki í að auka vitund og þekkingu á hugverkaréttindum. Hugverkastofan fagnar 30 ára afmæli á árinu en stofnunin hefur tekið miklum breytingum frá því að hún tók fyrst til starfa árið 1991

sem Einkaleyfastofan. Ástæðan er ekki síst aukið mikilvægi hugverkaverndar í iðnaði hér á landi og erlendis. „Við höfum séð gríðarlega aukningu í fjölda hugverkaskráninga síðustu ár á heimsvísu og við höfum þróast heilmikið í takt við auknar og breyttar þarfir fyrirtækja hér á landi,“ segir Borghildur.

Hún segist hafa orðið vör við aukna vitund um hugverkaréttindi meðal íslenskra fyrirtækja síðustu ár. „Við eigum mörg frábær fyrirtæki hér á landi sem hafa virkilega sýnt hvernig hægt er að ná árangri með nýsköpun og má sjá fjölmörg dæmi þess í íslensku atvinnulífi hvernig skapa má verðmæti og störf með því að setja nýsköpun og vernd hugverka á oddinn. Það er öllum til hagsbóta að sjá fleiri fyrirtæki fylgja þeirra fordæmi.“

Nýlegar rannsóknir hafa sýnt að þau fyrirtæki sem huga að þessum málum frá upphafi skapi meiri verðmæti, greiði hærri laun og séu líklegri til að ná hraðari vexti. „Það má segja að markmiðið með þessum viðburði sé að vekja athygli á því hvernig hugverkadrifin fyrirtæki hafa náð árangri



Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Hugverkastofu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**» Farið verður yfir það hvernig hægt er að nota hugverkaréttindi til þess að ná árangri í nýsköpun.**

hér á landi og hvaða lærdóm við getum dregið af þeirra reynslu til að miðla til næstu stóru nýsköpunarfyrirtækja hér á landi,“ segir Borghildur.

Mikilvægur hluti af því að styðja við íslenska nýsköpun er að veita fræðslu og ráðgjöf til frumkvöðla og annarra aðila sem eru að taka sín fyrstu skref í nýsköpun. Því verður Hugverkastofan með „Hugverkastofan Pop-Up“ útibú í Grósku á Nýsköpunarvikunni þar sem hægt er að koma og fá hugverkaráðgjöf sér að kostnaðarlausu. „Þetta verður vonandi skemmtileg leið til að ná til aðila sem eru í nýsköpun og fyrir þá að fá ráðgjöf eða einfaldlega kíkja í létt spjall.“ ■

# Langhlaup með góðum sprettum

Í sögu hvers farsæls fyrir-tækis er að finna ákveðin tímamót sem marka skilin frá hugmynd til framþróunar. Í dag stendur Alvotech einmitt á þessum merku tímamótum.

Alvotech sérhæfir sig í líftækni-hliðstæðulyfjum og er í dag með sjö slík lyf í þróun. „Nú árum eftir að hugmyndin kviknaði hjá Róberti Wessman um að stofna fyrirtæki sem sérhæfði sig í líftækni-lyfjum erum við komin á þann stað að við erum búin að sækja um markaðsleyfi fyrir okkar fyrsta lyfi,“ segir Sesselja Ómarsdóttir, sviðsstjóri lyfjagrein-ingardeildar Alvotech. Um er að ræða lyf við sjálfsofnæmissjúkdómum, eins og til dæmis liðagigt sem hefur gjörbylt lífi einstaklinga sem fá slíka meðferð.

„Munurinn á líftækni-lyfjum og hefðbundnum smásameindalyfjum er sá að í síðarnefnda tilvikinu ertu með lyf sem er oftast efnasmíðað eða einangrað úr náttúrunni. Framleiðandi samheitalyfs getur séð nákvæmlega hvernig efnabyggingin er á slíku lyfi og því þróað sambærilegt lyf á talsvert styttri tíma en líftækni-hliðstæðulyf.

Líftækni-lyf eru hins vegar búin til í lífverum eins og örverum eða frumum. Alvotech þróa lyfin sín í spendýrafrumum í rækt og eru þær sérhæfðar til að framleiða ákveðin prótín sem síðan eru virka efnið í líftækni-lyfi. Þegar þú þróa stórsameindir eins og prótín í lífverum er ómögulegt að búa til samheitalyf sem er nákvæmlega eins og frumlyfið og því mjög mikilvægt að gera það eins líkt því og mögulegt er. Fyrsta skrefið í þróuninni er að þróa klón sem er best til þess fallið að framleiða líftækni-lyfjahliðstæðuna. Einnig þarf að þróa ræktunarkerfi til að setja framleiðslufrumuna í bestu næringu og umhverfi sem völ er á. Þá er prótínið einangrað frá blöndunni og hreinsað til að ná því á hreint form. Svo þarf að ganga úr skugga um að prótínið sé stöðugt við geymslu og síðasta skrefið í þróuninni er að gera rannsóknir í mönnum til að sýna fram á að líftækni-hliðstæðulyfið sé jafnvirkt og öruggt og frumlyfið. Eins og sjá má á þessu er þróunarferli líftækni-samheitalyfs töluvert flóknara en á hefðbundnum efnasmíðasamheitalyfjum,“ segir Sesselja.

Sesselja er lyfjafraeðingur með doktorsgráðu í lyfjafraeði. Samhliða störfum sínum hjá Alvotech er hún prófessor við lyfjafraeðideild Háskóla Íslands. Hún hefur gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu Alvotech og á stóran þátt í mótun rannsóknar- og þróunarstarfs fyrirtækisins. Einnig hefur hún víðtæka reynslu úr nýsköpunar- og rannsóknarumhverfinu.

## Gjörbylting fyrir alla

„Líftækni-lyf eru afar áhrifarík og hafa gefið góða raun meðal annars í krabbameinsmeðferðum og sjálfsofnæmissjúkdómum eins og gigt og sóríasís og fleira. Þau eru afar dýr enda er þróunin og framleiðslan flókið og dýrt ferli,“ segir Sesselja.

„Líftækni-lyf hafa gjörbylt meðferð á þessum sjúkdómum en vankantur þeirra er sá hversu lág prósentu þeirra sem þurfa á þeim að halda hafa aðgang að þeim, vegna þess hversu dýr þau eru. Lyfið sem notað er við sjálfsofnæmissjúkdómum sem Alvotech setur á markað á næstunni er lyf sem notað er við krónískum sjúkdómum, eins og til dæmis gigt, og getur fólk þurft að nota þau alla



Sesselja Ómarsdóttir, sviðsstjóri lyfjagrein-ingardeildar Alvotech, og Tanya Zharov, aðstoðarforstjóri Alvotech, segja frá sögu fyrirtækisins og nýju líftækni-hliðstæðulyfi sem kemur á markað á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Líftækni-hliðstæðulyf eru töluvert flóknari í framleiðslu en hefðbundin smásameindalyf og samheitalyf þeirra enda þarf að rækta upp virk prótín í lífverum eins og örverum eða frumum.

MYND/ADSEND

ævi. Kostnaðurinn við að kaupa frumlyfið hlupi á gifurlegum fjárhæðum og lokamarkmið Alvotech er að gera þessi lyf aðgengileg fyrir alla þá sem þurfa á þeim að halda,“ segir Tanya Zharov, aðstoðarforstjóri Alvotech, sem hóf störf fyrir um það bil einu ári.

Tanya er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og hefur víðtæka reynslu úr nýsköpunarfyrirtækjum bæði sem stjórnandi og stjórnarmaður. Meðal annars frá Íslenskri erfðagreiningu þar sem hún var meðal annars aðstoðarforstjóri, sem einn úr stofnendateymi Auðar Capital og fyrrverandi stjórnarformaður Carbon Recycling og Orf líftækni.

## Líftækni-lyf ný söluhæstu lyf heims

Alvotech er eitt af áhugaverðustu nýsköpunarfyrirtækjum landsins og býr að þekkingu og reynslu sem hófst fyrir tuttugu árum í samheitalyfjageiranum. Róbert Wessman var forstjóri Actavis á sínum tíma og stofnaði síðan samheitalyfjafyrirtækið Alvogen árið 2009. „Það var hjá Alvogen sem hugmyndin að Alvotech varð til þegar Róbert Wessman sá fram á það árið 2012 að líftækni-lyfjaiðnaðurinn, sem var þá frekar ungar geiri, myndi stækka ört og að innan örfárra ára yrðu söluhæstu lyf heims að mestu leyti líftækni-lyf. Þar af leiðandi myndi líftækni-hliðstæðulyfjaiðnaðurinn vaxa ört samhliða. Þetta var hugmyndin að baki því að Alvotech var stofnað árið 2013. Þetta hefur ræst, en af 15

söluhæstu lyfjum í heimi í dag eru 10 þeirra líftækni-lyf,“ segir Tanya.

## Margir sigrar að baki

Það var hvorki sjálfgefið né auðvelt, í miðjum gjaldeyrishöftum árið 2013, að taka ákvörðun um að byggja Alvotech upp á Íslandi en þrátt fyrir alls kyns áskoranir, á fyrirtækið marga stóra sigra að baki. „Nýjasti sigurinn okkar er að fyrsta lyfið er nú væntanlegt á markað frá fyrirtækinu á næstunni. Um er að ræða sjálfsofnæmissjúkdómalyf sem hefur gefið góða raun hjá til dæmis gigtveiku fólki. Frumlyfið, sem heitir Humira®, virka efnið Adalimumab, er söluhæsta lyf í heimi og seldist í fyrra fyrir um 20 milljarða dollara á heimsvísu. Nýja lyfið frá Alvotech er marksækið líftækni-lyf sem virkar á þann hátt að það hamlar ákveðnum frumubodum sem hafa með bólgusvar að gera í líkamanum,“ segir Sesselja.

„Bygging hátækni-seturs Alvotech í Vatnsmýrinni var stór áfangi og að fá GMP-lyfjaframleiðsluleyfi var mikill sigur en ótrúleg vinna var lögð í að koma því í gegn. Það er dæmi um mikla þrautseigju að þessi ár sem Alvotech hefur verið starfandi og fjárfestingin í fyrirtækinu hefur verið um 100 milljarðar íslenskra króna,“ segir Sesselja.

„Hugrekki, þor og skýr sýn er stór hluti af því að svona starfsemi geti orðið að veruleika. Hugmyndin kemur fyrst en það skiptir máli hver fær hugmyndina, hvað er gert við hana og hvernig gengur



Lokamarkmið Alvotech er að gera líftækni-lyf aðgengileg fyrir alla sem þurfa á þeim að halda enda hefur verið sýnt fram á mikla virkni þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

af fjármagna hana. Þetta ævintýri hefur verið langhlaup með góðum sprettum inni á milli en ég hef stundum sagt til gamans að vanmetinn þáttur í að búa til fyrirtæki sé heppnin. Það er að segja að vera á réttum stað á réttum tíma að gera rétta hluti. Stundum kemur heppnin fljótt og stundum hægt, og stundum alls ekki,“ segir Tanya.

„Stóru sigrarnir eru einnig að hafa gert samstarfssamninga við stór samstarfsfyrirtæki um markaðssetningu, dreifingu og sölu á lyfjunum sem Alvotech þróa og framleiðir. „Eitt þeirra er Teva sem er stærsta samheitalyfjafyrirtæki í heimi og mun sjá um sölu á stærsta lyfjamarkaði heimsins, það er Bandaríkjunum,“ segir Tanya. „Kosturinn við slíkt samkomulag er að við getum þá einbeitt okkur að því að gera vel það sem við gerum, sem er að þróa og framleiða lyfin. Einnig er kostur að Alvotech er með mjög skýran fókus. Við erum bara að einblína á þennan afmarkaða geira innan lyfjaiðnaðarins, að þróa og framleiða líftækni-hliðstæðulyf og ekkert annað, og stefnum á að vera leiðandi á heimsvísu á því sviði,“ bætir Sesselja við.

## Gjöfult samstarf við háskólasamfélagið

Yfir 57 prósent af starfsfólki Alvotech eru útskrifuð með meistara- eða doktorsgráðu. „Hér starfar fólk í alþjóðlegu og þverfaglegu umhverfi og meðal sérfræðinga hjá okkur eru allt í senn líffræðingar, líftæknafræðingar, verkfræðingar, lyfja-

fræðingar, viðskiptafræðingar, lögfræðingar, efnafraeðingar og margt fleira,“ segir Tanya.

Alvotech býr að afar mikilvægu samstarfi við Háskóla Íslands og stofnanirnar í kring. „Þetta samstarf hefur til dæmis helgast af því að koma upp sameiginlegri námslínu innan háskólans svo að fleiri nemendur útskrifist með nauðsynlega menntun fyrir uppbyggingu líftækni-lyfjaiðnaðarins hér á landi. Við erum að þróa framtíðar-fólk í okkar teymi en samstarfið gerir líka nemendum kleift að fara eigin leiðir eftir nám og stofna eigin sprotafyrirtæki. Hjá okkur fá þau þá dýrmætt tækifæri til þess að spreyta sig innan geirans,“ segir Sesselja. Tanya segir að það verði mikið gæfuspor fyrir samstarfið þegar hátækni-setrið í Vatnsmýrinni verður stækkað, en hluti af húsnaðinu fer undir rannsóknir í þróunardeildinni. „Einnig mun Háskóli Íslands vera með rannsóknarstofur og skrifstofur þar fyrir líftækni og skyldar greinar og þetta mun auka samstarf á milli stofnananna enn frekar.

Alvotech er alþjóðlegur vinnustaður og af þeim rúmlega 400 starfsmönnum sem starfa hér á landi í hátækni-setrinu í Vatnsmýrinni eru 140 frá 45 löndum. Ég segi stundum að 2+2 séu ekki fjórir, heldur geti verið fimm, því samstarf á milli ólíkra sérfræðinga með reynslu og þekkingu frá mismunandi þjóðum og menningarheimum gefur svo miklu meira af sér en einföld summa segir til um,“ segir Tanya. ■

# Forrituðu viðburðalausn sem sló í gegn

Síðastliðið haust fengu Berglind Ómarsdóttir og Kristján Patrekur Þorsteinsson, hugbúnaðarsérfræðingar hjá Advania, það verkefni að skrifa lausn fyrir Haustráðstefnu Advania.

Krafan var gagnvirk lausn sem myndi fanga upplifun þátttakenda, því næst að vera á staðnum. Verkefnið vatt upp á sig og fór í raun langt fram úr væntingum en afraksturinn varð nýjasta vara veflausna Advania, kynningar- og ráðstefnulausnir. Í dag hafa tugir fyrirtækja og stofnana nýtt sér lausnina til að halda stafræna viðburði.

„Það var virkilega gaman að fá tækifæri til að leysa þetta vandamál sem við stóðum fyrir, að ekki væri hægt að halda ráðstefnur í raunheiminum lengur vegna samkomutakmarkana. Við fengum frjálsar hendur og nálgudumst verkefnið þannig að við fórum í hönnunarsprett og fengum okkar færustu sérfræðinga með okkur í lið er varðar hugmyndavinnu: hönnuði, markaðsfólk og aðra hugbúnaðarsérfræðinga innan Advania. Eftir marga snúninga og þælingar höfum við þróað frá-bæra lausn sem hefur gert hinum ýmsu aðilum kleift að halda alls konar viðburði og ráðstefnur. Hjá Advania erum við hvött til að koma með frumlegar og skapandi lausnir, það er mikið traust borið til okkar og það er fátt skemmtilegra en að fá að taka þátt í nýsköpunarverkefnum,“ segir Berglind Ómarsdóttir, hugbúnaðarsérfræðingur hjá Advania.

„Það var nokkuð ljóst hvaða



Berglind Ómarsdóttir og Kristján Patrekur Þorsteinsson hugbúnaðarsérfræðingar og Erla Harðardóttir vörustjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

tækni okkur langaði að nota til að smíða lausnina – nýjustu tæknina. Hún var smíðuð í Gatsby til að byrja með, með NodeJS bakenda og Headless CMS kerfi sem einnig er smíðað af veflausnum Advania og er hluti af nýja vefumsjónarkerfinu okkar. Við endurskrifuðum svo alla lausnina í NextJS til að geta aukið hraðann með því að hafa vefsíðurnar „static“ og geta sýnt allar breytingar sem gerðar

eru í CMS kerfinu samstundis. Með hverju verkefninu verður lausnin því notendavænni. Verkefnið hefur kennt mér svo mikið og ég kem út úr því sem reyndari og færari forritari. Ég hef endurhugað hvernig ég vinn önnur verkefni í kjölfarið og er mjög þakklátur fyrir að hafa fengið þetta tækifæri,“ segir Kristján Patrekur, hugbúnaðarsérfræðingur hjá veflausnum Advania.

## Framtíðin í viðburðahaldi

„Stafrænar ráðstefnur eru komnar til að vera með einum eða öðrum hætti. Ég tel að framtíðin í ráðstefnuhaldi verði blandaðar ráðstefnur, þar sem þátttakendur eiga kost á að mæta á staðinn til að efla tengslanetið en geti svo horft á viðburðinn eftir á, þegar þeim hentar. Stafrænir viðburðir hafa ákveðin þægindi sem henta nútíma neytendum oft og tíðum

Ég tel að framtíðin í ráðstefnuhaldi verði blandaðar ráðstefnur, þar sem þátttakendur eiga kost á að mæta á staðinn til að efla tengslanetið en geti svo horft á viðburðinn eftir á, þegar þeim hentar.

Erla Harðardóttir, vörustjóri ráðstefnulausna Advania.

vel. Það að þurfa ekki að fljúga inn fyrirlesurum eða takmarka stærð ráðstefnu við húsnæði fær mann til að nálgast ráðstefnur á allt annan hátt. Það er margt spennandi framundan hjá teyminu og nýsköpuninni er engan veginn lokið, við horfum spennt fram á veginn og hlökkum til komandi verkefna,“ segir Erla Harðardóttir, vörustjóri ráðstefnulausna Advania.

Hjá veflausnum Advania starfa 40 hugbúnaðarsérfræðingar sem sérhæfa sig í smíðum á ýmsum veflausnum, greiningum, öppum, hönnun (UX/UI) og nú ráðstefnulausnum.

Ráðstefnulausnir Advania henta fyrir allar gerðir af viðburðum, ráðstefnur, aðalfundi, starfsmannafundi, ársfundi og fleira. Haldnir hafa verið viðburðir fyrir NOVA, Ungar athafnakonur, Stafrænt Ísland, forsætisráðuneytið, World Geothermal Congress og fleiri. ■

## Hvernig má nýta metan?

Hverjar eru helstu áskoranir og tækifæri í nýtingu metans? Mannvit er þátttakandi í Nýsköpunarvikunni og Sigurður Páll Steindórsson, vélaverkfræðingur fjallar um nýtingarmöguleika metans og áhugaverð metan verkefni hjá SORPU, Te & Kaffi og Malbikstöðinni í beinu streymi, fimmtudaginn 27.maí kl. 8:30-9:00. Streymi má finna á [www.nyskopunarvikan.is/dagskra](http://www.nyskopunarvikan.is/dagskra) og Facebook Mannvits.

Við leggjum mikla áherslu á nýsköpun og þróun í ráðgjöf sem við veitum. Með viðtæka reynslu og áratuga þekkingu leggjum við lóð okkar á vogarskálarnar til þess að gera hugmynd að veruleika.



MANNVIT

segir hann.

### Hvernig meturðu næstu ár í rekstri Húsasmiðjunnar?

„Ég er nokkuð bjartsýnn á þetta ár. Það fer frábærlega af stað og ég býst við góðu sumri. Það er meiri óvissa um hvernig haustið verður. Sérstaklega ef stýrivextir munu hækka frekar mun það draga úr eftirspurn hjá okkur.“

Ad því sögðu er þörf á að sinna auknu viðhaldi á fasteignum. Fólk og fyrirtæki hafa verið að spara þar við sig á undanförunum árum. Algengt er að fasteignir séu stærsta eign heimilanna og það þarf að halda þeim við til að þær haldi verðgildi sínu. Ad sama skapi er þörf á að byggja meira af húsnæði.“

Húsasmiðjan er í eigu Bygma, danskrar byggingarvöruverslanakeyju með 2.400 starfsmenn. Samstæðan velti jafnvirði 190 milljarða króna árið 2020. Húsasmiðjan státaði því af um ellefu prósentum af veltu samstæðunnar í fyrra. Um er að ræða tæplega 70 ára gamalt fjölskyldufyrirtæki sem stýrt er af Peter H. Christiansen, syni stofnandans.

„Bygma hefur vaxið nokkuð hratt síðustu ár bæði með innri vexti og með kaupum á smærri byggingarvöruverslunum. Samstæðan rekur um 60 verslanir í Danmörku, festi kaup á verslunum í Svíþjóð og þar er reksturinn nú svipaður að umfangi og Húsasmiðjan og hefur einnig keypt byggingarvöruverslanir í Færeyjum og Grænlandi,“ segir Árni.

### Hver hefur veltuaukning Húsasmiðjunnar verið frá því að Bygma keypti fyrirtækið?

„Bygma keypti Húsasmiðjuna við lok árs 2011. Veltan var þá um tólf milljarðar en hún var rúmlega 20 milljarðar í fyrra. Það er ágætur vöxtur en hafa ber í huga að það hefur verið nokkur verðbólga á þessu tímabili. Húsasmiðjan var rekin með tapi á árunum fyrir og við kaupin en frá árinu 2014 hefur fyrirtækið skilað hagnaði,“ segir Árni, sem tók við forstjórnarstarfinu vorið 2013.

Leiðrétt fyrir verðbólgu væru tólf milljarðar króna við árslok 2011 andvirði 15 milljarða króna við árslok 2020. Raunvöxturinn er því um fimm milljarðar króna frá árslokum 2011 til ársins 2020, eða 33 prósent. Það gerir um fjögurra prósentu vöxt að meðaltali á ári.

„Við höfum lagt áherslu á öflugan markaðssetningu, stöðuga framþróun í vöruvali og góða þjónustu. Það er lykillinn að því að öðlast trygga viðskiptavinum. Við höfum sömuleiðis notið góðs af auknum byggingarframkvæmdum í landinu á tímabilinu,“ segir Árni.

Hann segir að við kaup Bygma hafi hagræðingartækifæri falist í því að auka veltu á hvern starfsmann. „Húsasmiðjan rekur stórar verslanir. Við höfum sömuleiðis hagrætt þegar kemur að fermetrafjöldi þar sem það hefur átt við.“

### Hvernig hefur Húsasmiðjan mætt vaxandi launakostnaði?

„Við höfum átt því láni að fagna að tekjur hafa farið vaxandi, eins og fram hefur komið. Við höfum náð góðum árangri við að bæta vinnuferla og auka veltu á hvern starfsmann. Það hefur aukið hagræði í rekstri.“

Ekki er þó hægt að draga fjöður yfir það að launahækkanir síðustu ára hafa verið óraunhæfar sé litið til framleiðniaukningar í hagkerfinu til lengri tíma. Ljóst er að það mun reyna á mörg fyrirtæki þegar hægir á umsvifum. Kjarasamningsbundnar launahækkanir sem auka launakostnað upp á tíu til ellefu prósent á milli ára eru ekki raunhæfar. Slíkar hækkanir eru ekki í neinum takti við það sem gerist í nágrannalöndum okkar, eins og við hjá Húsasmiðjunni sjáum þegar litið er til systurfyrirtækja okkar.“

### Stjórnendur Bygma hafa væntanlega ekki hugsað út í þann þátt við kaupin á Húsasmiðjunni?

„Eigendur hafa hváð við á stjórnarfundum þegar þeir hafa fengið fréttir af almennum kjarasam-



LJÓSMYND/IDUNN JÓNASDÓTTIR

### Árni er með hjóladellu og á átta reiðhjól

Árni, sem á átta reiðhjól – götuhjól, malarhjól, tímátökuhjól og fjallahjól – tók þátt í átakinu Hjólað í vinnuna eins og rúmlega 40 aðrir starfsmenn Húsasmiðjunnar. „Ég er með hjóladellu,“ segir hann. Samanlagt hjóluðu starfsmenn Húsasmiðjunnar um sex þúsund kílómetra til og frá vinnu á þremur vikum.

Árni, sem býr ásamt tveimur sonum sínum í Kópavogi, hjólar reglulega á skrifstofuna í Kjalavogi. „Ég lagði bílnum eins og ég hafði tók á meðan á átakinu stóð. Það tekur um 20 mínútur að hjóla í vinnuna en oft lengjum við samstarfsfólkið leiðina til að nýta tækifærið og ná meiri æfingu enda hjólaði ég rúma 300 kílómetra tengt átakinu,“ segir hann. ■



## Eigendur hafa hváð við á stjórnarfundum þegar þeir hafa fengið fréttir af almennum kjarasamningum í gegnum árin. Þetta er eitt af því sem þeir hafa játað að hafi komið verulega á óvart við kaupin á Húsasmiðjunni enda ríkir óneitanlega almennt meiri stöðugleiki í hinum löndunum sem þeir eru með rekstur í.

ingum í gegnum árin. Þetta er eitt af því sem þeir hafa játað að hafi komið verulega á óvart við kaupin á Húsasmiðjunni enda ríkir óneitanlega almennt meiri stöðugleiki í hinum löndunum sem þeir eru með rekstur í.“

### Kom Bygma með nýjar áherslur í rekstri Húsasmiðjunnar?

„Bygma hefur verið sérhæft í sölu til fagaðila. Um 90 prósent teknanna má rekja til fagmanna og 10 prósent til einstaklinga. Hlutfallið er um 60/40 hjá okkur og á sumrin verður það nokkuð jafnt. Í takt við áherslur Bygma opnaði Húsasmiðjan sérstaka fagmannaverslun árið 2017 í Kjalavogi og hefur sú verslun vaxið á hverju ári síðan. Samhlíða breyttu eignarhaldi höfum við lagt enn meiri áherslu á gæðavörur og gæðabyggingarefni og dregið úr vægi sumra Asíuvara og vara þar sem gæði eru óneitanlega lakari.“

Hjá Bygma-samstæðunni er jafnframt mikið lagt upp úr frábærum starfsanda og góðri andlegri og líkamlegri heilsu starfsfólks. Ýmislegt er jafnframt gert aukalaga fyrir starfsfólk. Sem dæmi ákváðu eigendurnir síðasta sumar að greiða 35 milljónir í eingreiðslu sem deildist jafnt til okkar frábæru starfsmanna á Íslandi vegna álags vegna Covid-19. Eftir frábært rekstrarár í fyrra var síðan ákveðið að bjóða öllum föstum starfsmönnum til Danmerkur í júní á næsta ári. Nauðsynlegt var að bíða með ferðina um eitt ár vegna farsóttarinnar og verður því farið út næsta vor.“

Eru verslanir samstæðunnar yfirleitt reknar undir merkjum Bygma eða halda hinar keyptu verslanir sínum gömlu nöfnum eins og Húsasmiðjan?

er til skipulagningar og utanumhalds í fyrstu en til lengri tíma þarf kostnaðurinn ekki að vera meiri.“

### Þannig að hráefniskostnaðurinn er ekki endilega hærrí?

„Í mörgum tilfellum ekki.“

### Nú hefur timburverð hækkað mikið að undanförunu. Hvernig hefur það endurspeglast í ykkar rekstri?

„Timburverð hefur hækkað skarpt síðastliðið hálf ár eins og á ýmsum öðrum hrávörum. Við eigum hverju sinni mikið af birgðum. Lengi vel gátum við boðið viðskiptavinum timbur á gamla verðinu, og þeir nutu þess, en það hefur gengið hratt á þann lager. Ad undanförunu hafa komið sendingar sem keyptar voru á mun hærra verði. Við höfum því þurft að hækka verð síðustu vikur og mánuði.“

### Hvað erum við að tala um miklar hækkanir?

„Í mörgum tilvikum hefur kostnaðarverð hækkað um 30-60 prósent á nokkrum mánuðum. Við erum enn að fá tilkynningar um verðhækkanir, fyrir faeinum dögum var upplýst um 35 prósentu flata hækkanir á ákveðnum vöruflokkum frá einum stærsta framleiðanda Evrópu.“

### Hvers vegna er timbur að hækka í verði?

„Covid-19 gerði það að verkum að framleiðslugetan minnkaði á tímabili. Erfitt var að senda skógarhöggsmenn til vinnu og ýmsar verksmiðjur og myllur stoppuðu tímabundið í fyrra. Á sama tíma jókst eftirspurn eftir fasteignum í Bandaríkjunum. Vandræði voru með framboð á timbri frá Kanada sem alla jafna selur mikið til Bandaríkjanna og evrópskir framleiðendur hófu að selja þangað í auknum mæli enda hátt verð í boði. Við það hækka-

aði verðið alþjóðlega. Síðan hefur aukin eftirspurn vegna aukinna framkvæmda svo sem pallasmíði og hreiðurgerðar í Covid áhrif á markaðinn.“

Almennt hafa einstaklingar verið í miklum framkvæmdum en við vonumst til þess, eftir því sem fleiri í heiminum verða bólusettir, að markaðurinn taki að jafna sig og eftirspurnin verði í takt við framboðið.“

### Hafið þið glímt við frekari verðhækkanir að utan?

„Flutningsverð hefur hækkað mikið. Frá ákveðnum stöðum í Asíu hefur það til dæmis allt að þrefaldast. Það hefur óneitanlega áhrif á kostnaðarverð vara.“


### Kaupið þið mikið frá Asíu?

„Við kaupum mikið af árstíðabundinni vöru þaðan, eins og gasgrill, garðhúsgögn, trampólín og potta.“

Það hafa líka verið miklar truflanir á innanlandsflutningi frá löndum sem Covid-19 hefur leikið grátt, eins og Frakklandi, Spáni, Ítalíu og Bandaríkjunum, og því hafa vöruflutningar truflast og kostnaður hækkað tímabundið, í sumum tilvikum um tugi prósentu.“

### Er flutningskostnaður stór hluti af vöruverði ykkar?

„Árlegur flutningskostnaður Húsasmiðjunnar er á annan milljarð þegar við teljum forflutning, sjóflutninga og innanlandsdreifingu saman. Hve mikil áhrif flutningskostnaður hefur á vöruverð fer eftir vörum. Í dýrari vörum er flutningskostnaður ekki nema fimm til tíu prósent en af ódýrari og rúmfrekri vöru getur hann auðveldlega verið 20 til 30 prósent af verðinu á vöru kominni til viðskiptavinar úti á landi sem dæmi.“ ■



## Kaup, sala og samruni fyrirtækja.

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferð
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð



kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

## Skotsilfur



### Fékk ekkert



**Harpa Jónsdóttir**

framkvæmdastjóri LSR.

Góð þátttaka var hjá lífeyrissjóðum í útboði Sildarvinnslunnar – aðeins Birta og Lífsverk tóku ekki þátt – en helmingur þeirra sat engu að síður eftir með sárt ennið og þurfti að sæta talsverðum skerðingum á tilboðum sínum eða fékk ekkert úthlutað. Í þeim hópi var LSR sem skilaði inn tilboði undir 60 krónum á hlut, og fékk því engin bréf í félaginu, en það reyndist útboðsgengi í tilfelli fagfjársfesta. Þótt hlutabréf Sildarvinnslunnar verði ekki tekin til viðskipta í Kauphöllinni fyrr en á morgun, fimmtudag, hafa verið viðskipti með bréf í félaginu eftir að útboðinu lauk fyrir tveimur vikum og hefur gengið í sumum tilfellum verið 64 krónur á hlut. ■

### Hrönn ný inn



**Hrönn Sveinsdóttir**

stjórnarformaður Kviku eignastýringar.

Gerð hefur verið breyting á stjórn Kviku eignastýringar en Guðlaug Kristinsdóttir, forstjóri Stekks fjárfestingafélags, sem hefur setið í stjórn félagsins og forvera þess um árabíl, nú síðast sem stjórnarformaður, hefur sagt sig úr stjórninni. Í hennar stað kom Hrönn Sveinsdóttir, sem er með-eigandi Smart Finance og var um langt skeið framkvæmdastjóri hjá Sýn, og hefur hún jafnframt verið kjörin stjórnarformaður en Hrönn sat áður í stjórn Kviku banka 2017 til 2021. Fyrir í stjórn Kviku eignastýringar, sem var með eignir í stýringu upp á 360 milljarða í árslok 2020, eru Óttar Már Ingvason og Andri Vilhjálmur Sigurðsson. ■

### Hart deilt



**Birgir Jónsson**

forstjóri Play.

Play hefur fengið óblíðar viðtökur hjá forystu ASÍ. Drífa Snædal, forseti ASÍ, dró ekkert undan í ásökunum sínum þegar hún og Birgir Jónsson, forstjóri Play, tókust á í útvarpsþættinum Sprengisandi og skipti þá engu að búið sé að sýna fram á að forsendur að baki útreikningum ASÍ um meint undirboð launa standist enga skoðun. Vandí Play er að samtali við ASÍ mun tæplega skila neinu, fólkid þar á bæ veigrar sér ekki við því að snúa út úr og valda fyrirtækinu sem mestum skaða, en á sama tíma horfir flugfélagid til skráningar á markað í næsta mánuði þar sem ætlunin er að selja meiri fjármuni frá fjárfestum í því skyni að breikka hluthafahópin. Hætt er við því að hinar harðvítugu deilur við ASÍ kunni að fæla suma fjárfesta frá því að koma að félaginu eins og sakir standa. ■

## Mótmæli í Þýskalandi vegna úrskurðar stjórnlagadómstóls um leiguverð



Stjórnlagadómstóll í Þýskalandi úrskurðaði nýlega að reglur Berlínarborgar um þak á leiguverði stæðust ekki stjórnarskrá landsins, en borgin bannaði hækkanir á leiguverði til fimm ára í ársbyrjun. Meðal þeirra sem kærðu reglurnar til dómstólsins voru stjórnmalamenn og ýmis fyrirtæki, þar á meðal leigufélagid Deutsche Wohnen. Mótmæli brutust út í Berlín vegna alls þessa um helgina, þar sem meðal annars var kallað eftir þjóðnýtingu Deutsche Wohnen. FRÉTTABLAÐID/GETTY

## Nýjar leiðir opnast út í heim



**Pétur Þ. Óskarsson**  
framkvæmdastjóri Íslandsstofu.

Íslandsstofa og Business Sweden, systurfyrirtæki Íslandsstofu, hafa gert með sér samkomulag sem tryggir íslenskum fyrirtækjum aðgang að alþjóðlegu neti viðskiptafullþrúa Business Sweden. Samkomulagid opnar íslenskum fyrirtækjum fjölmargar dyr út í heim. Ekki bara stórum fyrirtækjum, heldur líka litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

### Fjölbreytt þjónusta

Viðskiptafullþrúar utanríkisþjónustunnar hafa til þessa veitt íslenskum fyrirtækjum margháttada þjónustu og greitt götu þeirra í útlöndum en þeir eru til staðar á tólf erlendum mörkuðum. Nú bætist verulega við þann hóp en alls eru 450 starfsmenn á vegum Business Sweden í 42 löndum um allan heim. Hlutverk þeirra er að styðja við framgang sænskra fyrirtækja erlendis með ýmiss konar þjónustu á markaði. Með samkomulaginu er íslenskum fyrirtækjum nú gert kleift að nýta sér tiltekna þjónustu Business Sweden eins og um sænsk fyrirtæki væri að ræða.

Íslenska utanríkisþjónustan er kná, en hún er vissulega smá og mun aldrei geta boðið upp á það net landa sem við nú fáum aðgang að. Þetta þýðir að íslenskt fyrirtæki sem hefur áhuga á að hasla sér völl á erlendum markaði er nú komið með aðgang að þjónustuaðila sem getur unnið með fyrirtækinu á viðkomandi markaði. Þjónustan sem er í boði er víðtæk; að finna samstarfsaðila, stofna dótturfélag, bjóða starfsaðstöðu á skrifstofu Business Sweden, aðstoð við skattamál og ráðningu starfsfólks og svo mætti lengi telja.

### Mikilvægt samstarf

Íslandsstofa hefur það hlutverk að markaðssetja Ísland á erlendri grundu. Meginverkefnið er að miðla áhrifaríkum sögum sem skapa traust á landi og þjóð. Að greiða fólki og fyrirtækjum leið út í heim og auka eftirspurn eftir íslenskum vörum og þjónustu. Hvort sem er um að ræða íslenskar sjávarafurdir, listig og



menningu, ál eða hátækni svo eitt-hvað sé nefnt.

Business Sweden er systurstofa Íslandsstofu í Svíþjóð og er ánægjulegt að geta nú fært út kviarnar. Báðir aðilar vænta mikils af samstarfinu og verðmætt er að styrkja bæði samstarf Norðurlandanna og kynningarstarf útflutningsgreina á alþjóðlegum mörkuðum ásamt því að styrkja ímynd Norðurlandanna á heimsvísu. Sterk ímynd hjálpar bæði norrænum fyrirtækjum og gerir Norðurlöndin áhugaverðari valkost fyrir erlenda fjárfesta.

Auk þess að opna dyr fyrir íslensk fyrirtæki út í heim felst í samstarfinu að stofurnar munu vinna saman í markaðs- og kynningarmálum í sér-tækum verkefnum þar sem þau eiga sameiginlega hagsmuna að gæta. Sú aðstoð sem býðst getur stýtt leið inn á markaði og auðveldað fyrirtækjunum að koma fljótt undir sig fótunum í framandi umhverfi.

### Nýtt viðskiptalandslag

Nú þegar markaðir eru að opnast á ný standa fyrirtæki frammi fyrir

nýju og breyttu viðskiptalandslagi. Þetta eru kjöraðstæður til þess að hleypa af stokkunum samstarfi Íslandsstofu og Business Sweden til þess að styðja við fyrirtæki til að auka sölu á erlendum mörkuðum.

Samstarfið er þegar hafid og eru fyrstu íslensku fyrirtækin byrjuð að skoða þá möguleika sem í boði eru. Nú hækkar sól á lofti og það er tekið að birta til í efnahagslífinu. Ferðaðþjónustan hefur legið í hildi undanfarid ár en senn opnast himnarnir á ný og líf færast í þá innviði sem hefur verið fjárfest í á undanförunum árum.

Jákvæðar horfur eru meðal íslenskra vaxtarfyrirtækja sem hyggja á landvinninga á næstu mánuðum og verðmæt störf munu skapast. Á seinasta ári var mikill vöxtur í útflutningstekjum af hugverkaíðnaði. Þar er orðin til ný og mikilvæg stöð, dýrmætar gjalddeyr-istekjur sem munu skjóta styrkari stöðum undir samfélagid. Það þarf ekki að finna upp hjólið. Það hefur þegar verið fundið upp. Leggjum af stað og sækjum fram. ■

Þjónustan sem er í boði er víðtæk; að finna samstarfsaðila, stofna dótturfélag, bjóða starfsaðstöðu á skrifstofu Business Sweden, aðstoð við skattamál og ráðningu starfsfólks og svo mætti lengi telja.



# Hrávöruverð á á fleygiferð vegna undirfjárfestingar í nýrri framleiðslu



Þórður Gunnarsson  
thg  
@frettabladid.is

Verð á hrávörum hefur hækkað hratt frá því snemma á síðasta ári. Undirfjárfesting í vinnslu margra mikilvægra hrávara auk stóraukinnar eftirspurnar vegna orkuskipta mun styðja við hrávöruverð á næstu árum.

Verð á allflestum hrávörum hefur hækkað skarpt undanfarið ár. Gildi S&P GSCI-hrávöruvísitalunnar hefur meira en tvöfaldast frá lokum aprílmánaðar á síðasta ári. Að einhverju leyti má rekja mikla hækkun síðastliðinna 13 mánaða til leiðréttingar í kjölfar skarprar lækkunar í kjölfar dimmasta svartnættis heimsfaraldursins, en sérfræðingar ytra telja að stærri kraftar séu einnig að verki.

Margir þeirra hafa nýverið velt vöngum um að verð flestra hrávara sé á fyrstu stigum svokallaðrar ofursveiflu (e. super cycle), en slíkar verðsveiflur eiga sér stað yfir langt tímabil þar sem undirliggjandi forsendur hinnar stóru myndar framboðs og eftirspurnar hrávara riðlast þannig að áhrifa á markaðsverð getur gætt áratugum saman.

## Hráolía myndar grunninn

Grunnurinn að verði flestra hrávara er olíuverð. Frá því að verð hráolíu hrundi árið 2014 hefur stóraukin olíuframleiðsla Bandaríkjanna í bland við verðstríð Rússa og OPEC haldið olíuverði lægra en ella. Afleiðingin er sú að fjárfesting í nýrri olíuframleiðslu hefur verið lítil síðastliðinn áratug, en aukin áhersla á græna orkugjafa hefur líka sitt að segja þar.

Þrátt fyrir að hámarki olíueftirspurnar verði eflaust náð á næstu árum, áður en hún fer svo að dragast saman samfara aukinni notkun annarra orkugjafa, mun hún ekki hverfa eins og dögg fyrir sólu á einni nótt heldur dragast saman yfir tíma.

Undirfjárfesting í olíuframleiðslu á síðustu árum mun því hugsanlega framkalla einn lokarykk í olíuverði upp á við, áður en eftirspurnin fer að dragast saman vegna aukinnar notkunar rafmagns eða endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum.

Hærra olíuverð styður við verð langflestra hrávara, til að mynda vegna hærri flutnings- og vinnslukostnaðar.

En aukin eftirspurn eftir endurnýjanlegum orkugjöfum hefur líka sínar afleiðingar. Ekki búa öll lönd heimsins jafn vel og Ísland, þar sem

## S&P GSCI hrávöruvísitalan

Gildi vísitalunnar hefur meira en tvöfaldast á einu ári



S&P GSCI-hrávöruvísitalan hefur hækkað um 125 prósent síðastliðna 13 mánuði. Hún stýrist töluvert af verði olíu og annarra orkugjafa, en líka verði ýmissa málma (ál, kopar) og landbúnaðarafurða (hveiti, sojabanur, nautgripir).

## Fjórar ofursveiflur á hrávöruverði frá því á 19. öld

- 1) Upp úr 1880 hófu Bandaríkin vegferð sína að því að verða stærsta efnahagsveldi sögunnar. Mikil eftirspurn eftir nánast öllum hrávörum til uppbyggingar landsins ýtti verði þeirra upp um allan heim í marga áratugi.
- 2) Vígúnaðarkapphlaup stærstu ríkja heims á fjórða áratug síðustu aldar. Sterk eftirspurn hrávara á þeim tíma og allt fram yfir enduruppbygginguna eftir seinna stríð hélt verði hrávara yfir langtímameðaltölum á tímabilinu.
- 3) Olíukreppan á áttunda áratugnum ýtti olíuverði upp í hæstu hæðir, sem smitaði allan hrávörumarkaðinn þar sem allur kostnaður hækkaði.
- 4) Hröð uppbygging Kína sem hófst upp úr 1990 ýtti verði á olíu, kopar, stáli, áli og ýmsum landbúnaðarvörum upp í hæstu hæðir. Entist allt fram að fjármálakreppunni 2008.

aðgengi og framboð rafmagns er jafn mikið og gott. Til endurnýjanlegra orkugjafa teljast líka til að mynda lífdísill, sem oft er framleiddur úr repju og etanóli, sem er framleitt úr hveiti eða sykri. Auknar kröfur um hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í eldsneyti hafa því ýtt verði þessara landbúnaðarhrávara upp á við.

Stóraukin próteinframleiðsla í Kína er að sama skapi talin kalla á aukinn innflutning á fódri, sem leggst þá á sömu sveif.

## Orkuskiptin kosta sitt

Auk þess að kalla á stóraukna raforkuframleiðslu, kalla orkuskipti í samgöngum á aðföng. Kopar, nikkell og kóbalt eru allt málmtegundir sem skipta miklu við framleiðslu rafbíla. Forstjóri Glencore, eins stærsta hrávöruhúss heims (Glencore er meðal annars stór eigandi Century Aluminum, móðurfélags Norðuráls), sagði nýlega að



mikil sveifla væri fram undan í koparverði, að því er Financial Times greinir frá. Kopar hefur hækkað úr 7.000 dollurum fyrir tonnið í 10.000 dollara síðustu sex mánuði.

Jafnvel stærra mál í þessum efnunum er hins vegar fjárfestingaáætlun stjórnvalda í Bandaríkjunum sem snýr að því að uppfylla skilyrði Parísarsáttmálans. Sú áætlun hljóðar upp á um það bil 2.300 milljarða dollara fjárfestingu í raforkuinnviðum og umhverfissvænni s a m g ö n g u m (u m h v e r f i s v æ n n i m e d t i l l i t i t i l ú t b l á s t u r s). Hins vegar mun téð fjárfestingaáætlun kalla á mikið magn áls, stáls, kopars, semts og aðfanga. Allt mun það verka til mikilla verðhækkana, sem eru þegar hafnar. ■

## Spáir hægfara vaxtahækkunum

hordur@frettabladid.is

Þrátt fyrir að verðbólgan, sem mælist núna 4,6 prósent, hafi reynst þrálátari en spáð var eru langtíma verðbólguvæntingar enn í allgöðu samræmi við markmið Seðlabankans og auk þess bendir margt til að virkni peningastefnunnar sé orðin mun meiri en áður. Seðlabankinn þarf því síður að grípa til umfangsmikillar hækkunar til að slá á spennu í hagkerfinu og hafa áhrif á verðbólguhorfur til meðal-langs tíma.

Þetta kemur fram í nýrri þjóðhagsspá Íslandsbanka en þar er því spáð að stýrivextir, sem voru hækkaðir í liðinni viku úr 0,75 prósentum í 1 prósent, verði komnir í 1,25 prósent í árslok. Gert er ráð fyrir hægfara hækkunarferli og að vextirnir verði 3,25 prósent í árslok 2023. Styrking á gengi krónunnar, sem bankinn heldur að muni hækka um tíu prósent fram til ársins 2023, muni slá á verðbólgu og að hún verði komin í markmið Seðlabankans um mitt næsta ár.

# 11,3%

Bankinn spáir því að íbúðaverð muni hækka um 11,3 prósent á þessu ári.

